- 5.21 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.
- 5.22 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9 í Garðakaupstað til skólahalds.
- 5.23 Að hafa makaskipti á landsspildu er tilheyrir prestsetrinu Tröð í Gnúpverjahreppi og sambærilegu landi úr jörðinni Réttarholti í sama hreppi.
- 5.24 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.
- 5.25 Að selja hluta ríkissjóðs í fasteigninni Uppsálavegur 8, Húsavík.
- 6.1 Að taka lán til kaupa á 4. hæð húseignarinnar Laugavegur 105 og Hverfisgata 116 í Reykjavík.
- 6.2 Að taka lán til byggingar húsnæðis fyrir embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði.
- 6.3 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.
- 6.4 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.
- 6.5 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir varamenn sendiherra í sendiráðum Íslands. Endanleg ákvörðun verði tekin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.
- 6.6 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir borgardómaraembættið í Reykjavík.
- 6.7 Að taka lán allt að 1 m.kr. til endurbóta á húsnæði Námsgagnastofnunar að Laugavegi 166, enda verði húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10 í Reykjavík seldar, shr. lið 5.4.
- 6.8 Að taka lán allt að 10 m.kr. vegna flugstöðvar í Keflavík.

- 6.9 Að taka lán til kaupa á húseigninni Skeifunni 8, Reykjavík.
- 6.10 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álflheimum 72 (98 m² geymsluhúsnæði).
- 6.11 Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði.
- 7.1 Að ákveða að þegar starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu ríkisins, hættir störfum skuli ekki endurráðið í starf það er viðkomandi starfsmaður hefur gegnt.
- 7.2 Að láta fara fram hönnun skrifstofuhúsnæðis, verkstæðis og birgðastöðvar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í Reykjavík.
- 7.3 Að semja við Útvegsbanka Íslands, Akureyri og/eða verkalyðsfélagin á Akureyri um kaup eða byggingu á húsnæði fyrir skattstofu Norðurlandsmúðæmis eystra og embætti bæjarfógetans á Akureyri og taka lán í því sambandi.
- 7.4 Að semja við Akraneskaupstað um hönnun stjórnsýsluhúss á Akranesi.
- 7.5 Að gera í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis samning við Reykjavíkurborg um skuldir ríkissjóðs vegna framkvæmda í heilbrigðismálum.
- 7.6 Að fjármagna tímabundið byggingu Listasafns Íslands meðan verið er að selja erfðahlut safnsins úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurlíða Kristjánssonar.

7. gr.

Skattvísitala árið 1982 skal vera 150 stig miðað við 100 stig 1981.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Heildarútgjöld eftir tegundum útgjalda

A-hluti

		Frumvarp 1982
		þús. kr.
20	Laun	2 171 607
2	Önnur rekstrargjöld	498 584
4	Viðhald	232 961
27	Vextir	264 492
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	484 317
90	Yfirfærslur:	
91	Til fyrirtækja í B-hluta	2 820 461
92	Til sveitarfélaga	204 077
93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	808 377
94	Til einstaklinga og samtaka	316 672
	Gjöld samtals	7 801 548
0	Tekjur	153 339
	Mismunur	7 648 209

2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða

B-hluti

		Frumvarp 1982
		þús. kr.
20	Laun	758 143
2	Önnur rekstrargjöld	637 476
4	Viðhald	139 196
23	Hráefni og vörur til endursölu	941 378
27	Vextir	823 954
28	Afskriftir	295 359
90	Yfirfærslur	2 292 408
	Gjöld samtals	5 887 914
04	Seldar vörur og þjónusta	3 657 106
020	Vaxtatekjur	433 298
012	Framlög ríkissjóðs	2 820 461
019	Aðrar tekjur	368 103
	Tekjur alls	7 278 968
	Mismunur	1 391 054
	Fjármunahreyfingar:	
	Út:	
981	Afborgun lána	400 407
982	Veitt lán	1 087 197
983	Fjárfestingar	1 088 768
984	Annað	895 550

	Frumvarp 1982
Inn:	þús. kr.
991 Innheimtar afborganir	181 293
992 Tekin lán	1 548 150
993 Sala eigna	100
994 Afskriftir	295 359
995 Ráðstöfun eigin fjár	1 391 054
996 Annað	55 966

3. Samandregið yfirlit yfir rekstrargjöld, fjárfestingar og yfirfærslur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign eftir tegundum útgjalda

	Þús. kr.
Laun	2 929 750
Önnur rekstrargjöld	1 136 060
Viðhald	372 157
Hráefni og vörur til endursölu	941 378
Vextir	1 088 446
Gjaldfærður stofnkostnaður og fjárfestingar	1 573 085
Yfirfærslur: ¹⁾	
Til sveitarfélaga	31 197
— fyrirtækja og atvinnuvega	3 200
— einstaklinga og samtaka	2 178 750
Heildarútgjöld	10 254 023

4. Skipting ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli

	Þús. kr.	Þús. kr.
Kaup á vörum og þjónustu		3 651 962
Samneysla	3 167 645	
Fjárfestingar	484 317	
Tilfærslur		4 149 586
Neyslu- eða rekstrartilfærslur	3 440 165 ¹⁾	
Fjármagnstilfærslur	709 421	
Samtals		7 801 548

1) Að frátöldum yfirfærslum úr A-hluta til fyrirtækja í B-hluta 2 820 461 þús. kr. og yfirfærslum milli fyrirtækja 79 280 þús. kr.

2) Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands	488 000
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	160 000
Tilfærslur til almannatrygginga	2 071 000
Lánasjóður ísl. námsmanna	117 125
Verðjöfnunargjald af raforku	90 200
Ollustyrkur	30 000
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	505 841

Samtals 3 440 166

5. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir ráðuneytum og málefnaflokkum		%
Æðsta stjórn ríkisins		0,6
Forsætisráðuneyti		0,8
Yfirstjórn	0,1	
Annað	0,7	
Menntamálaráðuneyti		14,8
Yfirstjórn	0,1	
Fræðslumál	13,5	
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	1,2	
Utanríkisráðuneyti		1,0
Yfirstjórn	0,2	
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	0,2	
Sendiráð	0,3	
Alþjóðastofnanir	0,3	
Landbúnaðarráðuneyti		4,4
Yfirstjórn	0,1	
Búnaðarmál	4,1	
Skólar	0,2	
Sjávarútvegsráðuneyti		1,6
Yfirstjórn	0,1	
Útvegsmál	1,4	
Annað	0,1	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		4,2
Yfirstjórn	0,1	
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	3,7	
Þjóðkirkjan	0,4	
Félagsmálaráðuneyti		3,2
Yfirstjórn	0,1	
Húsnæðismál	2,1	
Önnur félagsmál	1,0	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		36,4
Yfirstjórn	0,1	
Tryggingamál	28,1	
Heilbrigðismál	8,1	
Annað	0,1	
Fjármálaráðuneyti		9,1
Yfirstjórn	0,2	
Toll- og skattheimta	0,9	
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	1,4	
Annað	6,6	
Samgönguráðuneyti		10,2
Yfirstjórn	0,1	
Vegamál	7,3	
Önnur samgöngumál	2,8	
Iðnaðarráðuneyti		3,2
Yfirstjórn	0,1	
Iðnaðarmál	0,8	
Orkumál	2,3	

		%
Viðskiptaráðuneyti		6,6
Yfirstjórn	0,1	
Niðurgreiðslur	6,1	
Oliustyrkur	0,3	
Annað	0,1	
Hagstofa Íslands		0,1
Ríkisendurskoðun		0,1
Fjárlaga- og hagsýslustofnun		3,7
Yfirstjórn	0,1	
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3,6	
	Samtals	100,0

6. Heildarútgjöld eftir ráðuneytum Samanburður við fjárlög 1981

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun Þús. kr.	%
00 Æðsta stjórn ríkisins	32 361	47 437	15 076	46,5
01 Forsætisráðuneyti	44 024	63 597	19 573	44,4
02 Menntamálaráðuneyti	792 673	1 133 358	340 685	42,9
03 Utanríkisráðuneyti	56 850	77 517	20 667	36,3
04 Landbúnaðarráðuneyti	235 954	338 007	102 053	43,2
05 Sjávarútvegsráðuneyti	85 020	121 421	36 401	42,8
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	228 433	319 586	91 153	39,9
07 Félagsmálaráðuneyti	173 363	247 178	73 815	42,5
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	1 820 090	2 787 122	967 032	53,1
09 Fjármálaráðuneyti	584 737	699 549	114 812	19,6
10 Samgönguráðuneyti	549 013	779 590	230 577	41,9
11 Iðnaðarráðuneyti	242 981	242 256	÷ 725	÷ 0,3
12 Viðskiptaráðuneyti	407 305	506 729	99 424	24,4
13 Hagstofa Íslands	3 930	5 795	1 865	47,4
14 Ríkisendurskoðun	4 950	7 049	2 099	42,3
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	195 791	272 018	76 227	38,9
	5 457 475	7 648 209	2 190 734	40,1

7. Framkvæmdaframlög

(Framlög til verklegra framkvæmda, fjárfestingarstyrkir og framlög til fjárfestingarlánasjóða, lánagreiðslna og endurlána)

	Fjárlög 1981 þús. kr.	Frumvarp 1982 þús. kr.
Framkvæmdaframlög samtals	940 202,0	1 225 673,8
I Verklegar framkvæmdir	544 394,0	737 219,6
1. Hreinar ríkisframkvæmdir	330 327,0	464 680,6
Þar af: Vegagerð, nema sýsluvegir og		
vegir í kaupúnum	204 925,0	289 320,0
Skólabyggingar	41 185,0	61 973,0

	Fjárlög 1981 þús. kr.	Frumvarp 1982 þús. kr.
Landshafnir	2 000,0	2 000,0
Flugmál	22 850,0	31 076,0
Ríkisspítalar	19 220,0	23 933,0
Landgræðsluáætlun, landvernd og skógrækt	16 530,0	22 769,2
Annað	23 617,0	33 609,4
2. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum	214 067,0	272 539,0
Par af: Skólabyggingar	51 885,0	70 877,0
Hafnargerð	43 505,0	56 605,0
Sjúkrahús og læknisbústaðir .	50 000,0	53 000,0
Landbúnaðarmál	35 977,0	46 007,0
Annað	32 700,0	46 050,0
II Fjárfestingarstyrkir	34 464,0	50 835,6
1. Til sveitarfélaga	28 200,0	44 163,0
Par af: Vegir í kaup. og kaupstöðum	554,0	313,0
Annað	554,0	313,0
2. Til einstaklinga og samtaka	5 710,0	6 672,6
III Framlög til fjárfestingarlánasjóða, lána- greiðslna og endurlána	361 344,0	437 618,6
1. Til fjárfestingarlánasjóða	234 922,0	339 982,4
Par af: Byggingarsjóður ríkisins	43 000,0	57 200,0
Byggingarsjóður verkamanna .	75 000,0	111 314,0
Byggðasjóður	37 500,0	52 500,0
Fiskveiðisjóður	18 540,0	25 960,0
Framkvæmdasjóður aldraðra .	—	24 500,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	10 830,0	15 160,0
Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	20 100,0	26 730,0
Lánasjóður sveitarfélaga	3 150,0	4 410,0
Erfðafjár sjóður	6 000,0	9 000,0
Iðnlánasjóður	4 250,0	500,0
Iðnrekstrarsjóður	1 500,0	10 000,0
Aðlögunargjald	10 500,0	—
Aðrir sjóðir	4 552,0	2 708,4
2. Til lánagreiðslna og endurlána	126 422,0	97 636,2
Par af: Kröfluvirkjun	36 450,0	—
Ríkisábyrgðasjóður	10 000,0	13 000,0
Landshafnir, endurgr. lána ..	1 045,0	1 186,8
Hafnarbótasjóður	3 192,0	4 245,0
Orkusjóður:		
1. Dreifikerfi í sveitum	17 000,0	21 000,0
2. Lánagreiðslur, framlög	21 500,0	17 000,0
3. Jarðhitaleit	3 000,0	3 000,0
4. Sveitarafvæðing	5 600,0	3 500,0
Rafmagnsveitur ríkisins	15 000,0	—
Landbúnaðarmál, ýmis starf- semi, lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980	2 040,0	19 707,0
Annað	11 595,0	14 997,4

8. Verklegar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta
og fjáröflun til þeirra

	Fram- kvæmdir þús. kr.	Eigið fé þús. kr.	Fjár- veiting þús. kr.	Lán- tökur þús. kr.
I Raforku- og rafveituf framkvæmdir ..	766 168,0	11 220,0	3 500,0	751 448,0
Landsvirkjun	415 000,0	5 220,0		409 780,0 ¹⁾
Rafmagnsveitur ríkisins ²⁾	134 660,0	6 000,0		128 660,0
Dreifikerfi í sveitum	21 000,0			21 000,0
Sveitarafvæðing	8 000,0		3 500,0	4 500,0
Virkjunarrannsóknir	22 000,0			22 000,0
Kröfluvirkjun	63 175,0			63 175,0
Byggðalínur	40 493,0			40 493,0
Næstu stórvirkjanir	60 000,0			60 000,0
Orkusjóður, línulögn í Öfundarfirði	1 840,0			1 840,0
II Hita- og vatnsveitulögn	20 700,0		6 200,0	14 500,0
Vatnsveitur	3 200,0		3 200,0	
Til hitaveitna, lán Orkusjóðs	7 500,0			7 500,0
Til jarðhitaleitar	10 000,0		3 000,0	7 000,0
III Samgöngumannvirki	531 016,0	72 000,0	165 016,0	294 000,0
Vegagerð	289 320,0		89 320,0	200 000,0
Almenn hafnargerð	57 320,0		42 320,0	15 000,0
Landshafnir	2 000,0			2 000,0
Flugvallargerð	31 076,0		31 076,0	
Póstur og sími	89 000,0	52 000,0		37 000,0
Ríkisútvarp	20 000,0	20 000,0		
Skipaútgerð ríkisins	40 000,0			40 000,0
Önnur samgöngumál	2 300,0		2 300,0	
IV Önnur opinber starfsemi	390 170,6	952,0	352 718,6	36 500,0
Skólabyggingar	132 850,0		132 850,0	
Sjúkrahús	76 933,0		76 933,0	
Landbúnaðarmál	75 776,2		68 776,2	7 000,0
Áburðarverksmiðja ríkisins	17 000,0			17 000,0
Aðrar framkvæmdir	79 659,4		74 159,4	5 500,0
Landssmiðjan	7 952,0	952,0		7 000,0
Samtals	1 708 054,6	84 172,0	527 434,6	1 096 448,0

1) Þar af 5 220 þús. kr. vegna eiginfjárframlags ríkisins.

2) Þar af 10 000 þús. kr. vegna vararforku fyrir landskerfið.

9. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

Skipting eftir tekjustofnum

	Kr.	Kr.
Erfðafjárskattur		11 900 000
Erfðafjársgjaldur	9 000 000	
Gúmmígjald		900 000
Vegasjóður	900 000	
Innflutningsgjald af bensíni		252 700 000
Vegasjóður	252 700 000	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		2 036 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	2 036 000	
Álgjald		9 400 000
Byggðasjóður	9 400 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		860 000
Menningarsjóður	860 000	
Skemmtanaskattur		8 100 000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	810 000	
Félagsheimilaskattur	4 145 000	
Launaskattur til Byggingarsjóðs verkamanna		111 314 000
Byggingarsjóður verkamanna	111 314 000	
Lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda		175 400 000
Tryggingastofnun ríkisins	175 400 000	
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af búvélum		8 000 000
Tryggingastofnun ríkisins	8 000 000	
Iðgjald til Atvinnuleysisstryggingasjóðs		26 200 000
Atvinnuleysisstryggingasjóður	26 200 000	
Sérleyfisgjald		400 000
Sérleyfissjóður	400 000	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		150 000
Gæsluvistarsjóður	150 000	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		3 500 000
Framleiðslueftirlit sjávarafurða	3 404 000	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	96 000	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		20 000
Krabbameinsfélag Íslands	20 000	
Vitagjald		180 000
Vita- og hafnamálastofnunin	180 000	
Skipaskoðunargjald		450 000
Siglingamálastofnun ríkisins	450 000	
Bifreiðaskattur		97 200 000
Vegasjóður	97 200 000	

	Kr.	Kr.
Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra		13 500 000
Framkvæmdasjóður aldraðra	13 500 000	
Skipulagsgjald		4 332 000
Skipulagsstjóri	4 332 000	
Flugvallagjald		18 000 000
Flugmálastjórn	18 000 000	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H. Í.		3 176 000
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	3 176 000	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		9 500 000
Ríkisábyrgðasjóður	9 500 000	
Sérlyfjagjald		150 000
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	150 000	
Samúðarskeyti Landssímans		450 000
Minningarsjóður Landspítalans	450 000	
Rafmagnseftirlitsgjald		5 200 000
Rafmagnseftirlit ríkisins	5 200 000	
Verðjöfnunargjald		90 200 000
Orkusjóður	90 200 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		853 218 000
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	847 173 000	
Skerðing tekjustofna	6 045 000	
	Samtals 853 218 000	853 218 000

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

Skipting eftir viðtakendum

	Kr.
01 171 Bygðasjóður:	
Álgjald	9 400 000
02 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:	
Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H.Í.	3 176 000
02 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands:	
Hluti skemmtanaskatts	810 000
02 976 Menningarsjóður:	
Miðagjald	860 000
02 985 Félagsheimilasjóður:	
Hluti skemmtanaskatts	4 145 000
05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða:	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	3 404 000
05 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins:	
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	96 000
07 272 Byggingarsjóður verkamanna:	
Hluti af launaskatti	111 314 000
07 301 Skipulagsstjóri ríkisins:	
Skipulagsgjald	4 332 000
07 971 Erfðafjársgjald:	
Erfðafjárskattur	9 000 000

08 271	Tryggingastofnun ríkisins:	Kr.
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	175 400 000
	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillu- bátum og búvélum	8 000 000
08 273	Atvinnuleysistryggingasjóður:	
	Atvinnleysistryggingasjóðsgjald	26 200 000
08 385	Framkvæmdasjóður aldraðra:	
	Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra	13 500 000
08 399	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit:	
	Sérlyfjagjald	150 000
08 399	Krabbameinsfélag Íslands:	
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20 000
08 399	Minningarsjóður Landspítalans:	
	Samúðarskeyti Landssímans	450 000
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	150 000
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	9 500 000
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmigjald	900 000
	Innflutningsgjald af bensini	252 700 000
	Bifreiðaskattur	97 200 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	180 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	450 000
10 471	Flugmálastjórn:	
	Flugvallagjald	18 000 000
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	400 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	2 036 000
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	5 200 000
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	90 200 000
		Samtals 847 173 000

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda		%
Beinir skattar		17,4
Eignarskattar	2,8	
Tekjuskattar	14,6	
Óbeinir skattar		81,1
Gjöld af innflutningi	17,2	
Gjöld af framleiðslu	7,3	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	50,3	
Aðrir óbeinir skattar	6,3	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,2
Ýmsar tekjur		1,3
Samtals		100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1980, fjárlögum 1981 og frumvarpi til fjárlaga 1982, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti)

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31 565 550	32 360 970	47 437 200
101 Embætti forseta Íslands	1 932 740	1 426 810	2 204 200
201 Alþingi	25 057 350	26 758 030	37 533 300
301 Ríkisstjórn	3 178 780	2 531 800	5 258 300
401 Hæstiréttur	1 396 680	1 644 330	2 441 400
01 Forsætisráðuneyti	32 364 290	44 023 710	63 597 300
101 Aðalskrifstofa	3 191 800	3 473 080	6 848 300
102 Þjóðhagsstofnun	1 489 340	1 679 160	2 482 200
171 Byggðasjóður, framlag	26 350 000	37 500 000	52 500 000
901 Húsameistari ríkisins	814 670	829 740	1 050 800
902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	483 540	541 730	716 000
999 Ýmislegt	34 940	—	—
02 Menntamálaráðuneyti	608 813 000	792 672 980	1 133 357 500
101 Aðalskrifstofa	6 552 830	7 553 940	10 818 600
102 Húsakaup Laugavegi 166, Rvk, hluti	64 470	—	—
201 Háskóli Íslands	44 776 630	62 049 960	91 791 500
202 Tilraunastöð háskólans á Keldum ..	2 103 550	1 890 690	2 848 500
203 Raunvísindastofnun háskólans	5 634 640	7 082 950	9 893 700
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2 057 750	2 288 630	3 640 000
206 Orðabók háskólans	535 580	765 000	1 111 200
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	1 194 260	1 481 450	2 202 900
232 Rannsóknaráð ríkisins	1 166 320	1 412 150	1 940 700
276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	1 822 980	2 121 180	3 176 200
301 Menntaskólinn í Reykjavík	6 252 370	7 518 120	10 514 800
302 Menntaskólinn á Akureyri	5 791 740	6 319 690	9 465 700
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	2 166 610	2 209 120	2 953 000
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	8 727 770	10 485 510	14 524 700
305 Menntaskólinn við Sund	7 258 690	9 006 640	12 309 800
306 Menntaskólinn á Ísafirði	5 357 380	6 537 880	7 162 000
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	3 168 370	4 809 140	6 109 200
308 Menntaskólinn í Kópavogi	2 176 170	2 670 310	4 491 100
310 Menntaskólar, almennt	448 170	—	—
319 Framhaldsskólar, almennt	—	6 824 620	7 005 700
321 Kennaraháskóli Íslands	} 12 855 100	13 451 570	19 493 800
322 Æfinga- og tilraunaskóli kennarahás.		3 438 250	4 297 100
331 Íþróttakennaraskóli Íslands		1 191 690	2 428 750
336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands ..	271 750	358 460	510 000
351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	12 278 480	—	—
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	—	20 493 830	29 213 000
352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli ..	4 092 480	4 954 000	7 176 500
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4 450 900	5 446 560	7 067 100
354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi	3 662 390	4 707 610	7 602 400
355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum .	1 409 030	1 899 580	2 688 200

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki ..	2 214 800	3 266 780	6 638 300
357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi	—	400 000	4 300 100
358 Framhaldsskólinn í Neskaupstað ...	—	—	1 222 900
359 Verkmenntaskóli á Akureyri	—	—	3 300 000
422 Námsgagnastofnun	4 750 530	7 488 050	10 263 200
423 Endurskoðun námsefnis	2 984 650	3 551 200	5 134 300
431 Iðnfræðsluráð	1 538 650	1 772 700	2 563 300
501 Tækniskóli Íslands	5 644 010	7 415 350	10 279 900
506 Vélskóli Íslands	4 065 360	5 073 010	6 886 100
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1 538 450	2 047 870	2 768 200
514 Iðnskólinn í Reykjavík	10 887 740	14 348 220	20 563 800
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur	5 962 050	6 536 260	7 693 700
516 Iðnskólar, almennt	—	2 430 000	1 662 000
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	852 700	1 061 080	1 389 000
518 Fiskvinnsluskólinn	860 800	1 966 530	6 852 800
521 Hjúkrunarskóli Íslands	2 503 250	5 354 680	7 826 300
522 Nýi hjúkrunarskólinn	625 150	784 370	1 075 800
523 Fósturskóli Íslands	1 309 360	1 680 530	2 997 800
553 Hússtjórnarskólar	3 425 700	3 578 080	5 099 500
561 Myndlista- og handíðaskólinn	1 647 260	1 815 330	2 774 500
562 Leiklistarskólinn	1 117 640	1 276 180	1 650 100
563 Tónlistarfræðsla	9 155 880	11 511 130	17 738 200
571 Sjómannaskólahúsið	1 831 830	1 994 030	2 800 500
580 Samvinnuskólinn	2 113 470	2 427 830	3 318 000
581 Verslunarskóli Íslands	5 405 550	6 450 320	9 185 900
601 Héraðsskólinn Reykholti	1 928 680	1 641 880	2 366 600
602 Héraðsskólinn Núpi	1 768 040	1 582 300	2 260 800
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	915 320	887 420	1 248 400
604 Héraðsskólinn Reykjum	1 816 130	1 547 700	2 281 300
605 Alpýðuskólinn Eiðum	2 735 340	1 697 080	2 588 800
606 Héraðsskólinn Skógum	1 506 200	1 507 690	2 132 400
607 Héraðsskólinn Laugarvatni	1 348 890	1 134 030	1 629 900
609 Héraðsskólinn Laugum	1 596 970	1 471 900	2 154 100
610 Héraðsskólar, almennt	—	4 210 000	3 500 000
621 Skálholtsskóli	435 600	886 290	896 700
679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	54 370	35 000	—
700 Grunnskólar, Reykjavík	68 461 820	68 450 300	92 146 800
710 Grunnskólar, Reykjanesi	49 768 230	50 635 290	72 481 400
730 Grunnskólar, Vesturlandi	18 930 940	18 917 060	29 435 400
740 Grunnskólar, Vestfjörðum	13 069 970	13 099 670	21 626 500
750 Grunnskólar, Norðurlandi vestra ...	14 994 100	14 946 710	22 292 600
760 Grunnskólar, Norðurlandi eystra ..	31 718 790	30 765 730	46 239 700
770 Grunnskólar, Austurlandi	17 672 270	17 711 690	25 232 600
780 Grunnskólar, Suðurlandi	25 531 770	26 086 380	38 808 300
791 Grunnskólar, almennt	2 983 270	13 300 950	11 669 200
792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	—	42 470 000	54 400 000
793 Bygging skóla f. þroskahömluð börn	2 803 760	—	—
797 Stofnanir afbrigðilegra barna	10 658 430	13 855 590	20 990 900

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
799 Heyrnleysingjaskólinn	2 968 230	3 349 960	5 467 400
801 Vistheimilið Breiðavík	86 450	—	—
802 Vernd barna og ungmenna	512 430	632 580	813 500
803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður ..	5 500 540	11 000 000	15 000 000
871 Unglingaheimili ríkisins	1 163 780	1 446 600	1 939 800
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna ..	53 913 020	80 923 300	117 124 800
881 Náms- og fræðimenn, framlög	2 085 930	2 944 830	3 953 600
883 Lektorar í íslensku við erlenda há- skóla	46 260	89 430	161 100
884 Jöfnun á námskostnaði	4 323 940	6 300 000	9 450 000
885 Fullorðinsfræðsla	325 780	420 000	296 500
901 Landsbókasafn Íslands	2 051 930	2 533 880	3 584 600
902 Þjóðminjasafn Íslands	2 747 420	3 868 610	5 040 400
903 Þjóðskjalasafn Íslands	969 970	1 180 140	1 976 500
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	312 250	360 120	510 900
905 Listasafn Ásgríms Jónssonar	102 050	157 330	223 900
906 Listasafn Einarssonar	213 500	283 930	510 800
907 Listasafn Íslands	2 144 080	1 701 100	2 165 700
908 Kvikmyndasafn Íslands	72 000	310 410	551 100
931 Náttúruverndarráð	1 460 760	1 813 780	2 427 200
972 Ríkisútvarp, sjónvarp	452 000	1 122 400	2 200 000
973 Þjóðleikhúsið, framlög	11 997 030	12 834 780	20 411 700
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	3 240 990	3 653 790	5 916 500
975 Visindasjóður	80 000	80 000	80 000
976 Menningarsjóður, framlag	668 120	650 000	1 000 000
977 Byggingarsjóður þjóðarþéttun ..	4 001 490	7 300 000	10 000 000
982 Listir, framlög	5 811 320	8 705 220	14 525 800
983 Ýmis visindaleg starfsemi	64 430	111 000	145 500
984 Norræn samvinna	844 940	737 600	1 181 800
985 Félagsheimilissjóður	2 676 050	2 961 000	4 145 000
986 Íþróttasjóður	5 326 400	7 500 000	9 665 000
987 Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbæt.	90 420	250 000	370 000
988 Æskulýðsmál	715 300	1 178 000	1 528 000
989 Ýmis íþróttamál	1 601 790	2 680 000	4 951 000
991 Húsfriðunarsjóður	176 030	282 410	430 900
999 Ýmislegt	1 464 550	2 035 000	1 410 000
03 Utanríkisráðuneyti	46 226 230	56 850 320	77 517 300
101 Aðalskrifstofa	7 524 990	7 239 960	10 540 500
102 Varnarmáladeild	1 087 560	900 200	1 021 700
201 Lögreglustjórnin á Keflav.flugvelli ..	9 157 940	10 475 790	14 484 600
301 Sendiráð Íslands í Bonn	1 240 270	1 592 380	1 780 200
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1 541 830	1 856 510	1 993 300
303 Sendiráð Íslands í London	1 556 670	2 147 560	2 301 400
304 Sendiráð Íslands í Moskvu	1 145 270	1 595 610	1 846 300
305 Sendiráð Íslands í Osló	1 317 400	1 607 390	2 029 200
306 Sendiráð Íslands í París og fasta- nefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	1 806 540	2 476 680	2 444 700
307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1 189 890	1 533 680	2 024 800

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
308 Sendiráð Íslands í Washington	1 276 330	1 719 640	2 997 400
309 Fastanefnd Íslands hjá S.p. og aðal- ræðism.skrifstofa Íslands í New York	1 704 350	2 214 300	3 489 200
311 Sendiráð Íslands í Brussel og fasta- nefnd Íslands hjá NATO	2 011 180	2 581 470	2 642 000
312 Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Gent	1 551 260	2 039 340	1 867 300
313 Sendiráð, almennt	—	366 450	—
399 Ýmis utanríkismál	6 787 040	5 609 000	11 532 000
401 Alþjóðastofnanir	5 327 710	10 894 410	14 522 700
04 Landbúnaðarráðuneyti	174 532 550	235 954 070	338 006 900
101 Aðalskrifstofa	1 526 260	1 933 140	2 945 700
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	1 191 680	2 500 000	3 325 000
172 Jarðasjóður	270 880	603 000	802 000
201 Búnaðarfélag Íslands	5 266 000	6 154 870	8 458 300
205 Veiðistjóri	1 032 850	960 610	1 274 900
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins ..	8 271 650	9 465 090	12 235 400
207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum	—	1 745 480	3 562 700
231 Skógrækt ríkisins	5 950 410	4 666 480	6 983 600
235 Landgræðsla ríkisins	12 591 840	3 334 000	4 866 600
241 Landnám ríkisins	1 415 250	2 562 350	2 674 800
242 Mat á landbúnaðarafurðum	279 940	378 970	541 000
243 Sauðfjárveikivarnir	2 764 960	2 101 310	2 934 600
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða ..	146 100	230 650	292 400
246 Veiðimálaskrifstofan	1 848 350	2 935 940	3 829 800
247 Yfirdýralæknir	3 744 800	3 796 590	5 254 100
270 Landgræðslu- landverndaráætlun ..	—	9 927 000	12 316 000
271 Landgræðslusjóður, framlag	465 600	300 000	360 000
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	362 970	284 950	323 000
286 Landbúnaður, framlög	708 900	657 400	637 400
287 Stofnlánadeild landbúnaðarins	7 217 000	10 830 000	15 160 000
288 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum	24 266 640	35 410 900	46 295 200
290 Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	84 131 510	120 000 000	160 000 000
291 Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	2 934 000	3 924 330	5 347 800
299 Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála	1 013 280	2 409 750	20 175 100
501 Bændaskólinn Hvanneyri	3 802 410	4 920 240	7 200 200
502 Bændaskólinn Hólum	1 678 670	1 593 910	7 064 800
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	1 650 600	2 327 110	3 146 500
05 Sjávarútvegsráðuneyti	70 996 950	85 020 020	121 421 200
101 Aðalskrifstofa	2 211 720	2 740 450	3 871 000
201 Fiskifélag Íslands	2 683 970	3 525 030	5 255 200
202 Hafrannsóknastofnun	26 776 760	27 146 800	39 009 700
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ..	4 266 360	4 478 920	7 290 500
215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða	8 341 560	9 890 650	14 494 500
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	457 100	620 550	856 100
271 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips .	2 216 030	—	—
272 Bygging rannsóknastofnana sjávar- útvegsins	171 960	75 000	96 000

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
274 Aflatryggingasjóður	5 013 500	8 694 000	12 170 000
275 Fiskveiðasjóður	12 360 000	18 540 000	25 960 000
298 Fiskleit, vinnslutilraunir og mark- aðsöflun	1 657 120	3 080 000	4 186 000
299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	2 175 500	2 631 990	3 536 800
901 Skrifst. rannsóknastofnana atvinnu- veganna	2 665 370	3 596 630	4 695 400
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	224 995 010	228 432 570	319 586 300
101 Aðalskrifstofa	2 475 510	2 684 990	3 957 900
102 Stjórnartíðindi	1 041 620	1 240 670	1 754 600
103 Kosningar	505 570	—	—
201 Hæstiréttur	883 880	1 194 060	1 771 400
202 Ríkissaksóknari	1 503 080	1 848 340	2 695 900
203 Borgardómarinn í Reykjavík	2 814 870	3 262 100	4 720 600
204 Borgarfógetinn í Reykjavík	5 561 420	3 269 740	4 973 500
205 Sakadómur Reykjavíkur	2 712 890	3 279 700	4 792 700
206 Lögreglustjórnin í Reykjavík	42 149 550	45 852 660	64 317 200
207 Lögreglustöð í Reykjavík, bygging ..	107 590	100 000	225 000
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	7 703 410	9 088 620	12 978 000
209 Dómhús í Reykjavík	—	225 000	—
211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	95 530	140 000	196 000
212 Bæjarfógeti Akranesi	2 742 920	2 311 250	3 305 300
213 Sýslumaður Borgarnesi	3 350 340	2 793 690	2 460 400
214 Sýslumaður Stykkishólmi	3 478 890	2 730 130	3 894 900
215 Sýslumaður Búðardal	628 350	566 700	1 015 600
216 Sýslumaður Patreksfirði	1 762 590	1 359 560	1 922 600
217 Bæjarfógeti Bolungarvík	1 192 350	997 110	1 033 700
218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	3 225 260	2 485 100	3 493 200
219 Sýslumaður Hólmavík	506 180	805 620	1 048 700
221 Sýslumaður Blönduósi	2 238 960	1 697 980	2 424 300
222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkr.	1 999 950	1 781 970	2 524 700
223 Bæjarfógeti Siglufirði	1 601 900	1 559 190	2 257 000
224 Bæjarfógeti Ólafsfirði	881 350	782 720	1 125 300
225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akurevri	8 350 960	6 825 930	10 057 000
226 Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	3 633 560	2 847 210	4 093 600
227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisf.	1 772 540	1 376 930	2 134 300
228 Bæjarfógeti Neskaupstað	1 010 030	916 150	1 313 800
229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	2 517 660	2 827 550	4 205 800
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	1 296 480	1 150 130	1 648 600
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	777 080	639 820	930 200
232 Sýslumaður Hvalsvíli	1 452 140	1 774 110	2 551 000
233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	3 477 370	3 346 770	4 614 900
234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	4 699 910	3 519 650	5 063 400
235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	9 521 230	6 855 180	9 960 500
236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarf.	9 876 690	8 797 620	12 974 800
237 Bæjarfógeti Kópavogi	5 725 480	5 575 550	8 003 100
238 Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	409 840	583 820	847 800
241 Hegningarhús	1 876 460	1 850 050	2 997 300

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	6 207 520	6 444 240	9 155 100
243 Vinnuhælið Kviabryggju	1 310 440	1 471 000	2 139 400
244 Fangelsi við Síðumúla	1 606 350	1 761 150	2 602 400
247 Eftirlitsstofnun með brotamönnum .	215 870	313 750	485 300
251 Landhelgisgæslan	34 926 260	41 188 580	54 691 100
252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	7 959 080	6 474 920	9 204 000
253 Almannavarnir	861 210	1 271 420	1 234 400
254 Sjómælingar Íslands	1 414 700	1 605 170	2 529 000
255 Umferðarráð	832 340	976 850	1 396 800
261 Öryggiseftirlit ríkisins	— 97 210	—	—
262 Löggildingarstofan	387 560	453 630	607 800
281 Dómsmál, ýmis kostnaður	2 112 200	2 193 370	2 457 600
282 Ýmis löggæslukostnaður	1 743 830	2 017 600	2 938 600
283 Fangamál, ýmis kostnaður	1 465 960	719 870	772 000
284 Áfengis- og fíkniefnamál	48 910	73 970	97 600
301 Þjóðkirkjan	15 539 320	19 272 680	27 389 600
371 Kirkjubyggingasjóður	225 000	350 000	400 000
372 Kirkjugarðasjóður	1 000	1 000	1 000
373 Kristnisjóður	673 280	900 000	1 200 000
07 Félagsmálaráðuneyti	104 396 970	173 362 820	247 177 500
101 Aðalskrifstofa	1 873 970	2 181 520	3 292 200
271 Húsnæðisstofnun ríkisins	71 005 000	43 000 000	57 200 000
272 Byggingarsjóður verkamanna	4 325 000	75 000 000	111 314 000
301 Skipulagsstjóri ríkisins	2 974 900	4 027 460	5 623 800
302 Ríkissáttasemjari	1 611 520	1 032 060	1 699 400
371 Lánasjóður sveitarfélaga, framlag ..	2 018 130	3 150 000	4 410 000
372 Landakaup kaupstaða og kauntúna	100 000	—	—
399 Vatnsveitur	1 229 790	1 700 000	3 200 000
951 Brunamálastofnun ríkisins	77 980	—	—
952 Endurhæfingarráð	236 120	355 800	487 600
953 Jafnréttisráð	175 960	202 290	371 300
954 Vinnueftirlit ríkisins	—	—	—
971 Erfðafjár sjóður, framlag	3 273 000	6 000 000	9 000 000
972 Biargráðasjóður	1 250 620	2 430 000	4 900 000
976 Framkvæmdasjóður öryrkja og brokskaheftra	6 844 050	20 100 000	26 730 000
977 Framkvæmd laga um aðstoð við brokskaefta	—	3 693 970	5 174 000
981 Vinnumál	3 071 280	5 393 720	8 209 200
999 Ýmis framlög	4 329 650	5 096 000	5 566 000
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ..	1 387 349 650	1 820 090 070	2 787 122 000
101 Aðalskrifstofa	2 603 610	2 882 280	4 105 800
271 Tryggingastofnun ríkisins	1 040 375 420	1 332 120 000	2 071 000 000
273 Atvinnulevissistryggingasj., framlag ..	34 269 000	54 690 000	78 600 000
274 Eftirlaunasjóður aldraðra	—	9 346 040	9 818 000
301 Landlæknir	1 064 360	1 519 460	2 137 000
302 Ríkisspítalar, skrifstofa	4 463 840	4 940 900	7 781 700

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar .	—	5 360 000	2 566 800
311 Rannsóknastofa háskólans	4 830 940	5 766 800	9 235 900
312 Blóðbankinn	2 427 580	1 941 660	2 882 100
319 Matvælarannsóknir ríkisins	1 158 130	1 447 130	1 920 600
321 Geislavarnir ríkisins	275 220	—	222 600
322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins	1 037 100	1 259 450	1 796 500
323 Tryggingaeftirlitið	161 700	—	—
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands ..	2 200 070	2 757 740	4 354 800
371 Landspítalinn	129 309 070	181 092 240	272 981 400
372 Landspítalinn, kvennadeild	24 279 710	22 556 920	38 539 000
373 Kleppsspítali	38 550 890	46 026 180	65 020 700
374 Vífilstaðaspítali	14 413 810	15 620 040	23 215 800
375 Kristneshæli	5 646 140	6 382 970	9 064 700
376 Kópavogshæli	18 122 260	21 328 700	31 627 800
377 Vistheimilið Gunnarsholti	2 693 260	1 365 500	2 852 000
378 Læknishéraðsásjóður	148 050	350 000	350 000
380 Námslán læknastúdenta	10 800	—	—
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	33 133 150	66 119 960	72 751 200
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	—	—	24 500 000
391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	16 611 460	21 428 700	32 518 500
392 Berklavarnir	261 330	336 340	—
393 Skólayfirlæknisembættið	186 560	239 310	339 800
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	294 890	309 840	441 400
399 Ýmis heilbrigðismál	6 003 300	8 931 190	11 292 900
471 Gæsluvistarsjóður, framlag	1 087 500	1 832 000	2 392 000
481 Bindindisstarfsemi	401 280	656 940	807 400
501 Ljósmeðraskóli Íslands	702 220	773 940	894 900
502 Þroskaþjálfaskólinn	627 000	707 840	1 110 700
09 Fjármálaráðuneyti	159 544 170	584 736 540	699 549 200
101 Aðalskrifstofa	4 561 610	5 483 410	8 163 100
103 Ríkisbókhald	2 777 610	3 810 070	5 847 900
104 Ríkisfjárhirsla	1 022 470	1 098 550	1 552 300
201 Ríkisskattstjóri	4 159 020	5 022 930	7 158 800
202 Skattstofan í Reykjavík	6 902 520	8 276 830	11 937 000
203 Skattstofa Vesturlands, Akranesi ..	995 250	1 139 500	1 671 600
204 Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	835 580	1 186 870	1 705 600
205 Skattstofa Norðurlands vestra, Siglu- firði	1 017 620	1 110 070	1 630 300
206 Skattstofa Norðurlands eystra, Akur- eyri	1 825 370	2 165 930	3 096 300
207 Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	1 011 690	1 025 580	1 534 400
208 Skattstofa Suðurlands, Hellu	1 071 750	1 174 190	1 692 100
209 Skattstofa Vestmannaeyja	446 430	528 600	751 000
211 Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði ..	2 352 800	2 829 350	4 076 000
212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	4 317 960	3 424 400	4 797 700
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	811 200	1 207 980	1 731 200
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	2 907 920	3 040 800	3 569 300
261 Tollstjórinn í Reykjavík	7 540 710	7 200 600	10 534 800

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
263 Tollgæslan	8 298 600	9 110 900	12 519 100
282 Tollamál, sameiginlegur kostnaður .	386 580	300 000	412 000
381 Uppbætur á lífeyri	55 225 370	67 435 000	102 723 300
382 Eftirlaun samkvæmt launalögum ..	406 450	529 860	758 200
383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, em- bættismenn	635 350	845 250	845 300
384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur	364 540	470 000	470 000
385 Eftirlaunasjóður aldraðra	7 819 400	—	—
402 Fasteignamat ríkisins	2 750 800	3 511 930	4 596 800
481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	237 700	14 752 000	25 000 000
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnun- ar ríkisins	786 830	615 030	217 600
971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag	6 222 540	10 000 000	13 000 000
981 Skrifstofubygging við Grensásveg ..	9 925 320	—	—
981 Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði	—	—	3 600 000
889 Vegna launa- og verðlagsmála	—	277 700 000	410 000 000
990 Sérstakar efnahagsráðstafanir	—	110 000 000	—
998 Kjaradómur og kjaranefnd	269 790	—	—
999 Ýmislegt	21 657 390	39 740 910	53 957 500
10 Samgönguráðuneyti	378 395 660	549 013 120	779 589 900
101 Aðalskrifstofa	1 489 310	1 778 260	2 686 800
211 Vegagerð ríkisins	261 194 600	388 000 000	566 330 000
321 Strandferðir, framlög	20 766 410	29 798 000	35 688 000
325 Rekstrardeild ríkisskipa	1 300 900	1 337 510	2 020 500
331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa ..	2 432 690	3 026 190	3 556 800
332 Vitamál	4 757 990	6 858 430	9 808 900
333 Hafnarmál	33 108 920	50 691 580	65 351 700
341 Siglingamálastofnun ríkisins	3 478 350	4 317 830	5 747 800
342 Sjóslysanevnd	145 320	288 050	371 800
471 Flugmálastjórn	36 888 790	47 168 520	65 289 600
485 Ýmis framlög	501 530	735 960	1 015 000
651 Ferðamál	2 337 860	2 320 000	3 250 000
652 Veðurstofa Íslands	9 125 450	11 791 190	17 113 400
656 Landmælingar Íslands	544 600	601 600	959 600
672 Sérleyfissjóður	322 940	300 000	400 000
11 Iðnaðarráðuneyti	166 701 950	242 980 870	242 255 800
101 Aðalskrifstofa	1 639 430	2 120 040	3 440 800
201 Iðntæknistofnun Íslands	5 447 560	5 431 080	7 738 900
203 Rannsóknastofnun byggingariðn. ..	2 785 070	3 604 570	5 674 100
204 Verkstjórnarnámskeið	137 950	273 360	349 500
205 Stjórnunarnámskeið	192 000	235 960	330 400
206 Námskeið í stjórn vinnuvéla	43 950	204 730	283 400
207 Eftirmenntun í iðju og iðnaði	125 570	240 000	600 000
221 Lánasjóðir iðnaðarins	11 294 020	16 250 000	10 500 000

	Reikningur 1980 kr.	Fjárlög 1981 kr.	Frumvarp 1982 kr.
234 Lagmetisiðjan Siglósið	2 460 000	1 000 000	1 000 000
235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög	762 000	1 174 000	2 176 000
289 Jöfnunargjald	—	20 000 000	26 800 000
299 Iðja og iðnaður, framlög	6 885 620	3 407 000	2 767 000
301 Orkustofnun	17 221 400	23 660 320	33 676 900
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	3 072 880	3 409 810	5 318 800
311 Landsvirkjun, eiginfjárframlag	2 630 000	—	—
321 Rafmagnsveitur ríkisins	10 000 000	15 000 000	—
371 Orkusjóður	101 983 400	146 970 000	135 300 000
399 Ýmis orkumál	21 100	—	6 300 000
12 Viðskiptaráðuneyti	306 535 350	407 305 240	506 728 900
101 Aðalskrifstofa	1 958 390	2 519 190	3 995 900
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	270 471 820	350 000 000	466 000 000
202 Styrkur vegna olíunotkunar til húsa- hitunar	30 670 880	50 000 000	30 000 000
902 Verðlagsstofnun	3 234 790	4 436 240	6 238 300
903 Skráning hlutafélaga	179 470	329 810	494 700
999 Vörusýningar erlendis	20 000	20 000	—
13 Hagstofa Íslands	3 137 400	3 930 230	5 795 100
101 Aðalskrifstofa	2 398 560	2 902 960	4 247 700
102 Þjóðskráin	738 840	1 027 270	1 547 400
14 Ríkisendurskoðun	4 002 960	4 950 490	7 048 500
101 Aðalskrifstofa	4 002 960	4 950 490	7 048 500
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	90 296 020	195 790 750	272 018 400
101 Aðalskrifstofa	2 088 860	2 321 660	3 750 700
181 Ríkisbifreiðir, framlög	—	500 000	700 000
182 Rafreiknar	232 620	2 109 880	3 075 300
991 Ýmis lán ríkissjóðs	87 974 540	190 859 210	264 492 400

Samtals öll ráðuneyti (A-hluti) 3 789 853 710 5 457 474 770 7 648 209 000

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga, sem hér er lagt fram, er í fullu samræmi við þá efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt frá því hún kom til valda. Meginmarkmið þessarar stefnu er að draga úr verðbólgu, jafnhliða því sem áhersla er lögð á að halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa, tryggja afkomu atvinnuveganna og fulla atvinnu um land allt. Leitast er við að auka félagslega þjónustu hins opinbera á ýmsum sviðum, um leið og haldið er uppi sem ströngustu aðhaldi og sparnaði, þar sem því verður við komið án þess að þjónusta sé skert. Stefnt er að því, að skattar haldist óbreyttir sem hlutfall af framleiðslu þjóðarinnar, og ríkisreksturinn sé í eðlilegu jafnvægi.

Um það verður ekki deilt, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað árangri á því ári sem nú er að líða. Tekist hefur að rétta fjárhag ríkissjóðs við og lækka skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann verulega að raungildi. Skuldin við Seðlabankann hefur að vísu hækkað í krónutölu en sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur hún lækkað um helming, sbr. yfirlit á bls. 227.

Verðbólguþægtið hefur farið verulega lækkandi. Á árinu 1979 voru verðhækkanir um 61% frá upphafi til loka árs og 59% á árinu 1980 en verða væntanlega um 40% á því ári sem er að líða. Jafnhliða þessu hefur tekist að viðhalda háu atvinnustigi og góðri atvinnu víðast hvar á landinu og er það mjög ólíkt því sem verið hefur í nálægum löndum, þar sem atvinnuleysi hefur víða stórauðist undanfarin ár og veldur stórfelldum félagslegum og efnahagslegum erfiðleikum.

Allt bendir til þess að ríkisreksturinn á árinu 1981 verði í viðunandi jafnvægi og felur það í sér endurgreiðslu skulda til Seðlabankans sem nemur 100 m.kr. Þetta hefur vissulega átt góðan þátt í þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við verðbólguna. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 120 m.kr. endurgreiðslu skulda til Seðlabankans á árinu 1982, og mun það áfram stuðla að minnkandi verðbólgu í þjóðar-búskapnum.

Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli árána 1981 og 1982. Það skal tekið fram, að reiknitala fjárlagafrumvarpsins er ekki hugsuð sem verðbólguþægti fyrir komandi ár. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári. Varla verður þó unnt að setja fram trausta spá um verðlagsþróun á árinu 1982 fyrr en fleiri efnahagslegar staðreyndir liggja fyrir, þ.á.m. hvað gerist í komandi kjarasamningum.

Reiknitala fjárlagafrumvarps hefur yfirleitt verið talsvert lægri en raunveruleg verðbólguþróun á fjárlagaári. Ástæðan er ekki fyrst og fremst sú að rangt hafi verið áætlað, heldur er ljóst að hækkun tekna og gjalda fjárlaga verður ávallt að áætla varlega. Er þeirri reglu fylgt áfram. Stórfelldum vanda veldur ef tekjur og gjöld eru ætluð um of, en vandinn er miklu minni þótt vanáætlað sé. Síðustu 10 árin hefur reiknitala fjárlaga verið 5–20% lægri en hækkun verðlags hefur reynst á fjárlagaári.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1982 eru áætluð 7 648 m.kr., og er það 40,1% hækkun frá fjárlagatölu 1981, og nokkuð umfram áætlaða meðalverðhækkun milli árána 1981 og 1982 sem er eins og áður segir 33%. Við þennan samanburð ber þó að hafa í huga að raunveruleg útgjöld ársins 1981 munu vafalaust verða hærri en fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir. Verðlagsbreyting milli ára mun reynast nokkru meiri en þar var gengið út frá, og útgjöld almannaþr. virðast mun meiri en áætlað var. Líkur benda nú til að útgjöld árið 1981 verði um 5 640 m.kr. í stað 5 458 m.kr. í fjárlögum. Frá þessari áætlun útkomu hækka útgjöld frumvarpsins um 35,7%, en það svarar til 2% magnaukningar miðað við hina almennu verðlagsforsendu frumvarpsins.

Enda þótt stefna ríkisstjórnarinnar miði að margvíslegum félagslegum framförum, sem kunna að hafa í för með sér aukin ríkisútgjöld, er jafnframt lögð rík áhersla á að hafa hemil á ríkisútgjöldum, einkum með hliðsjón af baráttunni við verðbólguna. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu er hliðstætt því sem var í síðasta fjárlagafrumvarpi, þó ívið lægra, eða 28,1% á móti 28,2% árið 1981. Þetta hefur verið unnt með því að beita ítrasta aðhaldi í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Meðal annars verður áfram að ákveða framlög til fjárfestingarlánasjóða lægri en lög gera ráð fyrir, enda hefur verðtrygging sjóðanna skapað þeim allt aðra fjárhagsstöðu en áður var. Verður áfram leitað heimildar til þessarar skerðingar í frumvarpi að lánsfjárlögum, eins og verið hefur undanfarin þrjú ár. Þó er þeirri reglu fylgt nú, að framlög til sjóða eru ekki hækkuð um minna en 33% frá fjárlögum yfirstandandi árs og ekki meira en 40%.

Þrátt fyrir stranga aðhaldsstefnu hefur verið unnt að auka verulega framlög til nokkurra málaflokka að magni til. Ber þar hæst framlög til félagslegra íbúðabygginga, en framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna nemur 111,3 m.kr., sem er 48,4% hækkun frá fjárlögum 1981, og auk þess er gert ráð fyrir verulegri aukningu lánsfjáröflunar til sjóðsins, eins og síðar verður gerð grein fyrir. Útlánageta sjóðsins hefur þannig nær þrefaldast frá yfirstandandi ári og er áætluð 268 m.kr.

Fyrirhugað er stóráttak í vistunarmálum aldraðra á grundvelli laga um Framkvæmdasjóð aldraðra frá s.l. vori. Stefnt er að því að tryggja sjóðnum fastan tekjustofn, er gefi 13,5 m.kr. á næsta ári, og auk þess er gert ráð fyrir 11 m.kr. hreinu ríkisframlagi í frumvarpinu. Þannig yrðu til ráðstöfunar 24,5 m.kr. til byggingar sjúkra- og dvalarheimila fyrir aldraða á næsta ári.

Framlög til vegamála hækka einnig verulega. Er gert ráð fyrir heildarútgjöldum til vegamála að fjárhæð 566 m.kr. í samræmi við vegáætlun og er það 46% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Í vegáætlun er á því byggt að til vegamála verði varið 2,1% af vergri þjóðarframleiðslu í samræmi við þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar, sem borin var fram á síðasta þingi. Að tillögu fjárveitinganefndar var hlutfall þetta hækkað við lokaafgreiðslu málsins í 2,2% þjóðarframleiðslunnar. Í fjárlagafrumvarpinu er miðað við samþykktu vegáætlun fyrir árið 1982 en gera verður ráð fyrir því, ef útgjöld til vegamála verða aukin, að Alþingi samþykki samsvarandi tekjuaukningu til vegagerðarinnar.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að efla listastarfsemi í landinu og hafa því ríkisframlög til lista og menningarmála verið mjög aukin á undanförunum tveimur árum. Þessari stefnu er fram haldið í frumvarpinu og eru framlög til lista áætluð 14,5 m.kr., en það er 67% aukning frá fjárlögum 1981. Þá skal þess getið að verulegt áttak er nú gert til að auka aðstoð við þróunarlöndin. Framlag ríkissjóðs til þessa verkefnis tvöfaldast að krónutölu og hækkar úr 9,3 m.kr. 1981 í 19,0 m.kr. 1982.

Í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að heimild fáiist til allt að 10 m.kr. lántöku vegna flugstöðvar í Keflavík. Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skal fara með flugstöðvarmál sem hér segir: „Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.“ Ljóst er af þessu að eigi verður ákveðið að ráðast í framkvæmdir við flugstöðina nema allir ráðherrar samþykki og hefur utanríkisráðherra lagt áherslu á þá túlkun í ræðum á Alþingi. Jafnframt því að taka ákvörðun um áðurgreinda lánsfjárheimild vegna flugstöðvarinnar hefur ríkisstjórnin ákveðið að fela þriggja manna nefnd allra stjórnaraðilanna að taka flugstöðvarmálið til athugunar, m. a. hönnun byggingarinnar og hugsanlega áfangaskiptingu. Mun nefndin gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, hvernig áðurgreind lántaka yrði nýtt.

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 7 799 m.kr. í frumvarpinu og er það 41,4% hækkun frá fjárlögum 1981. Beinir skattar nema 17,4% heildarteknanna, óbeinir skattar 81% og aðrar tekjur 1,6%. Eru þetta því nær óbreytt hlutföll frá fjárlaga-

tölum 1981. Tekjuáætlunin er að sjálfsögðu byggð á sömu verðlagsforsendum og reiknitala fjárlagafrumvarpsins. Miðað er við að tímabundnir skattar, sem lögum samkvæmt ættu að falla niður um næstu áramót, verði framlengdir, þó ekki sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex sem fellur niður í lok febrúar 1982. Skattvísitala er ákveðin 150 stig í frumvarpinu, og er það í fullu samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli ára 1980 og 1981.

Ekki eru uppi áform um verulegar breytingar á löggjöf um tekju- og eignarskatt á komandi ári. Hins vegar er fyrirhugað að frumvarp um staðgreiðslu skatta verði fljótlega lagt fram á Alþingi. Verði staðgreiðslufrumvarp að lögum fyrir áramót 1982/83 og gangi allur undirbúningur vel, er hugsanlegt að hefja innheimtu skatta samkvæmt staðgreiðslukerfi í ársbyrjun 1983. En til þess að svo verði, þyrfti Alþingi að samþykkja sérstök lög haustið 1982 um upphaf staðgreiðslu og skattahlutföll miðað við áætlað verðbólguþing þegar kerfið kemur til framkvæmda.

Nú í þingbyrjun verður lagt fram nýtt frumvarp um breytingar á söluskattlögum, sem stefnir að því að herða innheimtu og tryggja betra eftirlit með álagningu skattsins. Sölugjald ásamt orkujöfnunargjaldi er orðið langstærsti tekjustofn ríkissjóðs og verður að tryggja eftir því sem mögulegt er að þessar tekjur komi til skila, en vafalaust eru hér nokkur vanhöld á innheimtu eins og víða annars staðar.

Unnið er að endurskoðun tollskrár og aðflutningsgjalda, m. a. með það markmið í huga að einfalda og jafna álagningu aðflutningsgjalda og draga úr óhóflegri gjaldtöku. Á liðnu sumri voru gjöld á nokkrum tegundum eldhústækja lækkuð verulega, eða úr 135% í 80%. Þá var innflutningsgjald á bifreiðar, sem teljast sparneytnar á eldsneyti, lækkað úr 50% í 35%, þannig að aðflutningsgjöld á þessar gerðir bifreiða lækkuðu úr 135% í 110%.

Niðurstöðutölur gjalda og tekna sýna rekstrarafgang að fjárhæð 151 m.kr. á árinu 1982, en í fjárlögum 1981 var rekstrarafgangur 57 m.kr. Gert er ráð fyrir neikvæðum jöfnuði á lánahreyfingum að fjárhæð 79 m.kr. og nettó-úttreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 m.kr. Þannig kemur fram greiðsluafgangur að fjárhæð 58 m.kr., en í fjárlögum 1981 var greiðsluafgangur 28 m.kr. Afborganir af lánum til Seðlabankans eru áætlaðar 120 m.kr. í frumvarpinu. Í fjárlögum ársins 1981 eru þessar afborganir 100 m.kr. Heildarafborganir lána í A-hluta frumvarpsins eru áætlaðar 320 m.kr. en nýjar lántökur A-hlutans eru ráðgerðar 317 m.kr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 hefur verið unnin jafnhliða fjárlagafrumvarpinu og var í meginatriðum frágengin þegar fjárlagafrumvarpið fór í prentun. Í áætluninni verður nánari grein gerð fyrir áætlaðri heildarfjárfestingu á næsta ári og fjármögnun hennar. Þar sem mikilvægum framkvæmdaáföngum í orkumálum lýkur á þessu ári er ljóst að nokkuð dregur úr framkvæmdum á næsta ári að magni til, og er heildarfjárfesting áætluð um 24% þjóðarframleiðslu í stað 25,5% í ár.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1981

Meginforsendur frumvarpsins

Gerð fjárlagafrumvarpsins er byggð á tilteknum reikniforsendum um þróun verðlags, launa og gengis milli meðaltala árána 1981 og 1982. Eins og áður segir, er miðað við 33% verðlagshækkun frá meðaltali ársins 1981 til meðaltals 1982. Verðhækkunarir í helstu viðskiptalöndum okkar eru áætlaðar 8—9% á næsta ári.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu sett á launastig um næstu áramót, og er þá miðað við 9% hækkun 1. desember n. k. Á sérstökum fjárlagalið er síðan gert ráð fyrir fé til að mæta áætluðum hækkunum verðbótavísitölu á árinu 1982, samtals 270 m.kr. Að því er varðar aðra rekstrarliði er tekið tillit til þess að verðhækkunarforsenda fjárlaga 1981 reyndist eins og oftast áður lægri en verðhækkunarir hafa orðið í reynd og verður því að bæta mismuninum ofan á reiknitölu fjárlaganna. Önnur rekstrargjöld hækka því um 40% í fjárlagafrumv. 1982 frá fjárlagatölu ársins á undan. Áætlun um framkvæmdaframlög eru almennt miðuð við 28% hækkun að því er tekur til helstu framkvæmdaflokka. Almennt er hliðsjón höfð af núverandi byggingarstigi einstakra framkvæmda og við það miðað að fjárveitingar nægi eftir því sem við á til heillegra byggingaráfanga. Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru á sama hátt og undanfarin ár nokkru lægri en einstök lög gera ráð fyrir en þó miðuð við þá almennu reglu, að framlög aukist að hámarki um 40% en 33% að lágmarki. Sérstakt tillit er þó tekið til nýsettra laga um Iðnrekstrarsjóð, Byggingarsjóð verkamanna og Bjargráðasjóð. Sértekjur einstakra stofnana eru sérstaklega athugaðar með tilliti til væntanlegrar verðþróunar á næsta ári og raunverulegrar reikningsútkomu á árinu 1980. Tekjuáætlun frumvarpsins er meðal annars reist á þeim forsendum um breytingar verðlags og kauplags sem raktar eru hér að framan. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta aukist um rúmlega 1% að raungildi milli 1981 og 1982. Varðandi aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 2½% aukningu alls innflutnings og að innflutningsverð hækki um 7% í erlendri mynt en um nálega 33% í krónum að meðaltali milli árána 1981 og 1982. Áætlanir um tekjuskatta einstaklinga eru miðaðar við að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs milli 1980 og 1981. Gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 stig miðað við 100 1981, og felur það í sér svipaða hækkun og nemur áætlaðri breytingu tekna milli árána 1980 og 1981. Í tekjuáætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sjúkra-tryggingagjald og sérstakt tímabundið vörugjald verði framlengt til ársloka 1982 og sama gildi um lagaákvæði um innheimtu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex falli niður í febrúarlok 1982 eins og gildandi lög kveða á um.

Áætlanir um rekstur fyrirtækja í B-hluta frumvarpsins, sem ekki fá framlög úr ríkissjóði, miðast almennt við verðlag á áætlunartímanum, en um B-hluta aðila og einkum mikilvæg gjaldskrármál þeirra verður að venju fjallað af fjárveitinga-nefnd.

Í þessu sambandi ber að nefna að gert er ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki tiltekið áhvílandi lán hjá Rafmagnsveitum ríkisins vegna félagslegra framkvæmda, sem þeim var falið að annast og er unnið að nánari greiningu á kostnaði af þeim sökum. Í greinargerð um vexti og afborganir ríkissjóðs er fjallað um þetta nánar.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru áætluð 7 648 m.kr. árið 1982 og er það 40,1% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Við slíkan samanburð ber að hafa í huga að fjárlagatölur ársins 1981 eru lægri en raunverulegar tekjur og gjöld. Kemur þar einkum til, að hin almenna reikniforsenda sem fjárlagaáætlunin 1981 byggðist á, eða 42% hækkun frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981, var lægri en raunveruleg verðbreyting eins og oftast áður. Ennfremur er nú ljóst orðið að magnaukning í sjúkratryggingakerfinu og aukning raunbóta lífeyristrygginganna er mun meiri á árinu en séð varð fyrir í fjárlagaáætluninni. Auk þess koma til, eins og ávallt, ýmsar ráðstafanir eftir fjárlagaafgreiðslu sem orsaka frávik frá fjárlagatölum. Um mitt ár var útgjaldahlið ríkisfjármálanna endurmetin með tilliti til framangreindrar þróunar, og var niðurstaðan á sambærilegum grundvelli 5 640 m.kr. heildarútgjöld. Sé þessi tala lögð til grundvallar nemur útgjaldahækkunin 35,7%, sem samsvarar 2% magnaukningu, og kemur sú aukning einkum fram í ríkisframlögum til almannatrygginga. Heildarútgjöldin nema 28,1% af áætlaðri þjóðarframleiðslu 1982, en í fjárlagafrumvarpi 1981 var þetta hlutfall því sem næst hið sama eða 28,2%.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda í frumvarpinu og gildandi fjárlögum og þar á eftir fer stutt greinargerð um einstaka gjaldflokka. Tölur eru tilfærðar í heilum milljónum króna.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun í %
Laun	1 563	2 172	39,0
Önnur rekstrargjöld	350	499	42,6
Viðhald	155	233	50,3
Vextir	191	264	38,2
Almannatryggingar	1 332	2 071	55,5
Niðurgreiðslur	350	466	33,1
Útflutningsuppbætur	120	160	33,3
Aðrar rekstrartilfærslur	556	710	27,7
	4 617	6 575	42,4
Sértekjur	99	153	54,5
	4 518	6 422	42,1
Rekstrarliðir samtals	940	1 226	30,4
Framkvæmdaframlög			
Útgjöld samtals	5 458	7 648	40,1

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 2 172 m.kr. og er það 39,0% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Í þessari tölu er meðtalin áætluð hækkun á árinu 1982 í samræmi við reikniforsendur frumvarpsins, en vegin meðalhækkun ársins '82 er 12,75% og nemur 270 m.kr. Launaliður á áætluðu verðlagi um áramót 1981/1982 er þannig 1 902 m.kr. Við gerð fjárlaga fyrir árið 1981 lá ekki fyrir hver útgjöld ríkissjóðs vegna kjarasamninga BSRB og BHM yrðu. Í fjárlögum voru áætlaðar 45 m.kr. til þess að mæta áhrifum kjarasamninganna. Þegar launaliður fjárlaga 1981 var endurmetinn í febrúar 1981 með tilliti til kjarasamninga BSRB, niðurstöðu kjaradóms varðandi BMH og þess að vísitölhækkun 1. des. 1980 reyndist 9,52% í stað 10% sem áætlað var í fjárlögum, hækkaði grundvöllur launa um 56 m.kr. Að teknu tilliti til þessa er sambærileg fjárhæð við 1 902 m.kr. því í reynd 1 359 m.kr. Það er hækkun um 40,0%. Hækkun launaliðarins skýrist þannig: Verðbótavísitala launa hækkaði um 5,95% 1. mars 1981, 8,1% 1. júní, 8,92% 1. september og áætluð desemberhækkun

er 9,0%, eða alls 36,0% frá upphafi til loka árs. Umframhækkun, 4,0%-stig skýrist af ýmsum þáttum. Mjög erfitt er að greina þessa þætti af nákvæmni. Lauslegt mat bendir til þess að hækkun af völdum magnaukningar sé um 1,3%-stig og flokka-hækkunar, áhrif kjarasamnings lækna og aðrar launatilfærslur valdi um 2,7%-stigum.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaflokkur nemur 499 m.kr. og er hækkunin frá fjárlögum 1981 42,6%. Við áætlun þessa liðar hefur verið tekið tillit til þess að almenn reikniforsenda verðlags í fjárlögum 1981, sem var 42% frá meðaltali 1980 til meðaltals 1981, verður líklega nálægt 50%. Hin almenna verðlagsforsenda fyrir 1982 er, sem fyrr greinir, 33% og af framangreindum orsökum er vanáætlun ársins 1981 bætt við þannig að miðað er við um 40% verðlagshækkun í samanburði við fjárlagatölur yfirstandandi árs. Hækkun frumvarpstölu er því nær hin sama og áætlun verðlagshækkun og felur því í sér óbreytt útgjöld á föstu verðlagi, eða óbreytt magn.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 233 m.kr. í frumvarpinu og er það rösklega 50% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Þetta er talsvert umfram áætlaða verðlagshækkun, og veldur hér mestu vegaviðhald sem byggt er á tölu vegáætlunar eins og hún var afgreidd frá Alþingi vorið 1981. Þannig hækkar vegaviðhald um 56,4%, en annað viðhald hækkar um 35,6% sem er nokkurn veginn í samræmi við þá verðlagshækkun sem áætluð er fyrir þessa tegund útgjalda.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 264 m.kr., eða 38,2% hærrí en í fjárlögum 1981. Áætlunin er byggð á forsendum frumvarpsins um hækkun viðkomandi vísitalna að því er tekur til verðtryggðra lána, og gengis varðandi erlend lán, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu ríkissjóðs hefur að sjálfsögðu áhrif á áætlunartöluna.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga eru áætluð samtals 2 071 m.kr. í frumvarpinu og er hér um að ræða 55,5% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þessi útgjaldaflokkur nemur meira en fjórðungi heildarútgjalda ríkissjóðs og er því meginorsök þess að ríkisútgjöldin hækka nokkuð umfram áætlaðar verðlagshækkunar. Ástæður þessarar umframhækkunar má einkum rekja til mikillar magnaukningar í sjúkratryggingakerfinu, en auk þess hefur komið til hækkun vissra tegunda lífeyristrygginga, einkum tekjutryggingar, umfram almennar launa- og verðlagshækkunar svo og fæðingarorlof. Þessi aukning magns og raunbóta hefur ekki verið séð fyrir við fjárlagagerð. Til viðbótar þessu kemur að almennar bóta-hækkunar í kjölfar kjarasamninganna á sl. hausti voru ekki áætlaðar í fjárlagatölum yfirstandandi árs. Þessar hækkunar eru áætlaðar um 88 m.kr. á árinu 1982 og að þeim frátöldum nemur hækkun ríkisframlags til almannatrygginga um 49%.

Niðurgreiðslur á vöruverði ásamt framlagi í lífeyrissjóð bændna nema 466 m.kr. sem er 33,1% hækkun frá fjárlögum 1981. Við áætlun þessa liðar var miðað við að hann fylgdi áætlaðri verðlagshækkun og felur það í sér hlutfallslega svipað niðurgreiðslustig og í ár. Í fjárlögum 1981 er gert ráð fyrir niðurgreiðslum er nema 2,9% af einkaneyslu og í frumvarpinu er áætlunarfjárhæðin hlutfallslega því nær hin sama, eða 2,8%.

Útflutningsuppbætur. Framlag ríkisins er áætlað 160 m.kr. í frumvarpinu og hækkar því um 33,3% og er það í samræmi við áætlaða verðlagshækkun. Þrátt fyrir að dregið hafi úr framleiðslu vegna kvótakerfis og fóðurbætisskatts þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir minni útflutningi en sem svarar 10% framleiðslunnar.

Aðrar rekstrartilfærslur nema samtals 710 m.kr. og er það 27,7% hækkun frá fjárlögum 1981. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar á yfirlitinu hér á undan. Þyngst veða þar framlög

til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið, einna drýgst er þar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem nemur 117 m.kr. og hækkar um 45% frá fjárlögum 1981.

Sértekjur. Við fjárlagaáætlunina hefur þess verið gætt að áætla sértekjur hinna ýmsu stofnana til samræmis við síðustu handbærar reikningstölur og almenna hækkun rekstrarkostnaðar síðan. Er þá gert ráð fyrir að gjaldskrár og þjónustugjöld hækki til samræmis, eftir því sem við á. Samtals nema sértekjur 153 m.kr. sem er 54,5% hækkun frá fjárlagatölu.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög nema samtals 1 226 m.kr. og er það 30,4% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Miðað við áætlun um 33% meðalverðhækkun milli árána 1981 og 1982 felur þetta í sér um 2% magnmínkun. Þessi útgjaldaflokkur er nokkru viðtækar skýrgreindur en ríkisframkvæmdir í þjóðhagsáætlun, þar sem með eru taldar fjármagnstílfærslur, svo sem fjárfestingarstyrkir, framlög til sjóða og framlög vegna lánagreiðslna. Á meginflokkum þessara framlaga verða þessar breytingar frá fjárlögum 1981: Verklegar framkvæmdir, sem áætlaðar eru 737 m.kr., hækka um 35,3% og felur sú hækkun í sér 1—1½% magnaukningu. Fjárfestingarstyrkir eru samtals 51 m.kr., sem er 47,5% hækkun, eða um 11% magnaukning. Er hér aðallega um að ræða framlög til vegagerðar í þéttbýli samkvæmt vegáætlun. Framlög til fjárfestingarlánasjóða og lánagreiðslna eru áætluð 438 m.kr., eða 21,3%, en það jafngildir um 9% mínkun að raungildi.

Tekjuhlíð

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er annars vegar reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er hér að framan, en hins vegar á áætlunum um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1981.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 eru áætlaðar samtals 7 799,3 m.kr. samanborið við 5 619,2 m.kr. í áætlun fyrir árið 1981 og 5 514,8 m.kr. á fjárlögum ársins 1981. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1982 frá áætlun fyrir árið 1981 nemur 2 180,1 m.kr., eða 38,8%, en 41,4% frá fjárlögum 1981. Til samanburðar má nefna að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1981 eru taldar munu aukast um 52,7% frá 1980 (54,8% 1979—1980).

	1979	1980	Fjárlög 1981	Áætlun 1981	Frumvarp 1982
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	2 377,7	3 680,9	5 514,8	5 619,2	7 799,3
Hækkun frá fyrra ári, %	53,9	54,8	49,8	52,7	41,4/38,8

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1981 67,7 m.kr. sem er rúmlega 74% hækkun frá álagningu fyrra árs. Tölur um álagningu eignarskatts á félög liggja ekki fyrir, en í tekjuáætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að álagningin hækki heldur minna en hjá einstaklingum, eða um 58%. Heildarálagning eignarskatta yrði samkvæmt þessu 66% hærrí en 1980.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1982 eru reistar á þeirri meginforsendu, að fasteignamat hækki um sem næst 45% frá desember 1980 til jafnlangdar 1981 og verðhækkun annarra eigna sé svipuð. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 miðað við 100 1981, en fjárhæð skattfrjálsrar eignar einstaklinga breytist með skattvísitölu samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Á þessum forsendum ætti hækkun eignarskatts einstaklinga á hvern framteljanda að verða heldur minni en svarar verðhækkun eigna. Á hinn bóginn er áætlað að eignastofn aukist um 3—4% að magni milli

áráanna 1980 og 1981. Heildarálagning eignarskatts einstaklinga og félaga er því talin aukast um tæplega 50% milli áráanna 1981 og 1982.

Á ofangreindum forsendum um álagningu og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum verði svipuð og á þessu ári er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 93 m.kr. og innheimta eignarskatts félaga 81,3 m.kr. á árinu 1982.

Með lögum nr. 17/1981 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1980 skyldi lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1981. Í tekjuáætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að innheimta þessa skatts verði 22 m.kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir árið 1982 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin, þannig að álagning hækki um 45% og álagningarstofninn aukist um 3—4%. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 35,5 m.kr. og innheimta 32,1 m.kr. að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1981, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 1 015,1 m.kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur tæplega 58%. Barnabætur námu 211,4 m.kr. en voru 146,3 m.kr. í fyrra, eða 45% hækkun. Afsláttur til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur nú 77,2 m.kr. en 46,6 m.kr. í fyrra, eða 66% hækkun. Þess ber þó að gæta að nú er í fyrsta sinn heimilt að nýta persónuafslátt til greiðslu eignarskatts og nemur sú fjárhæð 15,3 m.kr. Sé einungis horft til afsláttar til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds er hækkunin milli 1980 og 1981 um 33%. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga 1981 nemur þannig 726,4 m.kr., eða rösklega 61% hærri en frumálagning 1980.

Varðandi álagningu tekjuskatts einstaklinga má nefna að verulegur munur varð á frumálagningu 1980 og endanlegri álagningu. Þannig varð endanleg álagning um 6% lægri en frumálagningartölur gáfu til kynna. Þennan mun má meðal annars rekja til þeirrar óvissu sem fylgdi hinum nýju ákvæðum skattalaganna á síðasta ári, einkum varðandi heimildir í lögum um ákvörðun launa manna sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Meðal annars með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 25/1981 á lögum um tekju- og eignarskatt (sérstaklega ákvæðum 59. gr. laga nr. 40/1978) og komu til framkvæmda við álagningu 1981 er gert ráð fyrir að munurinn milli frumálagningar og endanlegrar álagningar á þessu ári verði minni en í fyrra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir svipuðu innheimtuhlutfalli og á síðasta ári. Á þessum forsendum er nú áætlað að nettóinnheimta 1981 nemi um 614 m.kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1982 er reist á þeirri meginforsendu, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs, milli 1980 og 1981. Áætlað er að heildartekjur einstaklinga til skatts aukist um 50% á mann milli áráanna 1980 og 1981. Sem fyrr getur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 stig miðað við 100 stig 1980 í samræmi við breytingar tekna. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 50% frá áætlun um endanlega álagningu 1981, og að auki er gert ráð fyrir um 1% fjölgun framteljenda. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1981. Samkvæmt ofangreindum forsendum er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga á árinu 1982 verði sem hér segir (í m.kr.):

	Uppgjör	Áætlun	Frumvarp
	1980	1981	1982
Eftirstöðvar í ársbyrjun	74,5	110,6	173,7
Brúttóálagning	595,8	975,1	1 482,2
Til innheimtu	670,3	1 085,7	1 655,9
Innheimt brúttó	559,7	912,0	1 391,0
Frá dragast barnabætur og persónuafsláttur	195,3	297,7	452,5
Innheimt nettó	364,4	614,3	938,5

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1981 nam 33,8 m.kr. og er það svipað og gert var ráð fyrir í endurskoðaðri tekjuáætlun sem gerð var í kjölfar þeirrar lækkunar á sjúkratryggingagjaldi sem ákveðin var með lögum nr. 36/1981. Við áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi rétt um 50 m.kr. á árinu 1982 og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 51 m.kr.

Tölur um álagningu tekjuskatts félaga árið 1981 liggja ekki fyrir, en reiknað er með að álagning nemi tæplega 110 m.kr. sem er um 50% hækkun frá endanlegri álagningu 1980 eins og hún er áætluð út frá ríkisreikningi. Miðað við svipað hlutfall innheimtu af álagningu og eftirstöðvum frá fyrra ári og var 1980 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga á árinu 1981 verði nálægt 100 m.kr. Þótt óvissan um endanlega álagningu tekjuskatts félaga sé ekki eins mikil og á síðasta ári, þegar lagt var á tekjur félaga í fyrsta sinn eftir nýju skattalögunum, verður að hafa nokkurn fyrirvara á þessum áætlunum, m. a. með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á tekjuskattlögum síðastliðið vor. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli árana 1980 og 1981 vegna slakrar afkomu atvinnugreina. Þannig er reiknað með að álagningin hækki um 35% frá áætlun fyrir árið 1981. Samkvæmt þessu er talið að innheimta tekjuskatts félaga verði rösklega 134 m.kr. og er þá tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum, en miðað við óbreytt hlutfall innheimtu. Rétt er að benda á að allt mat á álagningu, innheimtu og eftirstöðvum er talsverðum erfiðleikum bundið þar sem ekki er greint á milli innheimtu tekna fyrir einstaklinga og félög í ríkisreikningi. Á þetta raunar bæði við um tekjuskatt og eignarskatt.

Með lögum nr. 49/1981 var kveðið á um, að á árinu 1981 skyldi leggja á skattskylda menn skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt sérstakt gjald er rynni í framkvæmdasjóð aldraðra. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur af þessu gjaldi nemi um 10 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að gjald þetta verði áfram lagt á og áætlað að tekjur af gjaldinu verði 13,5 m.kr.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1981 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 636,5 m.kr. Tölur um innheimtu og innflutning á fyrri helmingi þessa árs, einkum þó á öðrum ársfjórðungi, gefa á hinn bóginn til kynna að innflutningur hafi verið talsvert meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í endurskoðaðri áætlun um tolltekjur ríkissjóðs er því gert ráð fyrir að innheimtan verði um 667 m.kr. á árinu 1981. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í almennum innflutningi og 1980, eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er hins vegar talið munu aukast nokkuð frá fyrra ári vegna hlutfallslega meiri innflutnings á fólksbifreiðum en öðrum bifreiðum.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 2½% að raungildi frá þessu ári. Ennfremur er gert ráð fyrir að innflutningsverð hækki um 7% í erlendri mynt en um tæplega 33% í krónum, eða svipað og verðlag innanlands.

Hvað almennan innflutning varðar er í áætlun fyrir 1982 gert ráð fyrir að tollhlutfall verði svipað eða ívið lægra en á þessu ári. Hið sama gildir um áætlaðar tolltekjur af bifreiðainnflutningi og er enn fremur reiknað með að bifreiðainnflutningur aukist í hátt við almennan innflutning eftir talsverðan samdrátt á þessu ári.

Á þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs af bifreiðum áætlaðar 234 m.kr. 1982, tolltekjur af bensíni eru taldar munu nema 154 m.kr. og aðrar tolltekjur rösklega 513 m.kr. Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum á árinu 1982 yrðu samkvæmt þessu rösklega 900 m.kr., eða 35% hærra en í áætlun fyrir árið 1981. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs næmi samkvæmt þessari áætlun 11,5% á næsta ári, samanborið við 11,9% á þessu ári, 12,5% 1980 og 14,0% 1979. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa því lækkað verulega á síðustu árum. Hið sama er upp á teningnum þegar horft er á tölur um tolltekjur af bifreiðum og raunar hafa tolltekjur af bensíninnflutningi heldur lækkað hlutfallslega frá árinu 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 172 m.kr. á árinu 1981, eða 66% hærra en á árinu 1980. Í fjárlögum var reiknað með heldur lægri tölu, eða 168 m.kr. Áætlanir um bensínsölu eru óbreyttar frá fjárlagaáætlun, eða rösklega 122 milljónir lítra, tæplega 1½% aukning frá árinu áður. Í áætlun fyrir 1982 er reiknað með nokkurri aukningu bensínsölu og innflutningsgjald af bensíni er samkvæmt því áætlað 252,7 m.kr. Hækkunin frá 1981 er talsvert umfram meðalhækkun tekjuliða og veldur þar mestu um að bensíngjaldið var óbreytt á fyrri hluta árs 1981 og var á þeim tíma mun lægra en gildandi heimildir í lögum leyfðu. Í áætlun fyrir 1982 er hins vegar gert ráð fyrir að bensíngjald breytist í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum áætlað 90 m.kr. á árinu 1981. Helstu breytingar frá fjárlagaforsendum eru þær að innflutningsverð hefur lækkað meira en þar var gert ráð fyrir, en á móti vegur nokkru meiri samdráttur í bifreiðainnflutningi en áður var talið. Með reglugerð nr. 453/1981 var enn fremur ákveðin 30% lækkun á innflutningsgjaldi sparneytinna bifreiða frá 1. ágúst 1981. Áætlað tekjutap ríkissjóðs af innflutningsgjaldi vegna þessarar lækkunar er áætlað 2—3 m.kr. á árinu 1981 og 20—25 m.kr. 1982. Að öllu þessu samanlögðu er innflutningsgjald af bifreiðum áætlað röskar 92 m.kr. 1981. Í frumvarpi er gert ráð fyrir að innflutningsgjald af bifreiðum nemi 125 m.kr. á árinu 1982 og er þá höfð hliðsjón af þeim forsendum sem áður voru nefndar.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu á árinu 1981 er áætlað 5,3 m.kr. og í áætlun fyrir 1982 er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum, þ.e. að þessi olíuinnflutningur verði svipaður og á árinu 1981. Tekjur af jöfnunargjaldi eru áætlaðar 33 m.kr. 1981 og á sömu forsendum og gilda um innflutning er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu á næsta ári nemi tæplega 45 m.kr. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex er talið skila 13 m.kr. á þessu ári. Með því að gildandi lög um gjald þetta kveða á um, að það skuli einungis innheimt til febrúarloka næsta árs, er hér gert ráð fyrir að gjaldið falli þá niður. Tekjur af þessu gjaldi eru því einungis áætlaðar tæplega 3 m.kr. á næsta ári.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 987 m.kr. 1981, samanborið við 948 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1980 er þannig rösklega 42%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 1 339 m.kr. á árinu 1982, eða 36% hækkun frá 1981. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld rösklega 17% af heildartekjum ríkissjóðs 1982, eða heldur lægra hlutfall en 1981, en talsvert lægra en 1980 þegar hlutfallið var tæplega 19%.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 415 m.kr. á árinu 1981, eða 3 m.kr. meiri en í fjárlögum. Skýringuna á þessari tiltölulega litlu hækkun frá fjárlögum, þrátt fyrir breyttar verðlagsforsendur, má að langmestum hluta rekja til þess að vörugjald á gosdrykki var lækkað úr 30% í 17% frá 1. maí s. l. Enn fremur sýnist innheimta gjaldsins tregari en ráð var fyrir gert. Í áætlun fyrir

1982 er gert ráð fyrir að tekjur af vörugjaldi verði um 38 m.kr. Lög um sérstakt vörugjald ganga úr gildi í árslok 1981 en í áætlun fyrir 1982 er gert ráð fyrir að þau verði framlengd óbreytt til ársloka 1982. Í áætlun fyrir 1981 eru tekjur af þessu gjaldi taldar nema tæplega 383 m.kr. og á árinu 1982 eru tekjur áætlaðar 519 m.kr. Álgjald er áætlað 6,3 m.kr. 1981 og 9,4 m.kr. 1982. Er þá miðað við 85 000 tonna framleiðslu, lágmarksgjaldið 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru á fjárlögum 1981 áætlaðar 2 719 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 2 867 m.kr., eða rösklega 5% meiri en í fjárlagaáætlun. Hækkun þessa má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna. Áætlun um söluskatt fyrir árið 1982 er reist á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er áætlað að innheimtur söluskattur á næsta ári verði 2 585 m.kr., eða rösklega 36% hærrí en 1981. Tekjur af orkujöfnunargjaldi eru áætlaðar 140 m.kr. 1981 og 190 m.kr. 1982. Heildartekjur ríkissjóðs af gjaldi á söluskattsstofn eru því áætlaðar 2 775 m.kr., eða tæplega 36% af heildartekjum ríkissjóðs 1982. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti er hér ekki meðtalin, en hann er áætlaður tæplega 203 m.kr. 1982, samanbórið við 149 m.kr. á þessu ári.

Launaskattur er áætlaður 277 m.kr. á þessu ári en tæplega 390 milljónir á næsta ári, eða rösklega 40% hækkun, og er þá gengið út frá launaforsendum frumvarpsins, auk áætlunarinnar fyrir árið 1981.

Rekstrarhagnaður ÁTVR er í fjárlögum 1981 áætlaður 385 m.kr. og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kaupaxta og verðlags. Í endurskoðaðri áætlun er þetta svo til óbreytt, enda hefur útsöluverð að mestu fylgt þróun tekna og verðlags það sem af er árinu og er reiknað með að svo verði áfram. Í áætlun fyrir 1982 er rekstrarhagnaður ÁTVR talinn verða 522 m.kr., eða tæplega 35% hærrí en 1981.

Flugvallagjald var á fjárlögum þessa árs áætlað 14 m.kr. og var þá meðal annars gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í flugi svo og að gjaldið hækkaði í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga. Gjaldið var hins vegar óbreytt fyrstu átta mánuði þessa árs og er því gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði heldur minni, eða um 12½ m.kr. Í áætlun fyrir árið 1982 er miðað við það gjald sem tók gildi 1. september 1981. Samkvæmt þessu eru tekjur af gjaldinu áætlaðar 18 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 362 m.kr. á þessu ári samanbórið við 348 m.kr. á fjárlögum og stafar munurinn einkum af áætlaðri meiri innheimtu bifreiðaskatts vegna breyttra verðforsendna. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðar 494 m.kr. 1982, eða 36—37% hærrí en 1981.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða rösklega 8 m.kr. á þessu ári og er það óbreytt frá fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1982 eru þessar tekjur taldar verða 12 m.kr., eða 50% hærrí en 1981.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 72 m.kr. 1981, eða tæplega 30 milljónum lægri en í fjárlögum. Mismunurinn felst nær eingöngu í endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs af vöxtum og dráttarvöxtum. Fyrir árið 1980 voru vextir áætlaðir 60 m.kr. samanbórið við 36 m.kr. 1979. Innheimtir vextir 1980 reyndust hins vegar einungis 37 m.kr. eða litlu hærrí en árið á undan. Ástæðurnar fyrir þessu eru nánast bókhaldslegar þar sem hér er um að ræða að Gjaldheimtan í Reykjavík hefur endurskoðað skiptingu innheimtutalna á þinggjöld og vexti. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar var sú að dráttarvextir væru mun minni hluti heildarinnheimtunnar en áður var talið og innheimtust mun verr en þinggjöldin sjálf. Áður hafði verið áætlað að innheimtuhlutfallið væri svipað. Þessi breyting, sem átti sér stað á síðasta ári, hefur hins vegar í för með sér að innheimtuhlutföll þinggjalda eru nú talin hærrí

en áður og er tekið tillit til þess í núverandi áætlun. Hér er því um tilfærslu milli tekjuliða að ræða miklu fremur en tekjumissi. Í áætlun fyrir 1982 er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af vöxtum verði um 50% hærri en 1981, eða 87 m.kr.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1981 og endurskoðaða tekjuáætlun.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1981—1982

Innheimtar tekjur í m.kr.

	Fjárlög 1981	Áætlun 1981	Frumvarp 1982
1. Eignarskattar	152,0	147,0	218,3
2. Tekjuskattar	826,5	761,0	1 137,3
3. Gjöld af innflutningi	948,1	986,9	1 339,2
a) Almenn aðflutningsgjöld	636,5	666,9	901,1
b) Bensín- og gúmmigjald	168,9	172,9	253,6
c) Innflutningsgjald af bílum	90,0	92,2	125,1
d) Annað	52,7	54,9	59,4
4. Skattar af framleiðslu	412,5	415,1	566,5
a) Sérstakt vörugjald	368,0	382,8	519,1
b) Annað	44,5	32,3	47,4
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	2 719,3	2 867,3	3 927,2
a) Söluskattur með orkujöfnunargjaldi	1 910,0	2 038,1	2 775,0
b) Launaskattur	267,0	277,0	389,6
c) ÁTVR	385,0	388,0	522,0
d) Annað	157,3	164,2	240,6
6. Aðrir óbeinir skattar	347,6	361,9	493,9
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	8,1	8,1	12,0
8. Ýmsar tekjur	100,7	71,9	104,9
Samtals	5 514,8	5 619,2	7 799,3
Beinir skattar	978,5	908,0	1 355,6
Óbeinir skattar	4 427,5	4 631,2	6 326,8
Aðrar tekjur	108,8	80,0	116,9

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs á árinu 1981 er áætluð 5 619,2 m.kr., eða rösklega 52% meiri en 1980. Hækkunin á næsta ári er mun minni, eða tæplega 39% miðað við endurskoðaða tekjuáætlun 1981, en rösklega 41% frá fjárlögum. Hluttur þeirra skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 17,4% 1982, en 16,2% 1981 (17,7% í fjárlögum 1981), og hlutur óbeinna skatta 81,1% 1982, en 82,4% 1981 (80,3% í fjárlögum 1981).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á A-hluta er 78 923 þús. kr. og útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 000 þús. kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir inn- og útstreymi lánajafnaðarins, en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1982, sem lögð verður fram innan tíðar, verður fjallað nánar um lánsfjáröflun ríkissjóðs og gerð grein fyrir henni í víðara samhengi við innlendan og erlendan lánsfjármarkað.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 1 065 170 þús. kr. Fjáröflunin skiptist þannig að 520 000 þús. kr. er af innlendum uppruna en 665 170 þús. kr. er erlent lánsfé. Áætlað er að innlausn eldri spariskirteina nemi 120 000 þús. kr. þannig að innlent lánsfé til ráðstöfunar til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 400 000 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er gerð nákvæm grein fyrir fjáröflun ríkissjóðs.

Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 28/1979 um breytingu á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarps um spariskirteinaútgáfu. Heimildar til innlendra lántöku umfram þá sem aflað er skv. 6. gr. og heimildar til erlendra lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Lánahreyfingar út

Heildarútstreymi á lánahreyfingum er talið nema 397 003 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs nema alls 320 223 þús. kr., þar af renna 120 000 þús. kr. til Seðlabankans og 200 223 þús. kr. til annarra aðila. Hlutfjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs 1982 eru ráðgerð alls 43 680 þús. kr. Að síðustu er gert ráð fyrir greiðslu af lánum sem tekin voru til aðstoðar við Flugleiðir hf. á árinu 1980. Þessi upphæð er færð sem útstreymi á lánahreyfingum, alls 33 100 þús. kr. Nánari skýringar er að finna um hlutfjár- og stofnfjárframlög og aðstoð við Flugleiðir í greinargerðinni hér á eftir.

Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarrar fjárþarfar A- og B-hluta ríkissjóðs árið 1982 nemur eins og áður segir 1 065 170 þús. kr. Til A-hluta renna 317 080 þús. kr. en samkvæmt lánsfjárlögum 1981 nam sambærileg upphæð 244 190 þús. kr. Hækkun er því 72 890 þús. kr. eða 29,8%. Lánsfjárráðstöfun vegna B-hluta fjárlaga er alls talin nema 748 090 þús. kr. en nam í lánsfjárlögum 1981 391 520 þús. kr. Hækkun er því 356 570 þús. kr. eða 91,1%. Ráðstöfun lánsfjáröflunar A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt lánsfjárlögum 1981 og frumvarpi 1982 skiptist þannig í meginflokka (í þús. kr.).

	Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	%
Framkvæmdir	490 040	733 668	243 628	49,7
Skuldagreiðslur	104 850	235 522	130 672	124,6
Annað	40 820	95 980	55 160	135,1
Samtals	635 710	1 065 170	429 460	67,6

Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánshjálparbætur ríkissjóðs skv. frumvarpi til fjárlaga 1982

(Í þús. kr.)

A-hluti:

Þjóðarþókklaða	5 500
Vegagerð	200 000
Landshafnir	2 000
Hlutfjár- og eiginfjárframlög	40 480
Aðstoð við Flugleiðir hf.	33 100
Styrking dreifikerfis í sveitum	21 000
Hafnargerð vegna skipaðnaðar	15 000

Samtals 317 080

B-hluti:

Byggðasjóður	50 000
Landakaup kaupstaða og kauptúna	4 000
Lánasjóður íslenskra námsmanna	50 000
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 500
Skipaútgætur ríkisins	40 000
RARIK, almennar framkvæmdir	118 660
— vararaforka fyrir landskerfið	10 000
Byggðalínur	40 493
Kröfluvirkjun:	
Framkvæmdir	63 175
Fjármagnsútgjöld	71 537
Virkjunarrannsóknir:	
Framkvæmdir	22 000
Fjármagnsútgjöld	11 385
Grænþókkverksmiðjur	4 000
Orkusjóður:	
Byggðalínur, fjármagnsútgjöld	104 100
Hitaveitulán	7 500
Jarðhitaleit	7 000
Flutningur línu í Önundarfirði	1 840
Sveitarafvæðing	4 500
Sementsverksmiðjan	10 000
Landssmiðjan	7 000
Áburðarverksmiðjan	17 000
Póstur og sími:	
Vörukaupalán	6 000
Lagning sjálfvirks síma	31 000
Næstu stórvirkjanir	60 000
Fljótsdalsvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	5 400

Samtals 748 090

A-hluti fjárlaga

Þjóðarþókkhlaða. Fyrirhugað er að til framkvæmda 1982 renni alls 10 000 þús. kr. Ráðgert er að afla alls 5 500 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda auk 4 500 þús. kr. fjárveitingar. Heildarráðstöfunarfé er við það miðað að takast megi að reisa þak hússins og klæða vegg 2.—4. hæðar.

Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nema alls 566 330 þús. kr. Fjármögnun er þriðjætt. Markaðir tekjustofnar eru taldir nema 350 800 þús. kr., ríkisframlag 15 530 þús. kr. og lántaka 200 000 þús. kr. Heildarráðstöfunarfé til vegamála nemur 2,1% af áætlaðri þjóðarframleiðslu 1982 en til frekari skýringa vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Landshafnir. Ráðgert er að afla 2 000 þús. kr. lánsfjár til framhalds framkvæmda við landshafnir. Lánsfénu verður varið þannig, að 1 500 þús. kr. renna til framkvæmda við landshöfnina Keflavík—Njarðvík og 500 þús. kr. til framkvæmda við landshöfnina Rífi.

Hlutafjár- og eiginfjárframlög. Ríkissjóður mun á árinu 1982 leggja fram nokkra fjárhæð í formi hlutafjár- og stofnfjárframlaga og afla til þess lánsfjár alls 40 480 þús. kr. Lánsfjárhæðin skiptist þannig að 5 220 þús. kr. renna til Landsvirkjunar og er þar um að ræða fjórða framlag af fimm vegna aukningar á eiginfé fyrirtækisins. Samkvæmt lögum nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður greiðir vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum hverri að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn 1982. Endurgreiðsla þessi er skoðuð sem eiginfjárframlag til bankans. Auk þess er hér áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 25 000 þús. kr. Að síðustu er að geta 2 760 þús. kr. stofnfjárframlags til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, og er það annað framlag af fimm.

Aðstoð við Flugleiðir hf. Í lögum nr. 74/1980 um málefni Flugleiða hf. er ákvæði þess efnis að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 skuli gera tillögu um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri láns þess sem tekið var vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Þáttur ríkissjóðs í uppgjöri lánsins ræðst af rekstrarafkomu fyrirtækisins í Norður-Atlantshafsflugi frá október 1980 til jafnlengdar 1981. Fjárhæð sú, sem gert er ráð fyrir að tekin verði að láni, nægir til þess að standa undir vöxtum og afborgunum umrædds rekstrarláns 1982, reynist slíkt nauðsynlegt.

Styrking dreifikerfis í sveitum. Áformað er að afla 21 000 þús. kr. lánsfjár til þess að standa straum af útgjöldum vegna styrkingar dreifikerfis í sveitum. Á árinu 1981 eru veittar til þessa verkefnis 17 000 þús. kr.

Hafnargerð vegna skipaiðnaðar. Á árinu 1981 er ákveðið að afla 11 770 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda sem miða að því að bæta hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Á árinu 1982 er stefnt að áframhaldandi framkvæmdum í þessu tilliti og að til verkefnisins verði aflað 15 000 þús. kr. lánsfjár.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Lánsfjáröflun Byggðasjóðs er áformuð 50 000 þús. kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 52 500 þús. kr. en auk þess er eigið fé sjóðsins áætlað 17 400 þús. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 119 900 þús. kr., eða um 1,6% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs, og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Landakaup kaupstaða og kauptúna. Á árinu 1981 var ráðist í að styrkja sjóð þann er veitir lán til landakaupa sveitarfélaga. Í þessu skyni var á árinu 1981 aflað heimildar til töku 3 000 þús. kr. láns. Á árinu 1982 er áformað að afla sjóðnum heimildar til lántöku allt að 4 000 þús. kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fyrirhugað er að afla 50 000 þús. kr. lánsfjár á árinu 1982 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lántakenda. Um fjárframlög til sjóðsins og útlánagetu vísast til greinargerðarinnar undir menntamálaráðuneytinu.

Lagmetisiðjan Siglóssild. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á síðustu árum. Því er áformað að afla fyrirtækinu 1 500 þús. kr. lánsfjár til þess að bæta rekstrarfjárstöðu þess. Auk þess nemur fjárveiting til fyrirtækisins 1 000 þús. kr.

Skipaútgæð ríkisins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir lántöku til fyrirtækisins að fjárhæð 24 000 þús. kr. Hún skiptist þannig að 4 000 þús. kr. renna til smíði vöruskemmu og til þess að bæta aðstöðu fyrirtækisins í Reykjavíkurbænum og 20 000 þús. kr. eru ætlaðar til hönnunar og byrjunarfrankvæmda við smíði nýrra strandferðaskipa. Á árinu 1982 er áformað að afla heimildar til lántöku alls að fjárhæð 40 000 þús. kr. til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins. Fjárhæðin er við það miðuð að lánsfé árána 1981 og 1982 renni til smíði sem svarar eins skips og kaupa á öðru.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins eru sem hér segir (í þús. kr.):

Virkjanir	1 500
Stofnlínur	31 120
Aðveitustöðvar	40 540
Innanbæjarkerfi	44 000
Disilstöðvar, tæki o. fl.	7 500

Samtals 124 660

Veigamestu verkefni ársins 1982 er hluti lagningar háspennulínu frá Laxá í Aðaldal til Kópaskers og að auka flutningsgetu lína á Suðurlandi (spennuhækkun). Almennar framkvæmdir RARIK eru fjármagnaðar þannig að fyrirhugað er að afla alls 118 660 þús. kr. lánsfjár, en auk þess er talið að tekjur af heimtaugargjöldum nemi 6 000 þús. kr. Í yfirliti í töfluviðauka fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er sýnd skipting framkvæmdafjár á einstök verkefni.

RARIK, varaorka fyrir landskerfið. Til að auka öryggi þeirra landssvæða, sem lakast eru sett með tilliti til varaafis í raforkukerfinu þegar háspennulínur bila, er áformað að afla 10 000 þús. kr. lánsfjár og verja því til kaupa og uppsetningar á varaafli samkvæmt nánari athugun, sem nú stendur yfir.

Byggðalínur. Lánsfjárútleiðing til framkvæmda við byggðalínur 1982 er alls áformuð 40 493 þús. kr. Eftir er að tímasetja framkvæmdir við Suðurlínu milli Sigöldu og Hafnar í Hornafirði og ákveða að hve miklu leyti útvega þarf fé til þeirra framkvæmda á næsta ári. Umræddu fjármagni verður varið til áframhaldandi framkvæmda við þá byggðalínuáfangu sem þegar hafa verið ákveðin. Í töfluviðauka fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er sýnd skipting lánsfjárins á helstu verkefni.

Kröfluvirkjun, framkvæmdir. Lánsfjárútleiðing til framkvæmda, alls að fjárhæð 63 175 þús. kr., er við það miðuð að á árinu 1982 verði boraðar þrjár vinnsluholur á virkjunarsvæðunum og að þær holur verði tengdar.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Á síðustu árum hefur sá háttur verið á hafður að Orkusjóður eða ríkissjóður hafa aflað lánsfjár til þess að standa undir fjármagnskostnaði virkjunarinnar. Nú verður sú breyting á, að Kröfluvirkjun er ætlað að taka nauðsynleg lán til greiðslu vaxta og afborgana af eldri lánnum sem virkjuninni tengjast.

Virkjunarrannsóknir. Frá árinu 1980 hefur árlega verið aflað nokkurrar fjárhæðar til rannsókna á helstu virkjunarkostum landsmanna. Jafnframt hefur verið til þess ætlast að tekin lán færast á hlutaðeigandi virkjanir þegar aðstæður leyfa. Á árinu 1982 er áformað að afla 22 000 þús. kr. lánsfjár til áframhaldandi undirbúnings og rannsókna og 11 385 þús. kr. til þess að greiða vexti og afborganir af áður teknum lánnum.

Grænifóðurverksmiðjur. Gerður hefur verið samningur milli ríkissjóðs og heima- aðila í Skagafirði um að reisa grænifóðurverksmiðju í Hólminum, Skagafirði. Til fyrirtækisins leggur ríkissjóður 3 000 þús. kr. í formi hlutafjár. Ekki hefur verið gengið frá stofnun grænifóðurverksmiðju í Saltvík í Þingeyjarsýslu en til verksmiðju sem þar kann að risa er veitt 750 þús. kr. fjárveiting. Auk þeirra framlaga sem þegar er getið er áformað að afla 4 000 þús. kr. lánsfjárheimildar til verksmiðjanna. Að svo komnu máli er ekki ákveðið hvernig lánsheimildin skiptist milli fyrirtækjanna en í frumvarpinu deilist hún jafnt á þau bæði.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Áformað er að Orkusjóður afli alls 104 100 þús. kr. lánsfjár til þess að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af lánnum sem tekin hafa verið til byggðalínuf framkvæmda.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn þáttur í þeirri fjármögnun er lánveiting Orkusjóðs. Lántaka Orkusjóðs til endurlána til framkvæmda nemur alls 7 500 þús. kr.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til jarðhitaleitar nemur alls 3 000 þús. kr. Auk þess er sjóðnum aflað 7 000 þús. kr. lánsfjár svo að útlánageta hans nemur alls 10 000 þús. kr.

Orkusjóður, vegna flutnings á raforkulínu í Önundarfirði. Á árunum 1971—77 var lögð háspennulína frá Mjólkárveitunni til Ísafjarðar. Lega línunnar er með þeim hætti að hún dregur úr flugöryggi við flugbrautina hjá Holti í Önundarfirði. Ráðgert er að afla 1 840 þús. kr. lánsfjár til að standa undir kostnaði við flutning línunnar svo að hætta stafi ekki af henni.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Til framkvæmda við endurbætur og nýlagnir er gert ráð fyrir að verja alls 7 200 þús. kr. Annars vegar er um að ræða 2 700 þús. kr. framlag úr ríkissjóði og hins vegar 4 500 þús. kr. lántöku.

Sementsverksmiðja ríkisins. Fyrirtækið hefur átt í fjárhagserfiðleikum á árinu 1981. Er því ráðgert að afla 10 000 þús. kr. lánsfjár á árinu 1982 til þess að tryggja rekstrargrundvöll þess.

Landssmiðjan. Hafnar eru framkvæmdir við verkstæðishús á lóð Landsmiðjunnar við Skútuvog í Reykjavík. Undirbúningur hefur staðið yfir frá því á árinu 1978. Áformað er að fyrirtækið fái heimild til lántöku á árinu 1982 alls að fjárhæð 7 000 þús. kr. Þá fjármagna lánasjóðir iðnaðarins framkvæmdir að hluta, auk þess sem gert er ráð fyrir sölu eigna við Sölvhólsgötu.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Á árinu 1981 var hafist handa við að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Áætluð lántökupörf til lokaframkvæmda á árinu 1982 er 17 000 þús. kr.

Póstur og sími, vegna vörukaupa. Á sama hátt og á undanförunum árum er gert ráð fyrir að um nokkur vörukaupalán verði að ræða hjá Pósti og síma í tengslum við framkvæmdir. Alls er áætlað að aflað verði 6 000 þús. kr. í formi vörukaupalána 1982.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma er Pósti og síma veitt heimild til að taka lán allt að 20 000 þús. kr. árlega í 5 ár til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Fjárhæðin breytist með verðlagi og því er áætlað að lántaka á árinu 1982 nemi alls 31 000 þús. kr.

Næstu stórvirkjanir. Verkhönnun næstu þriggja stórvirkjana, þ.e. Blönduvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunar og Sultartangavirkjunar, stendur nú yfir og er stefnt að því að henni ljúki veturinn 1981—1982. Þess er vænst að í haust verði tekin ákvörðun um næstu virkjun í landskerfinu. Lánsfénu, alls 60 000 þús. kr., er áformað að ráðstafa til gerðar útboðsgagna, vegagerðar o. fl. sem nauðsynlegt er til undirbúnings virkjunarframkvæmdanna.

Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld. Á árunum 1975—1980 var aflað nokkurs lánsfjár til að kosta athuganir á virkjunarmöguleikum í Fljótsdal. Rafmagnsveitur ríkisins tóku þessi lán og hafa gjaldfært á sérstökum viðskiptareikningi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að áhvilandi skuldir færast á B-hluta fyrirtækið Fljótsdalsvirkjun og að fyrst um sinn fái það fyrirtæki heimild til lántöku vegna fjármagnsútgjaldanna.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1981.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	100 000 000	120 000 000	20 000 000
Greitt af skuldabréfum	100 000 000	120 000 000	20 000 000
Önnur lán	114 744 070	200 223 300	85 479 230
Innlend lán óverðtryggð	25 489 790	25 268 500	+ 221 290
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	35 849 700	49 415 100	13 565 400
— — — lánskjaravísitölu	5 325 320	19 274 700	13 949 380
— — — vísitölu framf.kostn. ...	9 649 210	20 082 300	10 433 090
Happdrættisskuldabréf verðtryggð skv. vísitölu framfærslukostnaðar	—	30 868 200	30 868 200
Erlend lán og gengistryggð	23 390 050	29 814 500	6 424 450
Ýmis lán, ósundurliðuð	15 040 000	25 500 000	10 460 000
Samtals	214 744 070	320 223 300	105 479 230

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldalið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1981. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1981. Ekki verður rætt sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar frammar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	32 361	47 437	15 076	46,6

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun frá fjárlögum 1981.

- 101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar um 777 400 kr. og verður 2 204 200 kr. Launaliður hækkar um 470 400 kr. og verður 1 395 400 kr., þar af eru 91 300 kr. vegna aukningar á stöðu forsetaritara úr hálfu í heilt stöðugildi, að öðru leyti er um almennar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 193 400 kr., og verða 688 800 kr., sem er eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 113 600 kr., og verður 120 000 kr., sem er vegna kaupa á bifreið og hefur þá verið reiknað með endursöluverði eldri bifreiðar embættisins.
- 301 **Ríkisstjórn.** Framlag hækkar um 2 726 500 kr. og verður 5 258 300 kr. Laun hækka um 2 616 500 kr. og verða 4 873 500 kr. Nú er áætlað fyrir launum fjögurra aðstoðarmanna ráðherra á þessum fjárlagalið en laun þeirra voru áður færð undir aðalskrifstofu viðkomandi ráðuneytis. Laun aðstoðarmanna fjögurra nema samtals 917 200 kr. Önnur rekstrargjöld verða 384 800 kr., og er það hækkun um 110 000 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 473	6 848	3 375	97,2
Annað	40 551	56 749	16 198	39,9
Samtals	44 024	63 597	19 573	44,4
Þar af markaður tekjustofn	6 000	9 400	3 400	56,7

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 3 375 200 kr. og verður fjárveitingin 6 848 300 kr. Útgjöld vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 744 800 kr. og verða 2 453 800 kr. Laun aðstoðarmanns ráðherra

falla niður á þessum lið en eru í staðinn færð undir fjárlagalið 00-301 Ríkisstjórn. Launaliður hækkar um 192 500 kr. umfram almennar verðlagsfor- sendur sé tillit tekið til launa aðstoðarmanns ráðherra. Skýring þessarar um- framhækkunar er sú að gert er ráð fyrir aukningu á lausráðningu starfsfólks sem nemur fyrrnefndum 192 500 kr. Aðrar hækkunir á aðalskrifstofu eru ein- göngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Liðurinn Stjórnarráðshús hækkar um 51 900 kr. og verður 190 500 kr. Fálkaorðan verður 15 000 kr. og er það hækkun um 5 000 kr. Viðhald ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu hækkar um 50 000 kr. og verður 200 000 kr. Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu, rekstur, verður 174 000 kr. og er það hækkun um 49 000 kr. Ráðherrabústaður Þingvöllum hækkar um 97 500 kr. og verður 140 000 kr. Hækkun þessa fram- lags skýrist af því að gert er ráð fyrir að endurbætur á bústaðnum eigi sér stað á næsta ári. Framlag til Hrafnseyrar lækkar um 100 000 kr. og verður fram- lagið 200 000 kr. Framlag til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs verður 1 387 000 kr. og er það hækkun um 967 000 kr. frá fjárlögum 1981. Skýring þessarar hækkunar er sú að fjárveiting í fjárlögum 1981 var vanáætluð, en framlagið er samningsbundið og er hlutur Íslands 1 134 000 norskar krónur. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp, annað þeirra er Grænlandssjóður en sjóður- inn var stofnaður með lögum nr. 102/1980. Í 3. gr. áðurnefndra laga er kveðið á um að framlagsskylda ríkissjóðs skuli vera 1 250 000 kr. árin 1981 og 1982. Ennfremur er kveðið á um að verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lögin tóku gildi skuli framlag ríkissjóðs breytast í samræmi við það. Hefur framlagið því verið ákveðið 1 320 000 kr., eftir að tillit hefur verið tekið til breytingar á gengi danskrar krónu. Hitt viðfangsefnið er Stjórnarskrárnefnd og er framlag vegna þess ákveðið 190 000 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjár- lögum 1981.

- 102 Þjóðhagsstofnun. Framlag hækkar um 803 100 kr. og verður 2 482 200 kr. Laun hækkar um 1 295 100 kr., og verða 3 931 400 kr., sem er um 136 200 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar. Skýring þessa er sú að gert er ráð fyrir fjár- veitingu til einnar nýrrar stöðu sérfræðings. Aðrir rekstrarliðir hækkar sam- tals um 311 000 kr., og verða 1 033 000 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Þá hækkar sértekjur stofnunarinnar um 803 000 kr. og verða 2 482 200 kr.
- 171 Byggðasjóður. Framlag til Byggðasjóðs nemur 52 500 000 kr. sem er hækkun um 15 000 000 kr. frá fjárlögum 1981. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 50 000 000 kr. og að eigið fé sjóðsins verði 17 400 000 kr. Ráðstöf- unarfé Byggðasjóðs er því 119 900 000 kr., eða sem svarar 1,6% af útgjöldum ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	7 554	10 819	3 265	43,2
Fræðslumál	720 830	1 027 587	306 757	42,6
Söfn, listir og önnur menningar- starfsemi	64 291	94 952	30 661	47,7
Samtals	792 675	1 133 358	340 683	43,0
Þar af markaðir tekjustofnar	6 247	8 991	2 744	43,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta af einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happraættis Háskóla Íslands, hækkar um 1 055 þús. kr. Hluti skemmtanaskatts sem rennur til Símfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskjóðs hækkar um 1 479 þús. kr. Miðagjald sem rennur til Menningarsjóðs hækkar um 210 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækku framlaga til málefnaflokka menntamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins verður alls 10 818 600 kr. og er það hækku um 3 264 600 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka alls um 2 219 200 kr. eða 42,7%. Launahækkunin er að hluta vegna nýrrar stöðu ritara á skrifstofunni, 74 800 kr., en að öðru leyti hækka laun um 2 144 400 kr. vegna almennra taxtabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 029 000 eða 44,9% sem er umfram verðlagsbreytingar en skýrist af starfsmannafjölgun og að hliðsjón er höfð af reikningsniðurstöðu 1980. Viðhald og stofnkostnaður hækka samtals um 16 400 kr. og verða alls 92 000 kr.

201 Háskóli Íslands. Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 29 741 100 kr. og verður 91 791 500 kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 22 341 600 kr. og verða 70 605 800 kr. sem er um 46,2% hækku frá fjárlögum ársins 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 514 600 kr. og verða 14 570 200 kr. sem er 44,8% hækku frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 35 370 000 kr. sem er hækku um 12 940 000 kr. eða sem svarar 57,6%. Þá hækkar liðurinn sértekjur um 10 055 100 kr. og verður 28 754 500 kr. Verður nú nánari grein gerð fyrir skiptingu gjalda milli einstakra tegunda og viðfangsefna:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	
			kr.	%
Yfirstjórn	3 520 670	5 277 300	1 756 630	49,9
Guðfræðideild	961 050	1 381 200	420 150	43,7
Læknadeild	10 633 140	15 192 600	4 559 460	42,9
Tannlæknadeild	2 270 750	3 265 200	994 450	43,8
Lyfjafræði lyfsala	692 170	1 001 300	309 130	44,7
Lagadeild	1 493 870	2 136 600	642 730	43,0
Viðskiptadeild	2 184 810	3 174 000	989 190	45,3
Heimspékideild	6 135 880	8 689 400	2 553 520	41,6
Verkfræðideild	14 938 720	21 891 900	6 953 180	46,5
Háskólabókasafn	1 747 270	2 453 700	706 430	40,4
Íþróttakennsla	456 770	660 800	204 030	44,7
Rekstur fasteigna	5 517 050	8 255 500	2 738 450	49,6
Sameiginleg útgjöld	2 966 460	4 857 900	1 891 440	63,8
Félagsvísindadeild	2 457 880	3 753 800	1 295 920	52,7
Byggingarframkv. og tækjakaup ..	22 430 000	35 370 000	12 940 000	57,7
Mannfræðistofnun	256 700	364 800	108 100	42,1
Reiknistofnun	2 086 220	2 820 000	733 780	35,2
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals	80 749 410	120 546 000	39 796 590	49,3
Sértekjur	18 699 450	28 754 500	10 055 050	53,8
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Fjárveiting	62 049 960	91 791 500	29 741 540	47,9

Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar háskólans verður 5 277 300 kr. og er það hækkun um 1 756 630 kr. frá fjárlögum 1981. Launaliður hækkar um 1 127 230 kr. sem er u. þ. b. 179 400 kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist þessi hækkun af því að gert er ráð fyrir aukningu í auka- og forfallavinnu. Líðurinn önnur rekstrargjöld verður 1 945 900 kr. og er það hækkun um 100 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist þessi hækkun af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980.

Viðskiptadeild. Fjárveiting hækkar um 989 190 kr. og verður 3 174 000 kr. sem er hækkun um 45,3%. Launaliður hækkar um 950 990 kr. sem er um 52 600 kr. umfram almennar verðlagsforsendur og er skýring þess sú að gert er ráð fyrir nýrri stöðu lektors í reikningshaldi og endurskoðun frá 1.7.1982. Að öðru leyti hækka laun sem nemur almennri verðlagsþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 38 200 kr., og verða 133 800 og er hækkun þessi í samræmi við almennar forsendur frumvarpsins.

Verkfræði- og raunvísindadeild. Framlag hækkar um 6 953 180 kr. og verður 21 891 900 kr. Launaliður verður 19 202 300 kr. og er það hækkun frá fjárlögum 1981 um 5 867 250 kr. Gert er ráð fyrir fjárveitingu fyrir prófessorsstöðu í tölvunarfræðum frá 1.7.1982 og er kostnaður vegna þess 76 700 kr. Þá er gert ráð fyrir nýrri dósentstöðu í efnafræðiskor, 129 000 kr., og tveimur nýjum adjúnktsstöðum, annarri í rafmagnsverkfræðiskor og hinni í líffræðiskor, og er kostnaður vegna þessa áætlaður 11 000 kr. Að frádræginni þeirri magnaukningu sem að framan er getið er eingöngu um að ræða almennar verðlagshækkanir á launalið í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 085 930 kr. og verða 2 689 600 kr.

Sameiginleg útgjöld. Framlag hækkar um 1 891 440 kr. og verður 4 857 900 kr. Launaliður hækkar um 1 520 740 kr. Vegur þar þyngst að gert er ráð fyrir fjárveitingu til nýs liðar, rannsóknasjóður, og er fjárveiting til sjóðsins 641 700 kr. Að öðru leyti er um að ræða almenna verðlagsþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 370 700 kr. og verða 1 304 700 kr.

Félagsvísindadeild. Fjárveiting hækkar um 1 295 920 kr. og verður 3 753 800 kr. Launaliður verður 3 581 400 kr. sem er hækkun um 1 245 470 kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu lektors í félagsráðgjöf og er viðbótarkostnaður vegna þess 115 400 kr. Önnur rekstrargjöld verða 172 400 kr. og er þar um að ræða hækkun um 50 400 kr. sem er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 35 370 000 kr. og er gert ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárens verði með eftirgreindum hætti.

Framkvæmdadætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1982

	Kr.
Fjármögnun	
Eign 1. janúar 1982	8 750 000
Framlag H.H.Í.	15 100 000
Fjárveiting	10 770 000
Vaxtatekjur	750 000
	35 370 000
Samtals	35 370 000

Ráðstöfun	Kr.
Viðhald húsa og lóða	2 100 000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	2 600 000
Skipulagning lóða og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð	330 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	400 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða	300 000
Úrbætur í síma- og öryggismálum	250 000
Nýframkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð	29 390 000

Samtals 35 370 000

Í ársbyrjun 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Háskóla- og Landspítalalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps er menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978. Verkefni samráðshópsins var að kanna og endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og Landspítala, álit hópsins er dagsett 11. desember 1978. Þáverandi fjárveitinganefnd Alþingis gat fyrir sitt leyti fallist á þau áform um tilhögun framkvæmda og fjármögnun sem fram komu í áli samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi frá Happraætti Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Upphæðin sem miðað var við var 3,0 m.nýkr. miðað við verðlag í október 1978. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var aftur á móti bein fjárveiting til framkvæmda að fjárhæð 6 750 000 kr. sem jafngilti 75% af ársskammti, sbr. fyrrnefnt álit samráðshópsins. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir beinni fjárveitingu að upphæð 10 770 000 kr. sem jafngildir 90% af ársskammti.

- 205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Tekin er upp viðfangsefnaskipting á útgjöldum stofnunarinnar og eru viðfangsefni tvö, þ. e. yfirstjórn stofnunarinnar og bókaútgáfa. Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur 1 351 300 kr. eða 59,0%. Laun hækka um 749 100 kr. og skýrist sú upphæð af almennum launhækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 666 700 kr. og nema 1 038 400 kr. Hækkunin er fyrst og fremst vegna þess að útgáfukostnaður á vegum stofnunarinnar er færður til rekstrargjalda í stað stofnkostnaðar eins og var í fjárlögum ársins 1981. Auk þess er gert ráð fyrir aukningu rekstrargjalda um 20 000 kr. vegna reksturs á húseigninni að Hvassaleiti 30 sem er í eigu stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og nemur alls 27 000 kr. og rennur til almenns viðhalds tækja og búnaðar. Stofnkostnaður lækkar um 30 000 kr. frá fjárlögum 1981 og skýrist það af tilfærslu milli gjaldategunda á kostnaði við bókaútgáfu eins og áður segir. Stofnkostnaður verður alls 400 000 kr. og rennur til kaupa á ýmsum tækjabúnaði til hljóðritunar, segulbandsspólum o. fl. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 41 500 kr. og er það í samræmi við verðlagsbreytingar og reikningsniðurstöður fyrri ára.
- 231 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag hækkar alls um 721 400 kr. eða 48,6%. Laun hækka um 497 300 kr., þar af um 64 200 kr. vegna lausráðsins starfsmanns til aðstoðar við skrifstofuhald stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 159 800 kr. eða 58,1% og skýrist hækkun umfram almennar verðbreytingar af vanáætlun í fjárlögum 1981. Þá hækkar viðhald og stofnkostnaður um 64 300 kr. og nemur alls 260 000 kr. Fjárhæðin rennur til ýmissa viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna.
- 232 Rannsóknaráð ríkisins. Þegar fjárlagafrumvarp fyrir árið 1981 var í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis hélt nefndin fundi með forstöðumönnum rannsóknastofnana þeirra er starfa í tengslum við Rannsóknaráð ríkisins. Fram-

kvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins sat jafnframt fundi þessa og voru þeir haldnir til að kanna og athuga stöðu rannsóknastofnana með tilliti til mannhalds og fjárhagslegrar stöðu. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981 voru framlög til nokkurra rannsóknastofnana síðan hækkuð frá frumvarpi. Hækkunin felst í fjölgun starfsmanna, bæði fastráðinna og verkafnaráðinna, auk þess sem nokkrar breytingar voru gerðar á fjárveitingum vegna annarra rekstrargjalda.

Sumarið 1981 tók fjárveitinganefnd upp þráðinn þar sem frá var horfið og kynnti sér starfsemi einstakra rannsóknastofnana sérstaklega með tilliti til verkefna stofnananna og fjármála þeirra. Niðurstaða fjárveitinganefndar var tillaga um fjölgun á stöðuheimildum hjá nokkrum rannsóknastofnunum auk breytinga á öðrum rekstrarliðum. Tillögum nefndarinnar hefur verið fylgt í frumvarpi þessu og eru þær skýrðar í greinargerð með hverri rannsóknastofnun um sig. Þær stofnanir sem hér eiga í hlut eru: Rannsóknaráð ríkisins, Haf-rannsóknastofnun, Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, Iðntækni-stofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Framlag til starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins nemur alls 1 940 700 kr. og hækkar framlagið um 528 400 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun framlagsins skýrist þannig, að laun hækka um 443 600 kr. eða 59,6%, þar af um 132 200 kr. vegna nýrrar stöðu bókavarðar á viðfangsefninu „upplýsingaþjónusta“. Að öðru leyti hækka laun í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 329 100 kr. eða 45,4%, þar af um 40 000 kr. vegna stöðufjölgunar í upplýsingaþjónustu. Um viðhald og gjaldfærðan stofnkostnað er ekki að fjölyrða en þessir liðir nema samtals 100 000 kr. og hækka um 25 700 kr. Sértekjur stofnunarinnar voru á fjárlögum ársins 1981 áætlaðar 130 000 kr. Með eflingu á starfsemi upplýsingaþjónustu er talið að auka megi tekjur af þeirri starfsemi. Tekjur eru því áætlaðar alls 400 000 kr. og er það hækkun um 270 000 kr.

- 301 Menntaskólinn í Reykjavík. Heildarframlag til skólans nemur 10 514 800 kr. og er það hækkun um 2 996 700 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 799 200 kr. og er það innan almennra launahækkana þrátt fyrir aukið kennslumagn og aukningu um 0,75 stöðu bókavarðar. Skýringin felst í því að laun voru of-áætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka töluvert umfram almennar verðhækkanir eða samtals um 197 500 kr. Litlar hækkanir hafa verið á þessum lið frá fjárlögum 1979 miðað við verðhækkanir á sama tíma og er tekið tillit til þess.
- 302 Menntaskólinn á Akureyri. Framlag til skólans nemur 9 465 700 kr. og er það 3 146 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 723 000 kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Skýringin felst í auknu kennslumagni, nýrri heimild fyrir stöðu tækjavarðar og hálfri stöðu bókavarðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 296 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Stofnkostnaður er 400 000 kr. og hefur hækkað um 250 000 kr. Framlaginu skal varið til hönnunar á félags- og samkomuáðstöðu auk breytinga á fyrirverandi íbúð skólameistara á 3. hæð í heimavistarhúsnæði fyrir nemendur skólans. Áætlaðar sértekjur vegna öldungadeildar eru 123 300 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem áætlað er fyrir sértekjum.
- 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð. Heildarfjárveiting til skólans er 14 524 700 kr. og hækkar um 4 039 200 kr. frá síðustu fjárlögum. Laun hækka um 4 042 200 kr. og er það innan almennra launahækkana. Skýringin er sú að laun vegna öldunga-deildar voru ofáætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 300 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostn-

- aður er 18 000 kr. og skal varið til kaupa og uppsetningar á lyftu sem fatlaðir í hjólastólum geta notað. Er það lækun um 92 000 kr. frá fjárlögum 1981. Þá hækka sértekjur um 211 000 kr.
- 305 **Menntaskólinn við Sund.** Fjárveiting nemur 12 309 800 kr., sem er 36,6% hækkun frá fjárlögum 1981 eða 3 303 200 kr. Laun hækka um 3 113 600 kr., sem er umfram almennar launahækkningar, enda gert ráð fyrir auknu kennslumagni vegna nemendafjölgunar og 0,25 stöðu bókavarðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 173 600 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 60 000 kr. og nemur samtals 1 960 000 kr. Þar af eru 1 900 000 kr. vegna greiðslusamnings við Reykjavíkurborg og 60 000 kr. vegna innréttinga. Sértekjur eru áætlaðar 80 000 kr. og er það hækkun um 44 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Heildarfjárveiting er 7 162 000 kr. og hækkar um 624 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 930 000 kr. í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkningar. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 4 040 000 kr. Þar af eru 4 000 000 kr. vegna 2. áfanga við byggingu kennsluhúss og 40 000 kr. vegna endurnýjunar húsgagna. Þetta er 260 000 kr. lægra framlag en á árinu 1981. Sértekjur eru áætlaðar 71 000 kr. og er það 46 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981.
- 307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Fjárveiting til skólans nemur samtals 6 109 200 kr. sem er 1 300 100 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 795 100 kr. Hækkun launa umfram almennar launahækkningar stafar af nemendafjölgun og auknu kennslumagni. Önnur rekstrargjöld hækka um 270 000 kr., sem er töluvert umfram verðlagshækkningar, en skýrist af nemendafjölgun og stækkun húsnæðis. Á árinu 1981 bættist fjórða kennsluárið við og er því nú um fullan rekstur skólans að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 270 000 kr. og er 3 000 000 kr. Verður fjárhæðinni varið til framkvæmda við annan áfanga heimavistar. Sértekjur eru áætlaðar 35 000 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem sértekjur eru áætlaðar við skólann.
- 308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Framlög til skólans hækka um 1 820 800 kr. Þar af hækka laun um 1 364 600 kr. eða 53,9%. Hækkun umfram almennar launahækkningar er vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 56 200 kr. í hátt við verðlagsþróun. Í stofnkostnað eru áætlaðar 400 000 kr. Þar af eru 370 000 kr. vegna athugunar á nýju húsnæði fyrir skólann og 30 000 kr. til kaupa á húsgögnum. Ekkert var áætlað í stofnkostnað á árinu 1981. Samtals nemur fjárveitingin til skólans 4 491 100 kr.
- 319 **Framhaldsskólar, almennt.** Á launalið þessa fjárlagaliðar eru ýmsir þættir svo sem orlofsgreiðslur til kennara, forfallakennsla, laun prófdómara o. fl., samtals 2 658 800 kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld, sem er 2 000 000 kr., er ætlaður til þess að mæta útgjöldum í kjölfar óvæntrar nemendafjölgunar í ýmsum skólum. Framlag til viðhalds og tækjakaupa menntaskóla nemur alls 1 874 000 kr. og hækkar liðurinn um 404 000 kr. eða 27,5%. Loks er framlag til einstaklinga og samtaka, 472 900 kr., en þar er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í kennslu- og uppeldisfræði. Heildarframlag þessa liðar er því 7 005 700 kr. og er það hækkun um 181 100 kr. frá fjárlögum 1981.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Heildarfjárveiting til skólans nemur 19 493 800 kr. og hækkar um 6 042 300 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 945 200 kr., eða 29,8%, sem er undir almennum launahækkunum. Skýringin felst aðallega í því að kostnaður við námskeið vegna réttindanáms kennara er talinn lækka vegna þess að gert er ráð fyrir að þessum námskeiðum ljúki á árinu 1982. Einnig

- voru laun fastra kennara ofáætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 517 100 kr., sem er að nokkru umfram almenna verðlagsþróun, en tillit er tekið til ríkisreiknings 1980. Viðhald er 200 000 kr. en var 150 000 kr. í fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður er 4 810 000 kr. og er það 2 560 000 kr. hækkun frá fjárlögum. Til nýbyggingar skólans renna 4 610 000 kr. sem er vegna næsta verkáfangna við húsið sem er fólgin í innréttingum og búnaði. Þá eru veittar 200 000 kr. til kaupa á tækjum og kennslugögnum. Liðurinn „til einstaklinga, heimila og samtaka“ er 210 000 kr. og hækkar um 60 000 kr. frá s. l. ári. Framlagið er vegna mótuneytiskostnaðar þátttakenda í endurmenntunarnám-skeiðum. Að lokum er að nefna hækkun sértekna um 90 000 kr. og eru þær áætlaðar alls 225 000 kr.
- 351** Fjölbrautaskólar í Reykjavík. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Ármúlaskólinn eru viðfangsefni undir þessum fjárlagalið. Heildarfjárveiting er 29 213 000 kr. og koma 22 035 900 kr. í hlut Fjölbrautaskólans í Breiðholti en framlag til Ármúlaskóla nemur 7 177 100 kr. Hækkun framlags til Ármúlaskóla er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Samtals nemur hækkun framlags til Fjölbrautaskólans í Breiðholti 6 601 430 kr. Laun hækka um 4 867 430 kr. sem er eilítið umfram almennar launahækkanir vegna nokkurra launaliða sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 1981. Hækkun annarra rekstrargjalda er 444 000 kr. og er umfram verðlagshækkanir en höfð er hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings undanfarinna ára. Þá er viðhald áætlað 200 000 kr. sem er 10 000 kr. lækkun frá fjárlögum ársins 1981. Stofnkostnaður er alls 5 000 000 kr. sem er 1 300 000 kr. hærri fjárhæð en 1981. Skuldbinding ríkissjóðs um framlög til byggingar fjölbrautaskóla í Breiðholti er samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs frá árinu 1978. Samkvæmt samningi ber ríkissjóði að greiða 3 500 000 kr. á árinu 1982 en auk þess eru veittar 1 500 000 kr. til áframhaldandi framkvæmda við E-álmú skólans.
- 352** Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli. Heildarframlag er 7 176 500 kr. og er það hækkun um 2 222 500 kr. frá síðustu fjárlögum. Laun hækka um 2 110 700 kr. og önnur rekstrargjöld um 201 800 kr. Hvort tveggja er þetta umfram almennar launa- og verðlagshækkanir og felst skýringin í því að skólinn verður að öllu leyti framhaldsskóli frá hausti 1981. Gert er ráð fyrir sama nemendafjölda og verið hefur en til þessa hefur 9. bekkur grunnskóla verið starfræktur í skólahúsinu. Hann mun nú fluttur og eykst því þátttaka ríkissjóðs í sameiginlegum kostnaði af þeim sökum. Viðhald er áætlað 10 000 kr. en var ekkert á fjárlögum 1981. Ekki er áætlað fyrir gjaldfærðum stofnkostnaði en hann var 100 000 kr. í fjárlögum 1981.
- 353** Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Fjárveiting til skólans er 7 067 100 kr. og er það 1 620 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 1 930 000 kr. Þar af eru rúmlega 92 400 kr. vegna meistaraskóla sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Annað er í samræmi við almennar launahækkanir. Hækkun annarra rekstrargjalda nemur 120 500 kr. og er innan almennra verðhækkana. Viðhald er 20 000 kr. en var ekkert í áætlun ársins 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 450 000 kr. og verður 260 000 kr. Þar af skal verja 86 600 kr. til innréttingar verknámshúss og 173 400 kr. til tækjakaupa og kennslubúnaðar.
- 354** Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Framlag til skólans hækkar um 2 894 800 kr. og nemur samtals 7 602 400 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 814 800 kr. sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald er áætlað 30 000 kr. en var ekki á áætlun ársins 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 050 000 kr. og verður 1 500 000 kr. Til byggingar verknámshúss renna 1 300 000 kr., til tækjakaupa 150 000 kr. og 50 000 kr. til lagfæringar á lóð.

- 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarfjárveiting nemur 6 638 300 kr. og hækkar um 3 371 500 kr. frá síðustu fjárlögum. Skólinn er ennþá í mótun og nýr árgangur nemenda bætist við á árinu 1982. Samanburður við fjárlagatölur 1981 er því óraunhæfur. Gjaldfærður stofnkostnaður er samtals 3 930 000 kr. og skal varið þannig: Verknámshús 500 000 kr., tækjakaup 100 000 kr., búnaður í heimavist 200 000 kr., hönnun kennsluhúss 130 000 kr. og bygging heimavistar 3 000 000 kr. Stofnkostnaður heimavistar verður greiddur samkvæmt l. nr. 49/1967 í samræmi við samning menntamálaráðuneytis og Sauðárkrókskaupstaðar frá 10. september 1980 og greiðist að fullu af ríki, þegar fleiri sveitarfélög gerast formlegir aðilar að rekstri skólans, sbr. 3. mgr. 7. gr. 1. nr. 49/1967, og er þetta til samræmis við byggingarkostnað heimavistar við menntaskóla og iðnskóla.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Þetta er nýr fjárlagaliður. Gerður hefur verið samningur um stofnun fjölbrautaskóla á Selfossi og tekur skólinn til starfa haustið 1981. Skólinn yfirtekur starfsemi Iðnskólans á Selfossi og framhaldsdeilda grunnskólans þar. Heildarfjárveiting er áætluð 4 300 100 kr. Þar af er vegna launa og annarra rekstrargjalda 3 650 100 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er alls 650 000 kr. Verja skal 300 000 kr. til hönnunar á nýju skólahúsi, 200 000 kr. til kaupa á búnaði í verknámshús og 150 000 kr. til annars tækjabúnaðar.
- 358 Framhaldsskólinn í Neskaupstað.** Gerður hefur verið samningur um stofnun framhaldsskóla í Neskaupstað. Skóli þessi tekur við starfsemi Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og er hér um nýjan fjárlagalið að ræða. Heildarframlag er 1 222 900 kr. Þar af fara 1 080 900 kr. í launa- og reksturskostnað en 5 000 kr. í viðhald. Í gjaldfærðan stofnkostnað er áætlað að verja 137 000 kr. sem fer til kaupa á ýmsum búnaði til skólans.
- 359 Verkmenntaskóli á Akureyri.** Þetta er nýr fjárlagaliður. Gerður hefur verið samningur milli ríkisins og Akureyrarbæjar um stofnun verknámsskóla með fjölbrautasniði. Skólanum er ætlað að taka við verkefnum Iðnskólans á Akureyri, Hústjórnarskólans og framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans. Fyrsti áfangi að umræddum skóla er bygging verknámshúss sem fyrst í stað verður nýtt af nítverandi iðnskóla. Framlag samkvæmt frumvarpinu er alls 3 300 000 kr. og rennur allt til stofnkostnaðar.
- 515 Iðnskólar utan Reykjavíkur.** Heildarframlag nemur 7 693 700 kr. sem er 1 157 400 kr. hækkan frá fjárlögum 1981, eða 17,7%. Laun hækka um 1 076 300 kr. og önnur rekstrargjöld um 81 100 kr. Hvort tveggja er þetta innan almennra launa- og verðlagshækkana enda hefur þeim skólum sem áætlað er fyrir á þessum fjárlagalið fækkað um tvo frá fjárlögum 1981. Á Selfossi og í Neskaupstað hafa verið stofnaðir nýir skólar sem taka m. a. við starfsemi iðnskóla á þessum stöðum.
- 518 Fiskvinnsluskólinn.** Framlag til skólans hækkar um 4 886 300 kr. og verður samtals 6 852 800 kr. Aðalhækkunin felst í gjaldfærðum stofnkostnaði en hann hækkar úr 834 000 kr. í 5 400 000 kr., eða um 4 566 000 kr. Stofnkostnaði þessum skal varið til byggingar á verknámshúsi. Laun hækka um 292 300 kr. sem er innan almennra launahækkana. Skýringin felst í því að við áætlun sértekna í frumvarpinu er tekið tillit til framlags í vinnulaunasjóð nemenda en í fjárlögum 1981 var þetta áætlað sem önnur laun. Önnur rekstrargjöld hækka um 186 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkningar. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og sértekjur um 165 000 kr.

- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun framlags frá fjárlögum 1981 er samtals 2 471 600 kr. og nemur heildarframlag því 7 826 300 kr. Launagreiðslur nema 7 246 300 kr., þar af eru laun hjúkrunarnema meðan á bóklegu námi stendur 3 777 500 kr. Laun hækka því í heild um 2 149 600 kr. sem er innan almennra launahækkana. Launakostnaður vegna sauma á búningum er felldur niður og eru sértekjur einnig lækkaðar vegna þess. Önnur rekstrargjöld hækka um 112 000 kr., viðhald um 120 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 20 000 kr. Nemur gjaldfærður stofnkostnaður samtals 100 000 kr. og er framlagið ætlað til breytinga á húsnæði skólans þannig að heimavist verði aðskilin frá stjórnunar- og kennslurými. Þessi breyting á að leiða til lækkunar launakostnaðar vegna eftirlits og símavörslu. Lækkun sértekna frá fjárlögum 1981 nemur 70 000 kr.
- 523 **Fósturskóli Íslands.** Heildarfjárveiting er 2 997 800 kr. og er það 1 317 300 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 1 272 900 kr., eða 92,7%, sem er verulega umfram almennar launahækkanir. Ein skýring þess er ákvæði í samningum við fóstrur frá 16.9.1980. Þar er kveðið á um að fóstrur þær er hafa fóstrunema í verklegu námi skuli fá ákveðna þóknun fyrir. Laun vegna þessa ákvæðis nema um 310 000 kr. Auk þessa eru flokkatilfærslur og leiðréttingar vegna vanáætlunar 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 74 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald er 20 000 kr. en var 15 000 kr. í síðustu fjárlögum og stofnkostnaður lækkar um 30 000 kr. og verður 90 000 kr. Sértekjur hækka um 4 900 kr. og verða 16 900 kr.
- 561 **Myndlista- og handfðaskólinn.** Framlag til skólans eykst um 959 200 kr. og verður samtals 2 774 500 kr. Laun hækka um 1 048 700 kr., eða 40,6%, sem er innan almennra launahækkana. Skýringin felst í því að áætluð kennsla á námskeiðum minnkar frá því sem gert var ráð fyrir 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 305 000 kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 12 000 kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 120 000 kr. og nemur alls 210 000 kr. Fjárveitingin er ætluð til kaupa á stofnbúnaði. Sértekjur hækka um 526 500 kr. og verða 2 176 800 kr.
- 563 **Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 17 738 200 kr. en það er hækkun um 6 227 100 kr. eða 54% frá fjárlögum 1981. Útgjöld vegna þessa fræðsluþátta hafa aukist verulega á undanförunum árum og er því brýnt að lög og reglur um tónlistarfræðslu verði endurskoðuð.
- 580 **Samvinnuskólinn.** Fjárlagaliður þessi er nýr. Áður hefur verið áætlað fyrir Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands sem viðfangsefnum undir fjárlagalið 02—581. Framlag til Samvinnuskólans hækkar um 890 100 kr. og er samtals 3 318 000 kr. Laun hækka um 537 100 kr. og er það innan almennra launahækkana. Helstu skýringar eru fækkun kennslustunda og minni heima- vinna kennara. Hvort tveggja er þetta vegna þess að áætlað er fyrir færri nemendum nú en á árinu 1981. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar verðlagshækkanir eða um 443 000 kr. Sértekjur eru áætlaðar 90 000 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem áætlað er fyrir sértekjum hjá skólanum.
- 581 **Verslunarskóli Íslands.** Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn hafa verið viðfangsefni undir þessum fjárlagalið en nú er áætlað fyrir Samvinnuskólanum undir fjárlagalið 02—580. Framlag til Verslunarskólans nemur samtals 9 185 900 kr. og er það hækkun um 2 735 600 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 414 000 kr., eða 42,7%. Verðbætur vegna lífeyrisgreiðslna hafa verið áætlaðar til skólans á fjárlögum síðustu ára en eru nú áætlaðar undir fjárlagalið 08—381, uppbætur á lífeyri. Aftur á móti er aukning á aldursafslætti kennara, auknar persónuuppbætur og flokkatilfærslur. Önnur rekstrargjöld hækka um 321 600 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

- 601—609 Héraðsskólar, rekstur.** Heildarfjárveiting hækkar um 5 192 300 kr., eða 45,3%, frá fjárlögum ársins 1981 og nemur samtals 16 662 300 kr. Segja má að laun og önnur rekstrargjöld hækki nokkurn veginn í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkunir. Til sérstakrar hækkunar á launum kemur þó kostnaður vegna fimm húsvarðastaða, alls 397 300 kr. Húsverðirnir eru á skólunum að Núpi, Reykjum, Eiðum, Skógum og Laugum. Laun þessara húsvarða hafa að hluta verið greidd af viðhaldslið skólanna og er því heldur dregið úr framlögum til viðhalds. Einnig er um að ræða tilflutning af launalið yfir á önnur rekstrargjöld vegna mótuneytiskostnaðar skyldunámsnema.
- 610 Héraðsskólar, almennt.** Framlag til þessa fjárlagaliðar rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í héraðsskólum. Framlag til viðhalds skólanna nemur 1 000 000 kr. en það er lækkun um 200 000 kr. frá fjárlögum 1981. Hluti af árlegri fjárveitingu til viðhalds hefur runnið til greiðslu launa húsvarða í héraðsskólunum. Svo sem fram kemur í greinargerð um héraðsskóla, rekstur, er nú áætlað fyrir launum húsvarða undir öðrum dagvinnulaunum í rekstri skólanna. Framlag til stofnkostnaðar nemur 2 500 000 kr. en það er 510 000 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Hluti fjárveitinga undir þessum lið hefur á undanförunum árum runnið til verkmenntaskóla á Akureyri. Nú er kominn á samningur milli ríkis og Akureyrarbæjar um starfsemi skólans og greiðslu kostnaðar við skólastarfið. Því er áætlað fyrir þeim útgjöldum undir fjárlagaliðnum 02—359 Verkmenntaskóli á Akureyri. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar milli einstakra skóla.
- 679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni.** Framlag til sameiginlegs kostnaðar við skólana á Laugarvatni nam í fjárlögum 1981 35 000 kr. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til starfseminnar 1982, en henni þess í stað ætlað að standa undir sér.
- 700—780 Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla á þessum liðum hækkar frá fjárlögum 1981 um 104 150 500 kr., eða 42,7%. Er þá talið með eitt viðfangsefni á liðnum grunnskólar, almennt (02 791—0122) í fjárlögum 1981, laun í grunnskólum 3 500 000 kr. Launaliðurinn með þessari tilfærslu hækkar um 95 141 500 kr. og er það í samræmi við almennar launahækkunir. Gert er ráð fyrir lítilli fjölgun nemenda, eða um 200, á þessu skólastigi frá áætlun við gerð fjárlaga 1981. Sú breyting er gerð á öðrum rekstrargjöldum að með þeim er nú áætluð húsaleiga fræðsluskrifstofa og ferðakostnaður fræðslustjóra, sem áður var talið með yfirfærslum til sveitarfélaga. Í fjárlögum 1981 er þessi fjárhæð 224 000 kr. Að gerðri þessari breytingu hækka önnur rekstrargjöld um 8 171 600 kr., eða um 44,3%, sem er að nokkru umfram áætlaðar almennar verðhækkunir. Er það einkum vegna aukins kostnaðar við akstur skólabarna en hann er um 87,5% af liðnum önnur rekstrargjöld hjá grunnskólum utan Reykjavíkur. Enn skal bent á nauðsyn þess að þessi kostnaðarliður verði tekinn til rækilegrar athugunar.
- Yfirfærslur til sveitarfélaga eru nú eingöngu framlag til fræðsluskrifstofa skv. 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og er það miðað við að greitt verði dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafl., 3. þrep) á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins, þannig að 1,4 stundir komi á hverja fyrstu 2 200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda umfram það. Í fjárlögum 1981 er þetta framlag áætlað til allra fræðsluumdæmanna 890 700 kr., miðað við laun í mars 1980, án húsaleigu- og ferðakostnaðarframlags sem áður er getið, en framlagið láðist að hækka um 34% til samræmis við launalið fjárlaganna. Í þessu frumvarpi er framlagið reiknað 1 728 100 kr. og hækkar því

um 837 400 kr., eða tæplega 94%, sem skýrist að mestu af því sem áður er sagt, auk nokkurra breytinga á nemendafjölda milli umdæma og fjölgunar sem áður er getið.

- 791 Grunnskólar, almennt. Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 11 669 200 kr. og er það 1 631 700 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Helstu skýringar á breytingunni eru þessar: Tekið er upp nýtt viðfangsefni, „rannsóknir á áhrifum skólaskyldu á nemendur og þjóðfélagið“ 100 000 kr. Niður fellur viðfangsefnið „laun í grunnskólum“ sem nam 3 500 000 kr. en framlag til launa vegna framhaldsdeilda í grunnskólum hækkar um 600 200 kr. Þessi liður hækkar innan marka almennra launahækkana vegna þess að í þessu frumvarpi eru fjárveitingar til nýstofnaðra framhaldsskóla en hliðstæð starfsemi var að hluta greidd af þessum fjárlagalið 1981. Þá hækkar framlag vegna launa til stjórnskipaðra prófdómara um 297 100 kr., til umferðarfræðslu í skólum um 57 000 kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum um 800 000 kr., til skíðakennslu í skólum 10 000 kr. og til unglingsfræðslu 4 000 kr.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Fjárveiting hækkar um 11 930 000 kr. eða 28% og nemur alls 54 400 000 kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu þessa fjár.
- 797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Framsetningu þessa liðar er breytt þannig að tekin er upp viðfangsefnaskipting. Liðurinn hækkar alls um 7 135 300 kr. Laun hækka um 4 884 800 kr. eða 49,4%. Er það nokkru meiri hækkun en svarar til almennra launahækkana og skýrist af því að tekin eru inn 8,62 ný stöðugildi kennara sem leiðir til 747 400 kr. hækkunar á föstum launum, auk þess sem nokkur hækkun verður vegna launaskriðs. Hins vegar lækka önnur laun nokkuð á móti hækkun fastra launa þannig að launahækkunin verður um 41,0% þegar föst laun ásamt launatengdum gjöldum vegna nýrra staða eru ekki reiknuð með. Önnur rekstrargjöld hækka um 421 600 kr. eða 19,7%. Þá ber að hafa í huga að tekið er tillit til þess að 430 000 kr., sem voru með öðrum rekstrargjöldum Öskjuhlíðarskóla í fjárlögum 1981, eru fluttar á sérstakt viðfangsefni, dvalarkostnað, og er yfirfærsla til einstaklinga og samtaka í frumvarpinu. Er þetta viðfangsefni áætlað 1 113 100 kr. Hér er um eftirtalda tvö útgjaldabætti að ræða. Í fyrsta lagi greiðslur til fjölskyldna sem taka að sér vistun þroskaheftra barna, 913 100 kr., og samsvarar það þeim 430 000 kr. sem fluttar eru af Öskjuhlíðarskólanum. Í öðru lagi eru greiðslur vegna sumardvalar afbrigðilegra barna, sem eru áætlaðar 200 000 kr. í þessu frumvarpi, en eru taldar 140 000 kr. undir liðnum yfirfærslur til einstaklinga og samtaka í fjárlögum 1981. Til viðfangsefnisins barnaheimili—dagvistir eru áætlaðar 2 250 000 kr., sem er talin yfirfærsla til sveitarfélaga, og hækkar framlagið um 750 000 kr. frá fjárlögum 1981. Um er að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum en greiðsluskylda vegna þessa er lögð á ríkissjóð í lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Viðhald hækkar um 58 900 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 154 700 kr. Sértekjur hækka um 107 800 kr. Meginhluti sérteknanna eru örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna nemenda í Öskjuhlíðarskóla. Kostnaður undir viðfangsefninu þjálfunarskólar skiptist á eftirtalda skóla og eru stöðugildi (allt kennarar) einnig tilgreind.

	Fjárveiting skv. frumvarpi	Stöðugildi (kennarar)
Lyngás	1 351 000	9,5
Bjarkarás	1 077 200	7,0
Geðdeild barnaspítala Hringins	1 066 200	8,0
Kópavogshæli	1 365 300	10,67
Sólborg	1 492 400	11,83
Skálatún	627 900	5,18
Tjaldanes	271 000	1,67
Sólheimar	231 600	2,0
Samtals	7 482 600	55,85

Í Öskjuhlíðarskóla er reiknað með 44,17 stöðugildum, þar af 33,67 vegna kennslu. Auk þess eru 3,0 stöðugildi í fjölskylduheimilinu við Reynilund (ekki kennsla). Í greiningarstöðinni í Kjarvalshúsi eru stöðugildi 12,75 (vantalín um 0,5 í athugasemdum við frumvarp 1981).

- 799 Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag til skólans eykst um 2 117 500 kr. frá síðustu fjárlögum og verður samtals 5 467 400 kr. Laun hækka um 1 720 700 kr. eða 59,4%. Sú hækking launa sem er umfram almennar launahækkningar er vegna aukinnar kennslu sem breytingar á samsetningu nemenda hefur í för með sér. Nemendum á grunnskólastigi hefur fjölgað en fækkun hefur orðið á forskólastigi. Einnig er reiknað með fjölgun í framhaldsnámi og krefjast þessar breytingar mun meiri kennslu. Önnur rekstrargjöld hækka einnig nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar, eða um 344 000 kr. samtals, og hefur verið tekið tillit til raunútgjalda undanfarinna ára. Viðhald hækkar um 14 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 43 000 kr. Loks hafa sértekjur verið hækkaðar um 4 200 kr.
- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Fjárveiting til byggingar dagvistarheimila verður 15 000 000 kr. og er það hækking um 4 000 000 kr. eða 36,3% frá fjárlögum 1981. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárens.
- 871 Unglingaheimili ríkisins.** Framlag til ungingaheimilisins, sem er B-hluta fyrirtæki, hækka um 493 200 kr. eða 34,0%. Fallist er á nokkra breytingu á starfsemi heimilisins. Á árinu 1981 samþykkti ráðningarnefnd ríkisins tvær nýjar stöður við göngudeild ungingaheimilisins og hækka launaútgjöld vegna þessa um 191 500 kr. Þá eru jafnframt veittar 100 000 kr. vegna launa til lausráðningar starfsmanns sem hefur umsjón með starfsemi ungingaheimilisins að Sólheimum 17. Um aðra þætti í starfsemi heimilisins er óþarfi að fjölyrða þar sem aðrir rekstrarliðir breytast einungis í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.
- 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 36 201 500 kr. eða 44,7% og verður 117 124 800 kr. Auk þess verður sjóðnum aflað 50 000 000 kr. lántökuheimildar sem er 17 000 000 kr. hærrí fjárhæð en var í fjárlögum ársins 1981. Útlánageta sjóðsins verður alls 144 947 000 kr. og styrkveitingar alls 9 805 000 kr. Yfirlit yfir sjóðinn er í B-hluta frumvarpsins. Útlán sjóðsins miðast við það að mætt verði 90% af umframfjárbörf námsmanna en fjáruvegum til styrkveitinga miðast við það að hægt verði að greiða ferðastyrki að haustlagi og er það nýbreytni. Þetta felur í sér aukin útgjöld meðan verið er að koma þessari tilhögun á.

- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Framlag á þessum lið verður alls 3 953 600 kr. og er það hækkun um 1 008 800 kr. frá fjárlögum 1981, eða sem svarar 34,2%. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum verður 2 700 000 kr. og er það hækkun um 70 000 kr. Viðfangsefnið „starfsemi stúdenta“ hækkar um 4 500 kr. og verður 16 500 kr. Framlag til Félagsstofnunar stúdenta nemur alls 1 055 000 kr., og er það hækkun um 279 300 kr. Stúdentagarðar, viðhald verður 2 100 000 kr. og er það hækkun um 600 000 kr. Fjárveiting til hjónagarða hækkar um 45 000 kr. og verður alls 170 000 kr. Að síðustu ber að nefna að framlag til viðfangsefnisins „námskynning“ hækkar um 10 000 kr. og verður 40 000 kr. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1981.
- 884 **Jöfnun á námskostnaði.** Framlag nemur alls 9 450 000 kr. og er það hækkun um 3 150 000 kr., eða 50% frá fjárlögum 1981. Framlag hækkar nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar sem skýrist af áætlaðri fjölgun styrkja en þeir hafa farið vaxandi á undanförunum árum.
- 885 **Fullorðinsfræðsla.** Framlag nemur alls 296 500 kr. og lækkar um 123 500 kr. frá fjárlögum 1981. Lækkunin skýrist af því að 200 000 kr. framlag til dónskukennslu í sjónvarpi fellur niður, sömuleiðis 30 000 kr. framlag til félagsmálanámskeiðs. Þeir liðir sem hækka eru framlag til bréfaskólans 83 400, námsflokka 16 500 kr. og Heimilisiðnaðarskólans 6 600 kr.
- 902 **Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag til Þjóðminjasafns hækkar um 1 171 700 kr. og verður alls 5 040 400 kr. Launaliður Þjóðminjasafnsins hækkar um 766 200 kr., eða 49,9%, gert er ráð fyrir fjárveitingu til nýrrar stöðu forvarðar við safnið og er kostnaður vegna þess 107 700 kr. Að öðru leyti er hækkun launaliðar í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Heildar launaliður nemur 2 303 100 kr., þar af eru 70 000 kr. ætlaðar til styrktar útgáfu ársskýrslu Fornleifafélagsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 152 900 kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 96 000 kr. og nemur alls 416 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er 350 000 kr. en það er 20 000 kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1981. Meginhluta fjárhæðarinnar er ætlunin að verja til breytinga og innréttinga á skrifstofu safnsins. Framlög til sveitarfélaga, 1 000 000 kr., er 320 000 kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1981 og mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjáris. Þá hækka sértekjur um 10 000 kr. og verða 50 000 kr. Framlag til Örnefnastofnunar hækkar um 126 600 kr. og nemur alls 486 300 kr. Um framlag til Örnefnastofnunar er ekki að fjölyrða þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum rekstrarbreytingum frá fjárlögum ársins 1981. Framlag til Sjóminjasafns Íslands fellur niður en það nam 300 000 kr. í fjárlögum 1981.
- 903 **Þjóðskjalasafn.** Framlag nemur alls 1 976 500 kr. og er það hækkun um 796 400 kr., eða 67,4%. Hækkunin skýrist þannig: Laun 581 000 kr., þar af 128 300 kr. vegna lausráðningar sérfræðings sem vinnur að útgáfustörfum á vegum safnsins. Að öðru leyti hækka laun vegna almennra launabreytinga. Rekstrargjöld hækka um 210 000 kr., þar af um 100 000 kr. vegna sérstakrar útgáfustarfsemi í tilefni 100 ára afmælis safnsins. Liðirnir viðhald og stofnkostnaður hækka um 11 400 kr. og nema alls 37 400 kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 6 000 kr. og verða 10 000 kr.
- 906 **Listasafn Einarssonar.** Framlag til safnsins verður 510 800 kr. og er það hækkun um 226 900 kr. frá fjárlögum 1981. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 77 800 kr. og er það eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Framlag til viðhalds hækkar um 153 600 kr. og nemur alls 252 600 kr. Á vegum Húsa-meistara ríkisins hefur farið fram úttekt á ásigkomulagi húsnæðis safnsins.

Framlag miðast við að gerð verði gangskör að því að lagfæra þau atriði sem brýnust geta talist. Þá hækkar framlag til stofnkostnaðar um 2 500 kr. og sértekjur um 7 000 kr.

- 907 **Listasafn Íslands.** Framlag til Listasafnsins verður 2 165 700 kr. og hækkar um 464 600 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Framlög vegna launa, annarra rekstrargjalda og viðhalds hækka um 369 300 kr., og hækka þessir liðir hver um sig sem nemur almennri verðlagsbreytingu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 110 300 kr. og nemur alls 1 010 300 kr. Stofnkostnaðarframlagið er ætlað annars vegar til listaverkakaupa, 360 300 kr., og hins vegar til áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingu safnsins, 650 000 kr. Sértekjur hækka um 15 000 kr. og verða 45 000 kr.
- 908 **Kvikmyndasafn Íslands.** Heildarfjárveiting til safnsins nemur 551 100 kr. og hækkar framlagið þá um 240 700 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Laun hækka um 15 200 kr. eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 15 900 kr. og verða 91 600 kr. Veittar eru 2 500 kr. til viðhalds sem er nýmæli. Til gjaldfærðs stofnkostnaðar renna 400 000 kr. og er það 237 500 kr. hækkun frá árinu 1981. Fjárhæðin fer að hluta til kaupa og uppsetningar á loftræsti- og kælubúnaði fyrir safnið og að hluta til kaupa á kvikmyndum og annarra smærri verkefna. Þá er að nefna að veittar eru 1 400 kr. til greiðslu árgjalds FIAF, Alþjóðasambands kvikmyndasafna, sem er ný fjárveiting.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting nemur 2 427 200 kr. og er það 613 300 kr. eða 33,8% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka um 599 200 kr. sem lætur nærri að vera almennar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 114 100 kr. og verður 604 100 kr. og skiptist sú fjárhæð þannig á einstök verkefni: 46 600 kr. vegna flutnings ráðsins í nýtt skrifstofuhúsnæði í Reykjavík, 66 500 kr. vegna ýmissa framkvæmda við þjóðgarðinn í Skaftafelli, 234 000 kr. vegna þjónustumiðstöðvar við Jökulsárgljúfur og endurbóta á tjaldsvæði, 130 000 kr. til friðlýsingarsjóðs, 100 000 kr. til merkingar og eftirlits með friðlýstum svæðum og að lokum 27 000 kr. vegna rannsóknarstarfa við Mývatn. Sértekjur hækka um 100 000 kr. og verða 200 000 kr. sem er vegna sölu á bæklingum og gjalds af tjaldstæðum.
- 972 **Ríkisútvarp, sjónvarp.** Fjárveiting úr ríkissjóði nemur samtals 2 200 000 kr. sem er vegna greiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru á árunum 1979—81. Í fjárlögum fyrir árið 1981 voru tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins sett fram á áætluðu verðlagi fjárlagaársins. Í þessu frumvarpi eru tekjur og gjöld á áætluðu meðalverðlagi ársins 1982. Svo sem verið hefur mun fjárveitinga-nefnd Alþingis taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
- 973 **Þjóðleikhúsið, framlög.** Framlög til Þjóðleikhússins hækka um 7 576 900 kr. og verða 20 411 700 kr. Hækkun einstakra gjaldategunda er sem hér segir: Laun hækka um 5 698 600 kr. og verða 19 249 200 kr. Er hækkunin í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 034 200 kr. og verða 5 133 000 kr. Er það um 2 200 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og er skýring þessa sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Aðrir rekstrargjaldaliðir hækka um 473 800 kr. sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Varðandi tekjuliði Þjóðleikhússins er gert ráð fyrir að seld vara og þjónusta hækki um 1 604 700 kr. og verði 6 467 200 kr. Enn fremur er nú gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 25 000 kr. en ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum 1981.

- 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fjárveiting hækkar um 2 262 700 kr., verður 5 916 500 kr. og er hér um að ræða hækkun um 61,9% frá fjárlögum 1981. Laun verða 9 804 800 kr. sem er hækkun um 2 969 600 kr. og er í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld verða 2 400 000 kr. Er það hækkun um 1 695 600 kr. og er u.þ.b. 1 400 000 kr. umfram verðlagsforsendur frumvarpsins enda hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Liðurinn aðrar tekjur hækkar um 1 990 400 kr. og verður 5 076 300 kr., og er hér um að ræða framlag Reykjavíkurborgar og Ríkisútvarpsins. Seldar vörur og þjónusta verður 1 212 000 kr. sem er hækkun um 412 100 kr. frá fjárlögum ársins 1981.
- 977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu. Framlag til byggingar þjóðarbókhlöðu hækkar um 2 700 000 kr. og verður 10 000 000 kr., þar af verða 5 500 000 kr. fjármagnaðar með lántöku. Fyrirhugað er að verja framlaginu til að reisa þak hússins og klæða og einangra útveggi.
- 982 Listir, framlög. Framlög á þessum lið nema alls 14 525 800 kr. og hækkar liðurinn frá fjárlögum 1981 um 5 820 500 kr. eða 66,8%. Hækkun liðarins skýrist annars vegar af nýjum viðfangsefnum og hins vegar af breyttum framlögum til viðfangsefna sem fyrir eru í fjárlögum. Ný viðfangsefni og framlög til þeirra eru: Alþýðuleikhúsið 400 000 kr., Ferðaleikhúsið 30 000 kr., kynning á isl. leiklist erlendis 100 000 kr., Þýðingarsjóður 500 000 kr., kynning á isl. bókmenntum erlendis 150 000 kr., kynning á isl. tónlist erlendis 50 000 kr., Vefnaðar- og listiðnaðarskóli Sigrúnar Jónsdóttur 20 000 kr., kynning á isl. myndlist erlendis 50 000 kr., Félag kvikmyndagerðarmanna 30 000 kr., Fjalakötturinn 20 000 kr., kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis 50 000 kr., endurskoðun höfundalaga 50 000 kr., kynning á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum 50 000 kr. og Íslenska tónverkamiðstöðin 50 000 kr. Framlög til eftirtalinna liða hækka frá fjárlögum 1981: Leikfélag Reykjavíkur 230 000 kr. og verður 730 000 kr., Leikfélag Akureyrar 250 000 kr. og verður 700 000 kr., Leiklistarstarfsemi 400 000 kr. og verður 1 100 000 kr., Bandalag íslenskra leikfélaga 80 000 kr. og verður 150 000 kr., leiklistarráð 15 000 kr. og verður 45 000 kr., Óperustarfsemi 150 000 kr. og verður 300 000 kr., Íslenski dansflökkurinn 150 000 kr. og verður 250 000 kr., brúðuleikhús 25 000 kr. og verður 50 000 kr., höfundamiðstöð 7 000 kr. og verður 25 000 kr., Rithöfundasamband Íslands 5 000 kr. og verður 15 000 kr., Launasjóður rithöfunda 763 800 kr. og verður 2 400 000 kr., höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga 42 800 kr. og verður 62 800 kr., Rithöfundasjóður Íslands 400 000 kr. og verður 1 200 000 kr., lúðrasveitir 17 000 kr. og verður 50 000 kr., önnur tónlistarstarfsemi 40 000 kr. og verður 130 000 kr., tónlistardagar 10 000 kr. og verður 25 000 kr., myndlistarskólar 200 000 kr. og verður 600 000 kr., listasöfn 50 000 kr. og verður 150 000 kr. Listasafn alþýðu 25 000 kr. og verður 75 000 kr. Félag ísl. myndlistarmanna 80 000 kr. og verður 100 000 kr., Myndhöggvarafélagið 12 000 kr. og verður 37 000 kr., Nýlistarsafn 15 000 kr. og verður 45 000 kr., Íslensk grafík 10 000 kr. og verður 20 000 kr., listiðnaðarmál 10 000 kr. og verður 30 000 kr., Kvikmyndasjóður 500 000 kr. og verður 1 500 000 kr., heiðurslaun listamanna 31 000 kr. og verða 301 000 kr., listamannalaun 350 000 kr. og verða 1 115 000 kr., listkynning 37 000 kr. og verður 100 000 kr., starfslaun listamanna 350 000 kr. og verða 1 115 000 kr., Bandalag ísl. listamanna 10 000 kr. og verður 20 000 kr., til lista og menningarmála almennt 70 000 kr. og verður 220 000 kr., og listahátíð í Reykjavík 55 000 kr. og verður 175 000 kr. Framlög til tveggja viðfangsefna lækka en það eru viðfangsefnin önnur leiklistarstarfsemi 100 000 kr. og verður framlagið 100 000 kr., og framlag til norrænu sumarvinnustofunnar 20 000 kr. og verður það 40 000 kr.

- 983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Liður þessi hækkar um 34 500 kr. og nemur nú samtals 145 500 kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlög til vísinda- og fræðimanna 4 000 kr., Surtseyjarfélagið 2 000 kr., jöklarannsóknir og mælingar 3 500 kr., Íslensk málnefnd 15 000 kr. og tímaritið Jökull 10 000 kr. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt.
- 984 **Norræn samvinna.** Fjárveiting verður alls 1 181 800 kr. og er það 444 200 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun á framlagi til norræns samstarfs á sviði menningarmála skýrir 396 200 kr. af hækkuninni en til þessa viðfangsefnis renna alls 1 040 800 kr. Framlag til viðfangsefnisins „norrænt samstarf“ hækkar um 20 000 kr. og nemur alls 70 000 kr. Af öðrum liðum ber að nefna að framlag til Norrænu félaganna hækkar um 20 000 kr. og er alls 55 000 kr., og styrkur til dvalar rithöfundar á Norðurlöndum hækkar um 8 000 kr. og verður 12 000 kr.
- 985 **Félagsheimilásjóður.** Framlag til sjóðsins verður 4 145 000 kr. og er það hækkun um 1 184 000 kr. eða 39,9% frá fjárlögum ársins 1981.
- 986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 2 165 000 kr., eða 28,8%, og verður fjárveitingin alls 9 665 000 kr. Rekstrarstyrkir hækka um 165 000 kr. og verða 665 000 kr. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 2 000 000 kr. og verða 9 000 000 kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar svo sem verið hefur.
- 987 **Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Framlag til endurbóta á Viðeyjar- og Nesstofu nemur alls 370 000 kr. og er það hækkun um 120 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981.
- 988 **Æskulýðsmál.** Samtals nema framlög til þessa málaflokks 1 528 000 kr. og er það 350 000 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Framlög til einstakra viðfangsefna hækka sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 49 000 kr., Æskulýðssamband Íslands 13 000 kr., Ungmennafélag Íslands 211 000 kr., Bandalag ísl. skáta 37 000 kr., Bandalag ísl. skáta vegna Úlfjótsvatns 7 500 kr., Bandalag ísl. farfugla 1 500 kr., íslenskir ungtemplarar 12 000 kr., Landssamband KFUM og KFUK 9 500 kr., starfsemi KFUM í Vatnaskógi 5 000 kr. og starfsemi KFUK í Vindáshlíð 4 500 kr.
- 989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag verður samtals 4 951 000 kr. og er það 2 271 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Helstu framlög sem hækka eru þessi: Íþróttasamband Íslands 1 200 000 kr., farkennsla í íþróttum 5 000 kr., Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum 10 000 kr., til íþróttamála fatlaðra 50 000 kr., og Ólympíunefnd 20 000 kr. Auk þess eru eftirtaldir liðir sem voru undir fjárlaganúmeri 02—999 í fjárlögum 1981 færðir undir þetta fjárlaganúmer: Taflfélag Reykjavíkur 14 000 kr., Skáksamband Íslands 65 000 kr., styrkur til alþjóðaskákmóta 22 000 kr., forseti FIDE 527 000 kr., og stórmeistarar í skák 338 000 kr. Að lokum er tekinn inn nýr liður, útgáfa handbókar um skólaíþróttir 20 000 kr.
- 999 **Ýmislegt.** Fjárveiting verður samtals 1 410 000 kr., og er það 625 000 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Lækkunin skýrist að mestu af því að framlög til nokkurra viðfangsefna voru færð undir þessu fjárlaganúmeri í fjárlögum 1981 en eru nú færð undir fjárlaganúmerið 02—989, en þau voru: Taflfélag Reykjavíkur 10 000 kr., Skáksamband Íslands 45 000 kr., alþjóðaskákmót 15 000 kr., forseti FIDE 376 800 kr. og stórmeistarar í skák 241 700 kr. Auk þess voru Íslendingafélagin í Kaupmannahöfn, Osló og Þrándheimi sundurliðuð í fjárlögum 1981 með samtals 1 500 kr. en eru nú sameinuð undir einn lið sem félag Íslendinga á Norðurlöndum með 20 000 kr. framlagi og er það 18 500 kr. hækkun. Að lokum er einn nýr liður, héraðsbókasöfn, og er framlagið 45 000 kr. Aðrir liðir í þessum málaflokki eru óbreyttir frá fjárlögum ársins 1981.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	8 140	11 562	3 422	42,0
Löggæsla á Keflavíkurlflugvelli	10 476	14 485	4 009	38,3
Sendiráðin	21 732	25 415	3 683	16,9
Alþjóðastofnanir	16 504	26 055	9 551	57,9
Samtals	56 852	77 517	20 665	36,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 10 540 500 kr. og er það 3 300 500 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun þessi skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag vegna yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar um 2 572 900 kr. og verður 8 200 900 kr. Gert er ráð fyrir fjárveitingu til einnar nýrrar fulltrúastöðu, að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar að ræða. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 29 400 kr. og verður 73 400 kr. Er það um 11 800 kr. umfram almennar verðlagshækkunar og skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum hækkar um 342 000 kr. og verður 1 102 000 kr. Framlag til kjöræðismanna hækkar um 30 000 kr. og verður 90 000 kr. Liðurinn upplýsinga- og kynningarstarfsemi verður 434 000 kr. og er það hækkun um 124 000 kr. Framlag til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin til landkynningar hækkar um 17 200 kr. og verður 60 200 kr. Liðurinn markaðsmál hækkar um 155 000 kr. og verður 465 000 kr. Fjárveiting til kynningar á menningu Norðurlanda hækkar um 30 000 kr. og verður 115 000 kr.

301—312 **Sendiráðin.** Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 25 415 800 kr. og er það hækkun um 3 684 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar samtals um 2 319 900 kr. og verður 16 570 100 kr. Gert er ráð fyrir fjölgun í utanríkisþjónustunni um 1,2 stöðugildi og er kostnaður samfara því samtals 365 800 kr. Eru þetta 1,0 staða sendiráðsritara við sendiráðið í Washington og 0,2 staða ritara við sendiráðið í Osló. Að öðru leyti er hækkun á launalið sendiráðanna vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar svo og vísitöluhækkunar í einstökum löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 143 000 kr. og verða 7 679 800 kr. Viðhaldsliður verður 704 300 kr. og hækkar um 91 400 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 461 600 kr. sem er hækkun um 129 700 kr. frá fjárlögum 1981.

399 **Ýmis utanríkismál.** Fjárveiting á liðnum ýmis utanríkismál verður 11 532 000 kr. sem er hækkun um 5 923 000 kr. eða 105,6% frá fjárlögum ársins 1981. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verður 10 007 000 kr. en stofnun þessi var sett á fót með lögum nr. 43/1981. Fjárveiting til þessa verkefnis var áður undir heitinu Aðstoð við þróunarlöndin og nam fjárveiting í fjárlögum 1981 4 757 000 kr., þannig að hækkunin er 5 250 000 kr. eða 110,4%. Framlag til Flóttamannaráðs Íslands

verður 108 000 kr. en var í fjárlögum 1981 8 000 kr. og hækkar því um 100 000 kr. Liðurinn Lögberg-Heimskringla hækkar um 14 000 kr. og verður 50 000 kr. Framlag vegna samskipta við Vestur-Íslendinga hækkar um 120 000 kr. og verður 250 000 kr. Þar af eru 150 000 kr. ætlaðar til útgáfu á ritum um vesturfarir Íslendinga. Framlag vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna er á áætluðu verðlagi um mitt árið 1982 og verður fjárveiting 1 100 000 kr. en nam 661 000 kr. í fjárlögum 1981. Önnur framlög eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1981.

- 401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 3 628 000 kr. og verður framlagið 14 522 700 kr. Hækkun sem rekja má til gengisbreytingar íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar og breytingar á kostnaðarhlutdeild Íslands í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að er samtals að fjárhæð 2 747 000 kr. Þá flyst framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) af þessum fjárlagalið yfir í 1. gr. frumvarpsins undir liðinn lánahreyfingar út, en hér er um að ræða stofnfjárframlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar. Framlag þetta var 2 760 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlög til þróunaraðstoðar sem heyra undir þennan fjárlagalið hækka samtals um 3 641 000 kr. og verða 4 745 000, þannig að hér er um að ræða hækkun sem nemur 329,8%.

Framlög til þróunaraðstoðar árið 1982. Framlögum til þróunaraðstoðar Íslands er skipað í viðfangsefni undir tveimur fjárlagaliðum, þ. e. ýmis utanríkismál (03—399) og alþjóðastofnanir (03—401). Auk þess er svo gert ráð fyrir að framlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) færist í 1. gr. frumvarpsins undir liðinn lánahreyfingar út. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerð framlög Íslands til þróunaraðstoðar árið 1982 í samanburði við fjárlög 1981.

	Frumvarp 1982	Fjárlög 1981	Hækkun í %
03-401 Alþjóðastofnanir			
0110 Þróunaraðstoð S. þ.	3 600 000	546 000	559,3
0111 Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	250 000	137 000	82,5
0112 Aðstoð við Palestínuflóttamenn	110 000	101 000	8,9
0113 Flóttamannastofnun S. þ.	347 000	137 000	153,3
0115 Matvælaáætlun S. þ.	159 000	54 000	194,4
0117 Namibíusjóður/S-Afrikusjóður	119 700	109 900	8,9
0128 Alþjóðaráð Rauða krossins	196 300	29 000	576,9
0143 Neyðarhjálpastofnun S. þ.	68 500	18 000	280,6
0146 Alþjóðalandbúnaðarþróunarsjóðurinn ..	100 000	—	—
0147 Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	30 000	—	—
03-399 Ýmis utanríkismál			
0101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	10 007 000	4 757 000	110,4
0102 Flóttamannaráð Íslands	108 000	8 000	1 250,0
0106 Háskóli Sameinuðu þjóðanna	1 100 000	661 000	66,4
1. gr. Lánahreyfingar út			
Alþjóðaframfarastofnunin	2 760 000	2 760 000	—
	Samtals 18 955 500	9 317 900	103,4

Skýring þess að framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar er haft óbreytt frá fjárlögum 1981 er sú að hlutur Íslands í framlagi þessu er 13 737 600 kr. eða jafnvirði 3,6 milljóna dollara á skráðu gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar hjá IMF 5. október 1979. Framlagið er því ákveðið í íslenskum krónum og hækkar ekki í krónutölu þótt gengi íslensku krónunnar lækki.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	5 036	7 073	2 037	40,4
Búnaðarmál	222 078	313 523	91 445	41,2
Skólar	8 841	17 411	8 570	96,9
Samtals	235 955	398 007	102 052	43,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting verður 2 945 700 kr. og er það hækkun um 1 012 600 kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 738 600 kr. sem er u. þ. b. 173 500 kr. umfram almennar launahækkunar og skýrist af því að gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna einnar nýrrar fulltrúastöðu. Önnur rekstrargjöld hækka um 274 000 kr. sem er 25 200 kr. umfram almenna verðlagshækkun. Á hækkun þessi rót sína að rekja til þess að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980.
- 171 Jarðeignir ríkisins. Framlag ríkissjóðs verður 3 325 000 kr. og er það hækkun um 825 000 kr. frá fjárlögum 1981 eða 33%. Fjárveiting þessi er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.
- 172 Jarðasjóður. Fjárveiting verður 802 000 kr. sem er hækkun frá fjárlögum 1981 um 199 000 kr. eða 33%. Hlutverk jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmst.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar alls um 2 770 300 kr. og verður 12 235 400 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 2 066 800 kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkunar. Það skýrist af því að tekin er inn ein staða rannsóknamanns í jurtasjúkdómum við jarðræktardeild. Að öðru leyti er um almennar launahækkunar að ræða. Önnur rekstrargjöld lækka um 600 kr. sem stafar af því að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu „Tilraunabú, óskipt“ í frumvarpi 1982, en í fjárlögum 1981 var gert ráð fyrir 900 000 kr. sem færðar voru á önnur rekstrargjöld. Ef ekki er tekið tillit til þessa liðar hækka rekstrargjöld um 41,0% frá fjárlögum 1981. Viðhald hækkar um 28 400 kr. og verður 168 900 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 213 900 kr., þar af eru 193 500 kr. til hitaveituframkvæmda á Hesti, Korpu og Hvanneyri, en Rannsóknastofnun landbúnaðarins greiðir hluta nútæknideildar í framkvæmdum á Hvanneyri. Framlag til tilraunastöðva sem fram kemur í B-hluta hækkar alls um 628 900 kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög	Frumvep	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Hestur	423 600	547 700	124 100	29,3
Reykholar	212 800	283 100	70 300	33,0
Möðruvellir	801 400	1 041 800	240 400	30,0
Skriðuklaustur	352 300	469 000	116 700	33,1
Sámsstaðir	227 600	305 000	77 400	34,0
Samtals	2 017 700	2 646 600	628 900	31,2

Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp, þ. e. Stóra-Ármót 50 000 kr., og er það fært sem yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega. Þá hækka sértekjur um 217 100 kr. og verða 634 600 kr.

- 207 **Forfalla- og afleysingajónusta í sveitum.** Fjárveiting til þessa verkefnis verður samtals 3 562 700 kr. og er það hækkan um samtals 1 817 200 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldtegundir: Laun hækka um 1 807 700 kr. sem er 104,9% hækkan frá fjárlögum 1981. Stafar hækkan þessi af því að gert er ráð fyrir að stöðugildum fjölgi úr 25,0 í 33,0. Er þannig gert ráð fyrir fjárveitingu til 30,0 stöðugilda allt árið 1982 og 6,0 stöðugilda að auki frá 1. júlí 1982. Rekstrargjöld verða 32 000 kr. og er það hækkan um 9 500 kr. eða 42,2%.
- 231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar alls um 2 316 700 kr. og nemur alls 6 983 600 kr. Laun hækka um 2 020 400 kr., eða 54,8%, þar af um 385 000 kr. vegna þess að áætlað er fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks við skógræðslu yfir sumarmánuðina. Að öðru leyti hækka laun sem næst í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld verða 1 275 000 kr. Er það hækkan um 389 900 kr. sem er riflega verðlagshækkun rekstrargjalda. Af fjárveitingu til rekstrargjalda eru 23 000 kr. sérstaklega ætlaðar til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald er áætlað 800 000 kr. og stofnkostnaður 704 000 kr., og eru fjárveitingar til þessara liða 371 400 kr. hærrí en í fjárlögum 1981. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 50 000 kr. og nemur alls 200 000 kr. Sértekjur hækka um 515 000 kr. og verða 1 700 000 kr. Vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271, landgræðslu- og landverndaráætlun, um framlög til skógræktar.
- 235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 1 532 500 kr. og nemur alls 4 866 600 kr., og er það 45,9% hækkan á fjárveitingu frá því sem er á fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skýrist þannig að almennir rekstrarliðir, þ. e. laun, önnur rekstrargjöld og viðhald, hækka um 1 517 500 kr. og er það í stórum dráttum í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar hlutaðeigandi gjaldaliða. Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hækkar um 155 000 kr. og nemur 625 000 kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að 290 000 kr. renna til viðfangsefnisins almennrar landgræðslu, 150 000 kr. til tækjakaupa fyrir landgræðsluverði og 185 000 kr. til ýmissa framkvæmda og búvélakaupa vegna búrekstrar. Sértekjur hækka um 140 000 kr. og verða 1 220 000 kr. Vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271, landgræðslu- og landverndaráætlun, um framlög til landgræðslu.
- 241 **Landnám ríkisins.** Framlag hækkar samtals um 112 400 kr. og verður 2 674 800 kr. Laun hækka um 421 400 kr. eða 60,9% sem er um 123 900 kr. umfram almennar launabreytingar. Skýrist hækkan þessi af því að gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna nýrrar stöðu tækniteknara og eru sértekjur stofnunarinnar hækkaðar til jafns við þann útgjaldaauka sem er samfara þessari viðbótarstöðu. Önnur rekstrargjöld hækka um 64 400 kr. eða 40%. Viðhald hækkar um 1 000 kr. og verður 6 000 kr. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 000 kr. og er þar um að ræða framlag ríkissjóðs til Hólsfjallaáætlunar. Framlög til skipulagningar og byggingar íbúðarhúsa í sveitum hækkar um 50 000 kr. og verður 350 000

kr. Framlag til grænifóðurverksmiðja lækkar um 261 000 kr. og verður 1 177 000 kr. Framlagið skiptist þannig að til grænifóðurverksmiðjunnar í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu renna 427 000 kr., til Hólmsins í Skagafirði fellur framlag ríkissjóðs niður en framlagið nam 500 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlag til Saltvíkur í Suður-Þingeyjarsýslu verður 750 000 kr. og er það hækkun um 250 000 kr. Þá er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 2 000 000 kr. hjá tveimur síðasttöldu verksmiðjunum og 3 000 000 kr. hlutafjárframlagi ríkissjóðs til verksmiðjunnar í Hólminum í Skagafirði. Þá eru sértekjur Landnáms ríkisins hækkaðar um 163 400 kr. og verða þær 346 700 kr.

- 246 Veiðimálaskrifstofan. Fjárveiting hækkar um 893 900 kr., verður 3 829 800 kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 690 300 kr. og verða 1 811 900 kr., þar af eru 158 900 kr. vegna launa náttúrufræðings við nýtt útibú stofnunarinnar á Norðurlandi, en að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar á launalið stofnunarinnar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 313 800 kr. og verða 873 000 kr., þar af eru 90 000 kr. vegna útibús á Norðurlandi. Viðhald hækkar um 6 000 kr. og verður 20 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 23 000 kr. og verður 93 000 kr. Þar af eiga 23 000 kr. að fara til útibúsins á Norðurlandi, 15 000 kr. til útibús á Vesturlandi og 15 000 kr. til útibús á Austurlandi. Þá eru áætlaðar 40 000 kr. til kaupa á rannsóknatækjum og áhöldum. Framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði lækkar um 229 200 kr. og verður 716 900 kr., þar af eru 300 000 kr. vegna breytinga á starfsmannahúsi. Þá hækkar framlag til Fiskræktarsjóðs um 90 000 kr. og verður 315 000 kr.
- 247 Yfirdýralæknir. Fjárveiting hækkar um 1 457 500 kr. og verður 5 254 100 kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækkar samtals um 1 479 500 kr. í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 6 000 kr. og verður 530 000 kr. sem áformað er að verja þannig: Til að ljúka við byggingu dýralæknishústaðar á Þórshöfn 70 000 kr., til að fullgera dýralæknishústað á Barðaströnd, aðstöðu dýralæknis o. fl. 200 000 kr., til að ljúka endurbótum á dýralæknishústaðnum á Breiðdalsvík 200 000 kr. Þá eru veittar 60 000 kr. til greiðslu stofnkostnaðar í sambandi við nýlagnir hitaveitu og gatnagerðargjalda. Fjárveiting til jógurbólгурannsóknar og búfjár sjúkdóma verður óbreytt eða 91 300 kr. Þá hækka sértekjur um 16 000 kr. og verða 56 000 kr.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun. Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 2 389 000 kr. og verður 12 316 000 kr. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna í fjárlögum 1981 og í frumvarpi fyrir 1982.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	%
Landgræðsluáætlun, RALA	800 000	1 024 000	28,0
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	1 440 000	1 843 000	28,0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	5 890 000	7 540 000	28,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	400 000	512 000	28,0
Landþurrkun	125 000	125 000	—
Fyrirhleðslur	1 272 000	1 272 000	—
Samtals	9 927 000	12 316 000	24,1

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til draga að landgræðsluáætlun sem samstarfsnefnd um landgræðsluáætlun árin 1981—1985 hefur sett fram.

- 286 **Landbúnaður, framlög.** Fjárveiting lækkar um 20 000 kr. þar sem stofnframlag til mjólkurbúa fellur niður en framlag þetta nam 20 000 kr. í fjárlögum 1981. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem er lögbundið, verður 15 160 000 kr. og er það hækkun um 4 330 000 kr. eða 40%. Hefur þá verið tekið mið af meginforsendum frumvarpsins, að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki ekki meira en 40% frá fjárlögum 1981.
- 288 **Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.** Fjárveiting verður 46 295 200 kr. og er það hækkun um 10 884 300 kr. eða 30,7%. Liðurinn jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur lækkar um 6 400 000 kr. og verður 29 100 000 kr., framræsla lækkar um 900 000 kr. og verður 4 000 000 kr. Nýjar búgreinar og hagræðing lækkar um 2 516 000 kr. eða 35% og verður 9 716 000 kr. Þá lækkar liðurinn rekstrar-gjöld um 1 068 300 kr. eða 44,3% og verður 3 479 200 kr.
- 290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Útflutningsbætur vegna framleiðslu-ársins 1981/1982 eru áætlaðar nema samtals 160 000 000 kr. og hækka um 40 000 000 kr. eða 33,3% frá fjárlögum 1981. Er þá miðað við fullnýtingu verð-ábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af verðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.
- 299 **Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.** Framlag lækkar um 17 765 400 kr. og verður 20 175 100 kr. Liðurinn lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980 lækkar um 17 667 000 kr. og verður 19 707 000 kr. Þar af eru vextir 3 222 700 kr. og afborgun 16 484 300 kr. Auk þess greiðir Bygðasjóður 5 000 000 kr. afborgun af láninu samkvæmt ákvæðum áðurgreindra laga. Framlag til norræna búfræðifélagsins lækkar um 500 kr. og verður 2 000 kr. Liðurinn efnarannsóknastofa Norðurlands lækkar um 5 000 kr. og verður 20 000 kr., tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands lækkar um 36 300 kr. og verður 146 300 kr., Landvernd lækkar um 50 000 kr. og verður 200 000 kr. Þá lækkar liðurinn Búnaðarsamband Austur-Skafta-fellssýslu um 6 600 kr. og verður 26 600 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1981.
- 501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Við undirbúning á fjárlagatillögum fyrir Bændaskólann á Hvanneyri var ákveðið að taka upp viðfangsefnaskiptingu fyrir hvern þátt skólahaldsins um sig. Ákveðið var að hafa viðfangsefnin fjögur, þ.e. yfirstjórn, rekstur skóla, rannsóknir og tilraunastarfsemi og búrekstur. Samtals lækkar fjárveiting til skólans um 2 279 900 kr. og verður fjárveitingin 7 200 200 kr. Laun hækka um 1 556 900 kr. og verða 4 886 800 kr. og er hér eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 3 035 700 kr. og er það hækkun um 1 342 600 kr. eða 79,2%. Hækkun þessi umfram verðhækkanir skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1980. Á móti þessari hækkun útgjalda hafa sértekjur verið hækkaðar um 1 245 600 kr. eða 80,2%.
- Viðhald lækkar um 116 000 kr. og verður 466 000 kr. Gjaldfærður stofn-kostnaður lækkar um 510 000 kr. og verður 1 610 000 kr. Við yfirstjórn er gert ráð fyrir 4,25 stöðugildum, við rekstur skóla er gert ráð fyrir 13,0 stöðugildum kennara, 2,5 stöðugildum við rannsóknir og tilraunastarfsemi og 6,0 stöðugildum við búrekstur. Samtals eru því stöður við skólann 25,75 talsins. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 610 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður á yfirstjórn verður 125 000 kr., sem er vegna stofnlagnar hitaveitu 50 000 kr. lýsingar umhverfis skólans 25 000 kr. og þakklæðningar á nútæknisafn 50 000 kr. Við rekstur skóla verður stofnkostnaður samtals 1 200 000 kr., þar af eru 150 000 kr. veittar til frumathugunar á rannsóknahúsi, 430 000 kr. til skólastjórabústaðarins, 70 000 kr. til verkloka á gamla skólastjórabústaðnum, 400 000 kr. til gamla skólahússins

og 150 000 kr. til lagfæringar á lóð. Þá eru veittar 75 000 kr. sem gjaldfærður stofn-
kostnaður vegna tækjakaupa til rannsókna og tilraunastarfsemi. Gjaldfærður
stofnkostnaður til búrekstrar verður 210 000 kr. og rennur til tækjakaupa.

- 502 **Bændaskólinn á Hólum.** Gert er ráð fyrir að skólahald hefjist að nýju haustið
1981 og eru fjárveitingar fyrir árið 1982 miðaðar við fulla kennslu það ár. Í
fjárlögum fyrir árið 1981 var einungis miðað við skólahald haustið 1981 svo
að rekstrarfjárveitingar í þessu frumvarpi hækka verulega frá fjárlögum 1981.
Laun verða 1 947 300 kr. og er það hækkun um 1 308 400 kr. frá fjárlögum 1981
en önnur rekstrargjöld verða 740 000 kr. Er það hækkun um 440 000 kr. eða
146,6% sem skýrist af aukinni starfsemi eins og áður hefur verið getið. Viðhald
hækkar um 2 735 000 kr. og verður 2 990 000 kr. sem áætlað er að verja þannig
að 2 500 000 kr. fara til að endurgreiða viðhaldskostnað sem stofnað var til á
árinu 1981 og rann til endurbóta á skólahúsi staðarins. Þá eru 210 000 kr. til
að einangra og klæða að utan kennarabústaði og að lokum eru veittar 280 000
kr. til endurbóta á stigahúsi í skólahúsinu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar
um 1 180 000 kr. og verður 1 930 000 kr. sem áætlað er að verja samkvæmt eftir-
farandi yfirliti:

	kr.
Skipulag staðarins	100 000
Vatns- og skólplagnir	500 000
Viðbót við 1. áfanga hesthúss	380 000
Hlaða	950 000

Samtals 1 930 000

Sértekjur skólans hækka um 192 500 kr. og verða 542 500 kr. Er það hækkun
um 55,0% frá fjárlögum ársins 1981.

- 503 **Garðyrkjuskóli ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 819 400 kr. og verður \$ 146 500
kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 2 192 600 kr.
og er það hækkun um 680 000 kr. sem nemur almennum launahækkunum.
Önnur rekstrargjöld verða 1 000 000 kr. og hækka um 550 500 kr. eða 122,4%.
Hækkun þessi skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreikn-
ings fyrir árið 1980 en jafnframt eru sértekjur hækkaðar á móti. Viðhald og
gjaldfærður stofnkostnaður hækkar samtals um 235 000 kr. eða sem svarar
almennum verðlagsbreytingum. Sértekjur hækka um 646 100 kr. eða 190,0%
og var þá höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980 eins og
áður hefur komið fram.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir
í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	2 741	3 871	1 130	41,2
Útvegsból	78 683	112 855	34 172	43,4
Annað	3 597	4 695	1 098	30,5
Samtals	85 021	121 421	36 400	42,8
Þar af markaðir tekjustofnar	2 280	3 500	1 220	53,5

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávar-
afurðum sem hækkar um 1 220 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Útflutningsgjaldið

skiptist þannig milli viðtakenda: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 96 þús. kr. sem er hækkun um 21 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 3 404 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 1 199 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Verður nú fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins verður 3 871 000 kr. og er það hækkun um 1 130 500 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 804 400 kr., þar af eru 115 400 kr. vegna einnar nýrrar stöðu háskólamenntaðs fulltrúa, að öðru leyti er eingöngu um að ræða hækkanir vegna almennrar launaþróunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 319 500 kr., sem er um 35 500 kr. umfram almenna verðlagsþróun og skýrist þessi hækkun af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 6 600 kr. og verða 46 600 kr. sem er vegna endurnýjunar og viðhalds skrifstofuáhalda.
- 201 **Fiskifélag Íslands.** Fjárveiting til Fiskifélags Íslands nemur alls 5 255 200 kr. og er það hækkun um 1 730 100 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 134 800 kr. sem er örlítið umfram almenna launaþróun og skýrist af launaskriði. Önnur rekstrargjöld hækka um 428 300 kr. sem er samkvæmt almennri verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 26 000 kr. og verður 50 000 kr. Gert er ráð fyrir að viðhaldsfé verði að mestu varið til viðgerðar á þaki húss Fiskifélagsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 232 000 kr. og verður 332 000 kr. Þar af koma 38 000 kr. í hlut yfirstjórnar, 94 000 kr. til tæknideildar vegna samvinnu við Nordforsk og 200 000 kr. renna til fiskræktunardeildar vegna athugana á laxeldi í sjó. Þá hækka sértekjur um 91 000 kr. og verða 321 000 kr.
- 202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 11 862 900 kr. og verður 39 009 700 kr. sem er hækkun um 43,6%. Laun hækka um 6 121 500 kr. og verða 22 360 000 kr. Önnur rekstrargjöld verða 12 725 400 kr. sem er hækkun um 4 247 700 kr. eða 50,1%. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir skýrist af hækkun á ollukostnaði hjá rannsóknarskipunum frá því sem fjárlög 1981 gerðu ráð fyrir. Viðhaldsliður Hafrannsóknastofnunar hækkar um 938 900 kr. og verður 2 707 100 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 884 860 kr. og verður 2 267 200 kr. Þá hækka sértekjur um 330 000 kr. og verða 1 050 000 kr. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni við stofnunina. Annað þeirra ber heitið Timabundin verkefni, þar sem áætlað er fyrir launum sex lausráðinna rannsóknamanna, en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981 samþykkti fjárveitinganefnd Alþingis þessar stöður. Nú hafa stöður þessar verið sameinaðar á sérstöku viðfangsefni og mun fjárveitinganefnd gera tillögu um til hvaða rannsókna þær verði nýttar árið 1982. Stöður þessar hafa árið 1981 verið nýttar til eftirfarandi rannsókna: Hvalrannsóknir, hrognkelsarannsóknir, magnmælingar, plöntusvifrannsóknir, aldursávarðanir á þorskfiskum, fiskleit og rannsóknartæki. Þá er tekið upp viðfangsefnið Útibú í Ólafsvík og er viðbótarkostnaður vegna stofnunar þess 217 400 kr. Gert er ráð fyrir að úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar verði hið sama og árið 1981, þ.e. hvert skip verði gert út sem svarar í 9 mánuði árið 1982. Í fjárlögum fyrir árið 1981 voru fjárveitingar hvers rannsóknaskips ekki sýndar sérstaklega heldur hafðar saman á viðfangsefninu Rekstur hafrannsóknaskipa. Nú er aftur á móti rekstur hvers skips sýndur sem sérstakt viðfangsefni. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra 1982.

- 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 7 290 500 kr. og er það hækkun um 2 811 300 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 2 342 900 kr. og verða 5 988 100 kr. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda um 5,5 og er kostnaður vegna þess 823 400 kr. Stöður sem hér um ræðir eru þessar: Útgáfustjóri vegna samningar og útgáfu handbókar sjávarútvegsins, eftirlitsmaður við gerladeild, tveir rannsóknamenn við tæknideild og fjölgað er um hálfá stöðu við hvert útibúanna á Ísafirði, Neskaupstað og Akureyri. Önnur rekstrargjöld hækka um 752 900 kr. og verða 1 915 900 kr. Er það um 287 000 kr. umfram almennar verðlagshækkunar og skýrist meðal annars af þeirri fjölgun starfslíðs sem að framan er getið. Viðhald hækkar um 35 000 kr. og verður 132 000 kr. sem er hækkun um 36,0%. Þá hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 43 500 kr. og verður 487 500 kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 363 000 kr. og verða 1 233 000 kr. sem er hækkun um 41,7%.
- 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Framlag til Framleiðslueftirlits sjávarafurða verður 14 494 500 kr. sem er hækkun um 4 603 800 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar um 3 498 400 kr. og verður 11 317 900 kr. Hækkun þessi er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 1 236 400 kr. og verður 3 535 600 kr. Þetta er um 316 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og á hækkunin rót sína að rekja til þess að höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings árið 1980 vegna aksturskostnaðar við stofnunina. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 11 000 kr. og verða 141 000 kr. Sértekjur eru áætlaðar 500 000 kr. og er það 142 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981.
- 274 Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 3 476 000 kr. og verður 12 170 000 kr. Um Aflatryggingasjóð gilda lög nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs var framlagið skert samkvæmt einni af meginforsendum frumvarpsins, þ.e. að framlög til sjóða hækki ekki meira en 40% frá fjárlögum 1981.
- 275 Fiskveiðisjóður.** Framlag til Fiskveiðisjóðs hækkar um 7 420 000 kr. og verður 25 960 000 kr. Er þá miðað við lög nr. 2/1980 um breytingu á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðisjóðs hefur verið skert og er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.
- 299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Fjárveiting hækkar um 904 800 kr. og verður 3 536 800 kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 30 000 kr. og verður 130 000 kr., og framlag til skólabáta hækkar um 30 000 kr. og verður 150 000 kr. Kostnaður við veiðieftirlit hækkar um 614 800 kr. og verður 2 316 800 kr. Fjárveiting til vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum hækkar um 82 000 kr. og verður 332 000 kr. Framlag til mörkunar fiskveiðistefnu hækkar um 148 000 kr. og verður 598 000 kr. Þá er liðurinn eftirlit með hvalvinnslustöðvum óbreyttur frá fjárlögum ársins 1981.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	3 926	5 713	1 787	45,5
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	203 985	284 883	80 898	39,7
Þjóðkirkjan	20 523	28 990	8 467	41,3
Samtals	228 434	319 586	91 152	39,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér verður á eftir gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 1 272 900 kr. og verður 3 957 900 kr. Laun hækka um 1 014 100 kr., þar af eru um 141 700 kr. vegna eftirlits með byggingum á prestssetrum og öðrum byggingum á vegum ráðuneytisins, en laun vegna þessa voru áður færð á fjárlagalið þjóðkirkju 06-301-0113. Hér er því um flutning á milli fjárlagaliða að ræða. Aðrar hækkunir launa, 872 400 kr., eru í samræmi við almennar launahækkunir. Framlag til einstaklinga og samtaka vegna lögfræðiaðstoðar Orators er flutt á lið 06-281 dómsmál, ýmis kostnaður, en framlagið var 32 000 kr. í fjárlögum 1981. Aðrar hækkunir sem nema alls 290 800 kr. eru í samræmi við almennar verðlagshækkunir.
- 201 Hæstiréttur.** Fjárveiting hækkar um 577 400 kr. og verður 1 771 400 kr. Laun hækka um 348 300 kr., þar af eru 150 200 kr. vegna nýrrar stöðu aðstoðarmanns dómara. Aðrar hækkunir, 229 100 kr., eru í samræmi við almennar verðlagshækkunir.
- 203 Borgardómariinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 1 458 500 kr. og verður 4 720 600 kr. Laun hækka um 1 239 500 kr. eða um sem nemur almennum launahækkunum. Samþykkt hefur verið hálf staða ritara en sú ráðning hefur ekki í för með sér kostnaðarauka heldur tilfærslu milli launategunda. Önnur rekstrargjöld hækka um 184 000 kr. eða um sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 70 000 kr. sem er 35 000 kr. hærri fjárveiting en var í fjárlögum 1981.
- 204 Borgarfógetinn í Reykjavík.** Framlag hækkar um 1 703 800 kr. og verður 4 973 500 kr. Laun hækka um 1 320 800 kr. Þar af eru um 129 600 kr. vegna ráðningar eins löglærðs fulltrúa í skiptarétti sem ráðninganefnd hefur heimilað. Önnur rekstrargjöld hækka um 240 000 kr. Viðhald hækkar um 5 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 138 000 kr. og verður 178 000 kr. sem er til endurnýjunar simaskiptiborðs.
- 206 Lögreglustjórnin í Reykjavík.** Framlag hækkar um 18 464 400 kr. og verður 64 317 200 kr. Laun hækka alls um 16 677 900 kr., þar af eru um 134 200 kr. vegna stöðu eins kennara við lögregluskólann. Aðrar hækkunir launa, 16 543 700 kr., eru í samræmi við almennar launahækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 268 700 kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 2 387 000 kr. og hækkar um 587 000 kr. frá fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 415 500 kr. og verður 1 683 000 kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 1 250 000 kr., talstöðvar og tengdur búnaður 175 000 kr., kaup á bif-

- reið vegna vegaeftirlits 130 000 kr. og 128 000 kr. eru til annarra þarfa hjá embættinu vegna húsnæðis og búnaðar. Sértekjur hækka um 1 484 700 kr. og verða 2 097 000 kr. og er þá höfð hliðsjón af rauntölum undanfarinna ára en sértekjur hafa verið verulega vanáætlaðar í fjárlögum.
- 207 **Lögreglustöð í Reykjavík, bygging.** Stofnkostnaðarframlag nemur 225 000 kr. en var 100 000 kr. í fjárlögum 1981. 75 000 kr. eru ætlaðar til að auðvelda fötluðum aðgang að húsinu og 150 000 kr. til innréttinga á æfingasal.
- 209 **Dórnáðs í Reykjavík.** Liðurinn fellur niður þar sem ekki er ætluð fjárveiting til byggingaframkvæmda á árinu 1982.
- 211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 27 788 200 kr. og verða þau 94 252 700 kr. Laun hækka alls um 23 377 000 kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru þær að ráðninganefnd hefur heimilað hálfu stöðu skrifstofumanns á Sauðárkróki. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 4 444 500 kr. og verða 15 060 000 kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 307 100 kr. og verður 1 585 600 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 3 794 500 kr. sem er 191 000 kr. hærra framlag en var í fjárlögum 1981. Helstu framkvæmdaframlög eru: 340 000 kr. vegna kaupa á húsnæði og búnaðar á Hólmavík, 200 000 kr. til hönnunar á sýsluskrifstofu í Búðardal, 150 000 kr. vegna bifreiðar- og skjalageymslu á Sauðárkróki, 200 000 kr. til hönnunar á lögreglustöð á Seyðisfirði, 1 600 000 kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði og 1 000 000 kr. til byggingar lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 304 500 kr. Sértekjur hækka um 531 400 kr. og verða 1 495 500 kr.
- 241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 1 147 200 kr. og verður 2 997 300 kr. Laun hækka um 589 400 kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 388 800 kr. sem er verulega umfram verðlagshækkanir. Tekið hefur verið tillit til mikillar aukningar í vísun afplánunarfanga í húsinu og vanáætlunar í fjárlögum undanfarinna ára. Viðhald verður 200 000 kr. en var 35 000 kr. í fjárlögum 1981. Fyrirhuguð er endurbygging á þaki hússins. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 17 000 kr. en var 13 000 kr. í fjárlögum 1981.
- 242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 2 710 900 kr. og verður 9 155 100 kr. Laun hækka um 2 208 200 kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 242 700 kr. sem er um 470 000 kr. umfram almennar verðlagshækkanir en stækkun hælisisins veldur því auk vanáætlunar í fjárlögum undanfarinna ára. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður er 110 000 kr. hærri en var árið 1981 og nemur alls 425 000 kr. Sértekjur eru 1 500 000 kr. sem er 850 000 kr. hærri tala en áætluð var í fjárlögum 1981.
- 247 **Eftirlitsstofnun með brotamönnum.** Fjárveiting hækkar um 171 500 kr. og verður 485 300 kr. sem er nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir vegna aukningar á starfsemi.
- 251 **Landhelgisgæslan.** Heildarfjárveiting til Landhelgisgæslunnar verður 54 691 100 kr. og hækkar um 13 502 300 kr. frá fjárlögum 1981. Miðað er við rekstur fjögurra skipa, samtals í 36 mánuði, þ. e. Ægis, Óðins og Týs í 10 mánuði hvert skip og Þórs í 6 mánuði. Hjá fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla, þ. e. einni Fokker-27 (TF-SYN) og tveim þyrlum. Þyrlurnar eru TF-RÁN sem sinna skal gæslu- og björgunarstörfum og TF-GRÓ sem sinnir ýmsum smærri verkum frá varðskipum eða landi eftir aðstæðum. Launaliður hækkar um 6 174 500 kr. og verður 25 610 000 kr. Fjölgað er um tvær stöður á viðfangsefninu yfirstjórn, þ. e. eina stöðu birgðavarðar og

eina stöðu iðnaðarmanns. Heimild fyrir stöðum þessum er fyrir hendi en fjárveiting féll niður í fjárlögum 1981. Laun vegna þessara tveggja staða skýra 150 500 kr. af launahækkuninni. Að öðru leyti er hækkun launa innan almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 195 000 kr. eða 37,1% og verða 19 165 600 kr. Viðhald hækkar um 1 227 100 kr. og verður 4 553 900 kr. Ekkert er áætlað í gjaldfærðan stofnkostnað en fjárveiting nam 132 500 kr. í fjárlögum 1981. Yfirfærslur til B-hluta, þ. e. í Landhelgissjóð, hækka um 1 065 200 kr. og verða 5 448 600 kr. Þá hækka sértekjur um 27 000 kr. og verða 87 000 kr.

- 253 **Almannavarnir.** Fjárveiting lækkar um 37 100 kr. og verður 1 234 400 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 313 900 kr. eða sem nemur almennri launa- og verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og verður 24 500 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 115 000 kr. sem er 367 000 kr. lægri fjárveiting en var í fjárlögum 1981, en þá var sérstök fjárveiting til færarlegrar stjórnstöðvar 200 000 kr. og til varnargarðs við Vík í Mýrdal 200 000 kr., auk 82 000 kr. til kaupa á ýmsum smærri búnaði sem nú áætlast 115 000 kr. Yfirfærsla til sveitarfélaga hækkar um 9 000 kr. og verður 38 000 kr.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar alls um 264 200 kr. og verður 2 457 600 kr. Þar af eru 50 000 kr. sem framlag til Orators vegna lögfræðiaðstoðar laganema. Í fjárlögum 1981 var 32 000 kr. framlag til þessa færð á aðal-skrifstofu ráðuneytisins. Liðurinn útgáfa lagasafns hækkar um 42 000 kr. og verður 100 000 kr. Aðrar hækkanir, 172 200 kr., eru vegna almennra verðlags-hækkana.
- 301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar hækkar alls um 8 116 800 kr. eða 42,1% frá fjárlögum 1981. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru: Sumar-búðir hækka um 20 000 kr., biskupsbústaður um 15 500 kr., Hallgrímskirkja um 50 000 kr. og Hið íslenska biblíufélag um 100 000 kr. Nýtt viðfangsefni, bændakirkja að Skarði, Skarðsströnd, er tekið upp og er að fjárhæð 40 000 kr., Framlag til Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar hækkar um 114 100 kr. sem er nokkuð umfram almenna verðlagsþróun en stafar af því að laun voru vanáætluð í fjárlögum 1981. Framlag til Tónskóla þjóðkirkjunnar hækkar um 57 200 kr. Þar er nú í fyrsta skipti áætlað fyrir launum hálftrar stöðu söngkennara, 71 900 kr., sem færast á önnur dagvinnulaun. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 20 300 kr. og 10 000 kr. í stofnkostnað. Samtals eru framlög 102 200 kr. á þessu viðfangsefni. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 7 720 000 kr. og eru þá ýmist óbreytt frá síðustu fjárlögum eða hækka einungis um almennar launa- og verðlagsbreytingar.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	2 182	3 292	1 110	50,9
Húsnæðismál	118 000	168 514	50 514	42,8
Önnur félagsmál	53 181	75 372	22 191	41,7
Samtals	173 363	247 178	73 815	42,6
Þar af markaðir tekjustofnar	84 286	124 646	40 360	47,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1981 sem hér segir: Markaður tekjustofn Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um 36 314 þús. kr. og

verður 111 314 þús. kr. Markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna eru 1% af launaskatti. Skipulagsgjald sem rennur til Skipulagsstjóra hækkar um 1 046 þús. kr. og verður 4 332 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti sem fer til Erfðafjárjóðs hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 9 000 þús. kr. Hefur þá tekjustofn sjóðsins verið skertur frá gildandi lagaákvæðum í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefna-flokka félagsmálaráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa. Útgjöld skrifstofunnar nema alls 3 292 200 kr. og er það hækkun um 1 110 600 kr. eða 50,9%. Um einstaka útgjaldaliði er eftirfarandi að segja: Laun hækka um 649 600 kr., þar af 128 000 kr. vegna endurskoðunar á veigamiklum lagabálkum um umhverfis- og sveitarstjórnarmál. Þá hækka laun vegna fastra starfsmanna um 129 600 kr. vegna fjölgunar um eina stöðu á skrifstofunni, en ráðningarnefnd ríkisins heimilaði á árinu 1981 stöðu fulltrúa vegna málefna öryrkja og þroskaheftra. Á móti hækkun fastra launa kemur fram nokkur lækkun annarra dagvinnulauna, enda var í fjárlögum 1981 veitt fjárhæð á launalið til sérstakra verkefna. Þá er áætlað fyrir stöðu lausráðsins fulltrúa sem ráðningarnefnd heimilaði 1980 til eins árs og samþykkti nefndin framlengingu á ráðningu þessari til ótiltekins tíma. Önnur rekstrargjöld hækka um 450 000 kr. og nema 1 000 000 kr. Rekstrargjöld aukast nokkuð umfram almenna verðlagsbreytingu, annars vegar vegna aukinna umsvifa í ráðuneytinu og hins vegar vegna þess að rekstrargjöld hafa reynst vanmetin í fjárlögum 1980 og 1981. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 kr. og nemur alls 30 000 kr. Þá hækkar viðhald um 1 000 kr. og verður 5 000 kr.
- 271 Húsnæðisstofnun ríkisins. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins hækkar um 14 200 000 kr. og nemur alls 57 200 000 kr. Auk ríkisframlagsins er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lánsfjár alls að fjárhæð 264 400 000 kr. Hiá lífevrisssjóðum er ráðgert að afla 187 000 000 kr. og hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði 52 400 000 kr. Þá er gert ráð fyrir að nettó-tekjur af skyldusparnaði verði 25 000 000 kr. Frá næstu áramótum verður skyldusparnaður innheimtur um póstgíróstofuna og er fyrrnefnd fjárhæð talin líkleg þar sem ávöxtunarkjör skyldusparnaðar eru nú ein þau bestu sem völ er á í landinu. Í frumvarni þessu er ekki gert ráð fyrir að nein síðshækkun eigi sér stað á árinu 1982, enda tryggð ríkissjóður að Byggingarsjóður ríkisins geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lífevrisssjóðunum í ársbvrjun 1983 svo sem verið hefur. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hafi alls til útlána 373 700 000 kr. Á undanförunum árum hefur Húsnæðisstofnunin lánað talsvert fé í framkvæmdalán til byggingaraðila. Í forsendum um fjármál síðsins er gert ráð fyrir því að framkvæmdalán færast vfir á viðskiptabankana, enda verður að teljast að þau séu eðlileg verkefni viðskiptabanka. Loks skal á það bent að Framkvæmdasióður aldraðra mun í vaxandi mæli fjármagna byggingu hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra. Benda má á, að á þessu ári samþykkti stjórn Húsnæðisstofnunar 307 000 000 kr. útlánaáætlun, en félagsmálaráðherra staðfesti áætlun sem nam 300 000 000 kr. Húsnæðisstofnun var heimilað að afla lánsfjár hiá lífevrisssjóðunum að fjárhæð 7 000 000 kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981, ef hörf krefði. Hið sama verður heimilað á næsta ári, allt að 13 000 000 kr., ef brún nauðsyn krefur að mati ríkisstjórnarinnar.
- 272 Byggingarsjóður verkamanna. Með lögum nr. 51/1980 eru markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna ákveðnar 1% af launaskattsstofni. Tekiur samkvæmt þessu og þar með framlag ríkissjóðs nemur því 111 314 000 kr., og er það 36 314 000 kr. eða 48,4% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaga, sem er 10% af lánnum til verkamannabústaða og leigu-

íbúða, nemi um 22 800 000 kr. Þá er miðað við að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar af eigin fé 24 200 000 kr. en lántökur til sjóðsins verði 110 000 000 kr. Heildarútlánageta sjóðsins verður því á árinu 1982 um 268 300 000 kr., til samanburðar við 100 000 000 kr. í áætlun þessa árs. Áætlun um útlán er byggð á eftirfarandi: Í fyrsta lagi, að veitt verði 80% lán til byggingar 100 leiguíbúða sveitarfélaga, samtals 52 000 000 kr. Í öðru lagi, að veitt verði 80% lán til 110 endursöluíbúða, samtals 40 000 000 kr. Í þriðja lagi hafa þegar verið samþykkt 207 lán til nýbygginga verkamannabústaða á árinu 1981, en 1. ágúst 1981 voru í undirbúningi á ýmsum byggingarstigum 472 íbúðir. Ekki er fullljóst hversu hratt þessum framkvæmdum miðar á árinu 1982 en hér er miðað við að veitt verði 300 full lán, eða samtals 176 300 000 kr.

Standist áætlun þessi um íbúðarbyggingar ekki mun ríkisstjórnin taka útlánaáætlun og fjármögnunarmál sjóðsins til endurskoðunar.

- 301 Skipulagsstjóri.** Hækkun fjárveitingar nemur samtals 1 596 300 kr. og verða útgjöld stofnunarinnar 5 623 800 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 216 300 kr. og verða 4 123 800 kr. Hækkun þessi er eingöngu vegna almennra verðbreytinga samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar fellur nú niður en stofnkostnaður var 20 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlag til sveitarfélaga hækkar um 400 000 kr. og verður 1 500 000 kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er ríkissjóði skylt að greiða árlega til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Þar að auki rennur til stofnunarinnar skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.
- 302 Ríkissáttasemjari.** Fjárveiting hækkar um 667 300 kr. og verður 1 699 400 kr. Laun hækka um 380 200 kr. og verða 1 205 400 kr. sem er eingöngu vegna launaþróunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 193 100 kr. og verða 400 000 kr. sem er hækkun um 93,3%. Skýring þessarar hækkunar er sú að nú er að koma í ljós hvert umfang á starfsemi stofnunarinnar er og hafa því önnur rekstrargjöld verið áætluð í samræmi við það. Viðhald verður 10 000 kr. en ekki var áætlað fyrir því í fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 84 000 kr. sem er til kaupa á ljósritunarvél en ekki var áætlað fyrir gjaldfærðum stofnkostnaði 1981.
- 371 Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga verður 4 410 000 kr. sem er hækkun um 1 260 000 kr. eða 40%. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægri fjárhæð en sem nemur 2,5% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár. Framlag ríkissjóðs er miðað við þá meginforsendu frumvarpsins að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki að hámarki um 40% frá fjárlögum 1981.
- 399 Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna verður 3 200 000 kr. sem er aukning um 1 500 000 kr. eða 88,2%, þannig að hér er um að ræða stóratök ríkissjóðs til að létta undir með sveitarfélögum í vatnsveituframkvæmdum.
- 953 Jafnréttisráð.** Framlag til jafnréttisráðs hækkar um 169 000 kr. og verður fjárveiting samtals 371 300 kr. Laun hækka um 146 500 kr. og verða 295 100 kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu ritara og er viðbótarkostnaður vegna þess 82 900 kr., að öðru leyti er um almennar launahækkunar að ræða. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 22 500 kr., verða 76 200 kr. og er það eingöngu vegna almennra verðlagshækkana.
- 954 Vinnueftirlit ríkisins.** Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 segir að sérstök stofnun undir stjórn félagsmálaráðherra skuli sjá um eftirlit á þessu sviði. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var ákveðið að grunnheimildir Vinnueftirlits ríkisins skyldu verða 18,0 talsins. Í þessu frum-

- varpi er hins vegar gert ráð fyrir því að 2,0 stöðugildi eftirlitsmanna bættist við hjá stofnuninni og verði grunnheimildir þar með 20,0 talsins. Launaliður stofnunarinnar er því samtals að fjárhæð 8 521 700 kr. sem er hækkun um 1 242 200 kr. eða 54,4%. Önnur rekstrargjöld hækka um 600 000 kr. og verða 1 100 000 kr. Er hér um að ræða hækkun sem nemur 120% frá fjárlögum 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 32 200 kr. og verða alls 122 700 kr. Sértekjur eru áætlaðar 4 744 400 kr., þ.e. sama fjárhæð og útgjöld stofnunarinnar, enda hefur Vinnuþéttir tekjur eftir gjaldskrá um þjónustustörf stofnunarinnar samkvæmt reglugerð nr. 183/1981. Í fjárlagatillögum félagsmálaráðuneytisins var gert ráð fyrir meiri hækkun rekstrarliða en frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en fjármál stofnunarinnar verða til nánari athugunar síðar með hliðsjón af ákvörðun um gjaldskrá fyrir hana á næsta ári.
- 971 Erfðafjár sjóður. Framlag til erfðafjár sjóðs nemur 9 000 000 kr. og er hér um að ræða hækkun að fjárhæð 3 000 000 kr. eða sem nemur 50% frá fjárlögum ársins 1981.
- 972 Bjargráðasjóður. Framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs Íslands verður 4 900 000 kr. sem er hækkun um 2 470 000 kr. eða 101,6% frá fjárlögum ársins 1981. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breytingu á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kvæðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Skal framlag ríkissjóðs nema 6,30 kr. fyrir hvern íbúa landsins og að auki fjárhæð sem svarar til 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárrí fjárhæð. Þetta lögbundna framlag ríkissjóðs hefur verið skert þannig að það hækkar sem nemur 40% frá fjárlögum 1981 og verður framlagið 3 400 000 kr. Þessu til viðbótar er sérstakt framlag að fjárhæð 1 500 000 kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar vegna greiðsluþyrðar Bjargráðasjóðs af harðerislánum teknum árið 1980.
- 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra verður 26 730 000 kr. og er það hækkun um 6 630 000 kr. eða 33% frá fjárlögum ársins 1981. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins, þ.e. að framlög til fjárfestingarsjóða hækki um 40% að hámarki og 33% að lágmarki.
- 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Liðurinn í heild hækkar um 1 480 000 eða 40,0%. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er í samræmi við launa- og verðlagshækkunir. Yfirfærslur hækka um 1 066 100 kr. eða 39,4%. Er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og 1981 að öðru leyti en því að tekinn er inn nýr liður, verndaðir vinnustaðir, og veittar til hans 350 000 kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins samþýli skiptist milli tveggja verkefna, þ.e. samþýlis að Sigluvogi 5 í Reykjavík, 170 000 kr., og Auðarstrætis 15, 294 000 kr. Félagsmálaráðuneytið mun fara þess á leit við fjárveitinganefnd að þessi framlög verði tekin til athugunar.
- 981 Vinnumál. Þessi liður hækkar um 2 815 500 kr. og verður 8 209 200 kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til Félagsdóms hækkar um 45 500 kr., framlag til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o.fl. hækkar um 375 000 kr., til byggingar orlofsheimila verkaldessamtakanna hækkar um 600 000 kr., til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu hækkar um 210 000 kr., framlag til orlofsheimila BSRB hækkar um 180 000 kr., til Félagsmálaskóla alþýðu hækkar um 350 000 kr. og framlag til hagdeildar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, BSRB og BHM hækkar um 300 000 kr. Næst er að nefna að framlag til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 7 000 kr., framlag til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála hækkar um 30 000 kr., ríkisábyrgð á

launum vegna gjaldþrota hækkar um 130 000 kr. og framlag til Alþýðusambands Íslands vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar um 8 000 kr. Þá hækkar framlag til námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum um 100 000 kr., þátttaka í starfi ILO hækkar um 16 000 kr., framlag til Sjómannadagsráðs hækkar um 14 000 kr., til BSRB vegna fræðslumála um 60 000 kr. og fræðslumál BHM um 12 000 kr. Liðurinn fræðslumál annarra hækkar um 13 000 kr. og liðurinn sjómannasamtök, lögskráning hækkar um 35 000 kr. Þá eru tekin upp tvö ný viðfangsefni, vinnuverndarár og verður framlag til þess 250 000 kr. og upp- lýsingastarfsemi um kjaramál verður 80 000 kr.

- 999 Ýmis framlög. Framlög hækka um 470 000 kr. og verður fjárveiting 5 566 000 kr. Eftirtaldir liðir eru til skýringar á hækkun framlagsins: Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga hækka um 80 000 kr., meðlög skv. lögum nr. 87/1947 hækka um 790 000 kr. og framlag til Leigjendasamtakanna hækkar um 10 000 kr. Þá lækkar framlag vegna alþjóðaárs fatlaðra um 500 000 kr. Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, þ.e. framlag til Félags heyrnarlausra og er fjár- veiting til félagsins 90 000 kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokk þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	2 882	4 106	1 224	42,5
Tryggingamál	1 396 156	2 159 418	763 262	54,7
Heilbrigðismál	417 081	618 393	201 312	48,3
Annað	3 971	5 205	1 234	31,1
Samtals	1 820 090	2 787 122	967 032	53,1
Þar af markaðir tekjustofnar	195 350	223 870	88 520	65,4

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru iðgjöld atvinnurekenda til líffeyrstrygginga sem hækka um 67 400 þús. kr. og verða 175 400 þús. kr., slysa- tryggingagjöld atvinnurekenda sem lækka um 590 þús. kr. og verða 8 000 þús. kr. Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 7 970 þús. kr. og verður 26 200 þús. kr., hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 40 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Sérlyfjagjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 150 þús. kr. Þá verður gjald af eyðublöðum heillaskeyta sömuleiðis óbreytt eða 20 þús. kr. Tekjur af samúð- arskeytum Landssímans hækka um 200 þús. kr. og verða 450 þús. kr. Einn nýr markaður tekjustofn rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra og verða tekjur sjóðsins af gjaldinu 13 500 þús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýr- ingar á hækkun framlaga til málefnaflokk heilbrigðis- og tryggingamálaráðu- neytisins.

- 101 Aðalskrifstofa. Heildarframlag nemur 4 105 800 kr. og er það 1 223 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun nema 2 987 800 kr. og er það hækkun um 962 500 kr. eða 47,5% frá síðustu fjárlögum. Ef frá er talin 77 000 kr. hækkun vegna nýrrar stöðu ritara er hækkun launa í samræmi við almennar launa- hækkunir. Önnur rekstrargjöld hækka um 333 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Hvorki er nú áætlað fyrir viðhaldi né gjaldfærð- um stofnkostnaði en þetta tvennt nam samtals 64 000 kr. í fjárlögum 1981, en á því ári flutti ráðuneytið í nýtt skrifstofuhúsnæði að Laugavegi 116. Að lokum eru sértekjur hækkaðar um 8 000 kr. frá fjárlögum 1981 og nema alls 28 000 kr.

- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1981 sýnd:

Almannatryggingar 1981 og 1982

(Í þús. kr.)

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
Slysatryggingar	8 590	8 000	+ 590	+ 6,9
Lífeyristryggingar	682 530	1 061 000	378 470	55,4
Sjúkratryggingar	641 000	1 002 000	361 000	56,3
Samtals	1 332 120	2 071 000	738 880	55,5

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingaiðgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 8 000 þús. kr. og lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er áætlað 175 400 þús. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 738 880 þús. kr. eða 55,5%. Verðlags-hækkun allra liða almannatrygginga er frá áætluðu meðalverðlagi eins og það var talið í fjárlögum ársins 1981 til áætlaðs meðalverðlags ársins 1982 í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Meginástæða þess að framlag til slysatrygginga lækkar, sbr. yfirlitið hér að ofan, er að iðgjöld til slysatrygginga nema nú 0,1% af launaskattsstofni ársins 1981 í stað 0,352% eins og áður var. Gert er ráð fyrir að slysatryggingaútgjöld umfram innheimtu markaðra tekna greiðist úr varasjóði slysatrygginga.

Heildarhækkun útgjalda til lífeyristrygginga er 378 470 þús. kr. eða 55,4% frá fjárlögum ársins 1981. Útgjöld til lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1981 og frumvarpi 1982 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1981 og 1982

(Í þús. kr.)

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun
1. Elli- og örorkulífeyrir	320 500	456 200	135 700
2. Tekjutrygging	175 700	295 000	119 300
3. Uppbót á lífeyri, vasapeningar o. fl.	38 500	70 400	31 900
4. Heimilisuppbót	15 500	26 800	11 300
5. Örorkustyrkur	25 500	38 000	12 500
6. Barnalífeyrir	20 000	29 700	9 700
7. Ekkju-, ekkla- og makabætur	19 500	27 900	8 400
8. Mæðra- og feðralaun	17 300	27 100	9 800
9. Fæðingarorlof	36 000	65 220	29 220
Bætur alls	668 500	1 036 320	367 820
10. Kostnaður	7 630	13 800	6 170
11. Til varasjóðs	6 400	10 880	4 480
Gjöld alls	682 530	1 061 000	378 470

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga stafa einkum af tvennu. Annars vegar er almennt gert ráð fyrir um 2% magnaukningu útgjalda vegna fjölgunar bótaþega. Hins vegar skýra almennar bótahækkunir á árinu 1980 og 1981 hina miklu hækkun þessa útgjaldaliðar í frumvarpinu. Í nóvember 1980 hækkuðu almennar bætur lífeyristrygginga um 8,5% og tekjutrygging um 10,0%. Ekki var áætlað fyrir þeirri útgjaldaaukningu sem af þessu stafar í fjárlögum 1981. Bótahækkunir sem orðið hafa á árinu 1981 eru 6,0% 1. mars (14,6% á tekjutryggingu), 8,1% 1. júní og 8,9% 1. september. Þá er áætluð 9,0% hækkun bóta 1. des. n. k. Á árinu 1982 er gengið út frá að vegin meðalhækkun verði 12,75% í hátt við launa- og verðlagsforsendu frumvarpsins. Þess ber að geta að hækkun einstakra bótaflokka er misjafnlega mikil. Þessu veldur að útgjalda-áætlunin fyrir árið 1982 er byggð á greiðslutölum fyrstu mánuði ársins 1981 og reikningsniðurstöðum 1980. Útgjöld vegna fæðingarorlofs skera sig nokkuð úr um hækkun eða um 81,2%, enda kemur sá bótaflokkur fyrst til útgreiðslu undir lífeyristryggingum á árinu 1981. Á sama hátt og gert var í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 og 1981 er einungis reiknað 1% varasjóðstillag og er þá sem fyrr miðað við að reglur um uppgjör sveitarfélaga á barnsmeðlögum verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1982 nema alls 1 002 000 þús. kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum 1981 er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1981 og 1982
(í þús. kr.)

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun
1. Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	446 000	692 300	246 300
2. Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra	24 000	34 300	10 300
3. Læknishjálpar	53 000	61 400	8 400
4. Lyf	82 000	158 900	76 900
5. Dagpeningar	22 500	40 000	17 500
6. Tannlækningar	29 000	45 300	16 300
7. Ýmis kostnaðir	50 000	75 300	25 300
8. Rekstrarkostnaður	10 850	12 000	1 150
9. Til varasjóðs	3 750	—	+ 3 750
	Samtals	1 119 500	398 400
Hlutur ríkissjóðs	641 000	1 002 000	361 000
Hlutur ríkissjóðs í %	88,9	89,5	

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 89,5% en hlutur sveitarfélaga um 10,5%. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi vegna aukins vægis sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar í heildarútgjöldum sjúkratrygginga. Hækkun á framlagi ríkissjóðs frá fjárlögum 1981 er 361 000 þús. kr. eða 56,3%. Við mat á hækkun framlags til sjúkratrygginga ber að hafa í huga að almennt er miðað við 2% magnaukningu útgjalda. Um hækkunir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum eru alls áætluð 692 300 þús. kr. og er það hækkun um 246 300 þús. kr. eða 55,2%. Margvíslegar hækkunir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda. Taxtar hækkuðu 1. des. 1980 um 10,9%, en í fjárlögum fyrir árið 1981 hafði sú hækkun verið áætluð 10%. Auk þess hafa eftirfarandi hækkunir orðið á árinu 1981:

1. janúar 3,2%, 1. mars 6,8%, 1. júní 9,3%, 1. júlí 3,9% vegna kjarasamnings við lækna og 1. september 8%. Þá er gert ráð fyrir að daggjöld hækki um 9% 1. desember n. k. og að vegin hækkun 1982 verði 12,75%. Áætlunin felur í sér að grunnrekstrargjöld sjúkrahúsanna án viðhalds nemi 652 300 þús. kr. en auk þess eru 40 000 þús. kr. ætlaðar til þess að mæta rekstrarbreytingum 1982 og til að mæta hugsanlegum halla á rekstri sjúkrahúsanna á árinu 1981. Á hliðstæðan hátt og í fjárlögum 1981 er ekki áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa í daggjöldum. Þess í stað er gert ráð fyrir 11 520 þús. kr. á fjárlagalið 08-381 til þess að standa undir þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrahúsa í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1978. Í ársbyrjun 1981 ákvað daggjaldanefnd að reikna sjúkrahúsum sérstakt daggjald vegna viðhalds. Á árinu 1981 greiðir ríkissjóður 85% þess gjalds en frá næstu áramótum er stefnt að því að þátttaka ríkissjóðs verði 50% í samræmi við lagaákvæði. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að erfitt er að áætla og meta rekstrarbreytingar á sjúkrahúsum sem rekin eru með daggjöldum. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra hefur að undanfögnu farið fram athugun á rekstri og sér í lagi starfsmannahaldi nokkurra sjúkrahúsa. Margt bendir til þess að heilbrigðisyfirvöld þurfi að hafa styrkari stjórn á rekstri sjúkrahúsa en nú er. Nokkuð hefur skort á að samræmis sé gætt á milli ákvarðana um rekstrarumsvif og fjármögnunar. Í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri standa fyrir dyrum verulegar rekstrarbreytingar, stofnun nýrra deilda og flutningur á vissum þáttum í starfsemi sjúkrahússins í nýtt húsnæði. Með tilliti til þessa er nú unnið að því að fjárveitingum til reksturs sjúkrahússins verði hagað á sama hátt og til ríkisspítala. Stefnt er að því að þessi breyting komi til framkvæmda um n. k. áramót. Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um vistgjöld á stofnunum þroskaheftra. Vistgjöld þessi eru færð sem sérliðir en þau hækka um 10 300 þús. kr. eða 42,9%. Sérstök nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins fjallar um þessi vistgjöld. Útgjöld til læknishjálpar aukast um 8 400 þús. kr., vegna lyfja um 76 900 þús. kr., til tannlækninga um 16 300 þús. kr. og vegna dagpeninga um 17 500 þús. kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 16—94%. Hin verulega hækkun lyfjakostnaðar frá fjárlögum 1981 er byggð á reynslutölu árána 1980 og 1981. Þess ber að geta að miðað er við að þátttaka sjúklinga í læknishjálpar og lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið. Um aðra liði sjúkratrygginga er ekki að fjölyrða en þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og áætlaða magnaukningu.

- 273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur 78 600 000 kr. og hækkar um 23 910 000 kr. frá síðustu fjárlögum. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 26 200 000 kr. og færist það jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs er tvöfalt framlag atvinnurekenda og hækkar það um 15 940 000 kr. frá fjárlögum 1981 og nemur alls 52 400 000 kr.
- 274 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlagið hækkar um 472 000 kr. og nemur samtals 9 818 000 kr. Áætlun ársins 1981 hefur nú verið endurskoðuð og tillit tekið til þess að umsóknir um eftirlaun skv. II. kafla laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra hafa reynst færri en ráð var fyrir gert við setningu laganna. Hækkun framlagsins er því innan almennra launahækkana en útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.
- 310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag nemur 2 566 000 kr. og er ætlað fyrir nýjum stöðum á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum á árinu 1982. Fjárveitinganefnd mun fjalla um ráðstöfun framlagsins eins og undanfarin ár.

- 321 Geislavarnir ríkisins. Heildarframlag nemur 222 600 kr. og skiptist þannig: Laun nema 262 800 kr., önnur rekstrargjöld nema 92 500 kr., til tækjakaupa eru ætlaðar 40 000 kr. og sértekjur eru áætlaðar 172 700 kr. Samkvæmt lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðlast gildi 1. ágúst 1982, starfrækir ríkið stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins. Stofnun þessi kemur í stað ýmissa stofnana er að hollustueftirliti starfa og eru Geislavarnir ríkisins þar á meðal. Má því búast við að þetta sé í síðasta sinn sem áætlað er fyrir Geislavörnum ríkisins á sérstökum fjárlagalið. Í fjárlögum 1981 var framlag til Geislavarna ríkisins fært undir fjárlagaliðinn 08-371, Landspítalinn.
- 323 Tryggingaeftirlitið. Útgjöld nema alls 1 106 300 kr. sem er hækkun um 346 800 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 265 900 kr., þar af um 115 000 kr. vegna nýrrar stöðu tölfræðings, en að öðru leyti í samræmi við almennar launahækkanir. Hækkun annarra rekstrargjalda, viðhalds og stofnkostnaðar er alls 80 900 kr., og er það í samræmi við verðlagsbreytingar og þarfnast ekki umfjöllunar. Sértekjur eru áætlaðar 1 106 300 kr. eða jafnar útgjöldum.
- 302, 311, 312, 371—377 Ríkisspítalar. Heildarfjárveiting nemur kr. 463 201,1 þús. kr. sem er hækkun um 156 179,2 þús. kr. frá fjárlögum 1981 eða um 50,9%. Launaliður nemur samtals 329 137,1 þús. kr. og skiptist á hinar ýmsu stofnanir samkvæmt eftirfarandi yfirliti. Einnig sést launakostnaður samkvæmt fjárlögum 1981 og hlutfallsleg hækkun frá þeim.

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Landspítali	109 611,3	173 770,4	64 159,1	58,5
Kvennadeild Landspítalans	15 259,9	28 088,0	12 828,1	84,0
Vífilsstaðaspítali	12 202,0	18 833,8	6 631,8	54,3
Kleppsspítali	35 278,2	50 919,7	15 641,5	44,3
Kópavogshæli	16 488,7	24 906,8	8 418,1	51,0
Gunnarsholt	1 172,5	1 754,0	581,5	49,6
Rannsóknastofa háskólans	8 200,8	12 835,9	4 635,1	56,5
Blóðbankinn	2 544,7	3 840,1	1 295,4	50,9
Skrifstofa ríkisspítala	4 066,9	6 722,7	2 655,8	65,3
Kristneshæli	5 086,6	7 465,7	2 379,1	46,7
Samtals	209 911,6	329 137,1	119 225,5	56,8

Launaliðurinn hækkar samtals um 119 225,5 þús. kr., eða 56,8%, sem er um 25 600 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Helstu skýringar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er hækkun vegna kjarasamninga við lækna í júní 1981 samtals um 10 200 þús. kr. Í öðru lagi var áætlað fyrir 40 stöðum á geðdeild Landspítalans hluta ársins 1981 en nú er áætlað fyrir þeim allt árið. Þetta er kostnaðarauki um 3 200 þús. kr. Í þriðja lagi er nú í fyrsta sinn greitt lífeyrisjóðsframlag af álagsvinnu og hefur það um 1 900 þús. kr. kostnaðarauka í för með sér. Í fjórða lagi hefur það hlutfall sem áætlað er fyrir ofan á fóst laun vegna veikinda- og afleysingastarfa ýmiss konar verið hækkað úr 17% í 18%. Þetta er gert vegna ýmissa óbeinna áhrifa í kjarasamningum á sl. ári og leiðir til um 1 800 þús. kr. kostnaðarauka. Í fimmta lagi koma til nýjar stöður sem sýndar eru í yfirliti hér á eftir. Samtals eru þetta 41 staða og er kostnaðarauki samfara því um 7 400 þús. kr. Í samanburði við fjárlög 1981 er ekki tekið tillit til þess

að síðla árs 1981 var tilfærð nokkur fjárhæð af liðnum 08-310 vegna 39 stöðugilda sem fjárveitinganefnd heimilaði. Aðrar umframhækkningar skýrast með flokka-tilfærslum.

Heildarstöðufjöldi — aukning

	Fjárlög 1981	Tilfærslur	Viðbætur		Stöður alls
			Af fjárl.lið 08-310	skv. frumv. 1982	
Landspítalinn	898,8	+13,25	5,0		917,05
Kvennadeild Landspítalans	114,5	+ 3,5	28,0		139,0
Vífilsstaðaspítali	116,9	+ 1,25			118,15
Kleppsspítali	297,7	+11,0			286,7
Kópavogshæli	178,2		2,0		180,2
Vistheimilið Gunnarsholti .	12,0				12,0
Rannsóknastofa háskólans	62,7				62,7
Blóðbankinn	21,7				21,7
Skrifstofa ríkisspítalanna .	41,5		1,0	2,0	44,5
Kristneshæli	44,9		3,0		47,9
Samtals	1 788,9	0	39,0	2,0	1 829,9

Í fjárlögum 1981 var almennt miðað við að yfirvinna næmi 21,5% af föstum launum grunnheimilda. Álagsgreiðslur voru miðaðar við 17,5% af sama stofni og 17% áætluð vegna veikinda og ýmiss konar afleysinga. Í frumvarpinu fyrir árið 1982 er miðað við sömu hlutfallstöðulur fyrir yfirvinnu og álagsgreiðslur en hlutfall vegna veikinda og afleysinga er hækkað í 18% eins og áður hefur komið fram. Frumvarpið felur því í sér 57% álag á föst laun grunnheimilda að jafnaði. Önnur rekstrargjöld hækka um 37 102,7 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Þetta er 43,4% hækkun og er umfram áætlaða verðlagsbreytingu vegna aukinnar starfsemi. Sértekjur hækka samtals um 10 200,0 þús. kr. frá fjárlögum 1981 eða 43,7%. Áætlun um rekstrargjöld og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu fimm mánuði ársins 1981 og útkomu ársins 1980. Hvort tveggja er á áætluðu verðlagi ársins 1982 og er hækkunin milli ára sýnd í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Rekstrargjöld	85 571,3	122 674,0	37 102,7	43,4
+ Sértekjur	23 343,0	33 543,0	10 200,0	43,7
Mismunur	62 228,3	89 131,0	26 902,7	43,2

Í fjárlögum 1981 nam fjárveiting til viðhalds ríkisspítala 9 462,0 þús. kr. Fjárveiting fyrir árið 1982 er alls 12 800,0 þús. kr. eða 3 338,0 þús. kr. hærri fjárhæð en 1981. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ. e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1981 alls 25 420,0 þús. kr. Heildarfjárveiting á árinu 1982 er 32 133,0 þús. kr. og er það hækkun á framlagi um 6 713,0 þús. kr. eða 26,4%, en þá er þess að geta að inni í tölunni fyrir 1981 voru 7 000 þús. kr. vegna kaupa á sneiðmyndatæki. Sé kostnaður vegna sneiðmyndatækis tekinn út úr bæði árin er hækkun til framkvæmda og tækjakaupa 52,7%.

Framlag til stofnkostnaðar skiptist þannig í þús. kr.:

A. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	
1. Geðdeild	7 591,0
2. Símsstöð	67,0
3. Sumargjöf, barnaheimili	665,0
4. K-bygging	1 000,0
5. Sjúkramóttaka	2 910,0
6. Tækjakaup	2 700,0
7. Stjórn og eftirlit	500,0
	<hr/>
	15 433,0
B. Sérstök tækjakaup	
1. Krabbameinstæki	3 200,0
2. Sneiðmyndataeki	4 000,0
	<hr/>
	7 200,0
C. Stjórnarnefnd ríkisspítala	
Til nýframkvæmda og tækjakaupa	9 500,0
	<hr/>
	Samtals 32 133,0

Fjárveitingu til viðhalds og stofnkostnaðar á vegum stjórnarnefndar ríkisspítalanna hefur ekki verið skipt. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd muni fjalla um skiptingu fjárveitingarinnar milli stofnana og á einstök verkefni í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

- 324 **Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.** Heildarframlag nemur 4 354 800 kr. sem er 1 597 100 kr. hærra en framlag í fjárlögum 1981. Laun hækka í samræmi við almennar launahækkanir eða um 563 800 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 120 000 kr., eða 72,2%, og er það umfram almennar verðlagsbreytingar. Samkvæmt lögum nr. 35/1980 ber stofnuninni að útvega ýmis hjálpartæki fyrir heyrnarskerta og málhalta. Stefnt hefur verið að því að stofnunin hafi jafnan nauðsynleg tæki til ráðstöfunar. Þetta skýrir hækkun annarra rekstrargjalda umfram verðlagshækkanir auk þess sem eftirspurn eftir ýmsum hjálpartækjum hefur verið mun meiri en áætlað var. Viðhald hækkar um 5 200 kr. og stofnkostnaður um 87 500 kr. Nemur fjárveitingin samtals 337 500 kr. og rennur til viðhalds og endurnýjunar tækjakosts stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 179 400 kr. og nema alls 459 400 kr. Vegur þar þyngst þáttur einstaklinga í kostnaði við kaup á heyrnartækjum o. fl.
- 381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Framlög til þessa liðar hækka um 6 631 200 kr. og nema samtals 72 751 200 kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 3 000 000 kr. og verður 53 000 000 kr. Fjárveitinganefnd mun gera tillögu um skiptingu þessa fjár svo sem venja er til. Framlag til röntgentækja hækkar um 112 000 kr., viðhald sjúkrahúsa um 2 520 000 kr. og framlög til heilsuverndarstöðva um 999 200 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1981. Við samanburð milli ára verður að taka tillit til þeirra verkefna sem nú færast á framkvæmdasjóð aldraðra en áður hafa verið kostuð á þessum fjárlagalið.
- 385 **Framkvæmdasjóður aldraðra.** Með lögum nr. 49/1981 er stofnaður framkvæmdasjóður aldraðra og skal sjóður þessi stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Tekjustofn sjóðsins á árinu 1981 er 9 500 000 kr. en

gert er ráð fyrir að um 8 000 000 kr. innheimtist á árinu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins á árinu 1982 verði 13 500 000 kr. og að ríkissjóður leggi jafnframt fram 11 000 000 kr. Samtals mun því sjóðurinn hafa til ráðstöfunar 24 500 000 kr. sem er u. þ. b. þrefalt hærra upphæð en varið er til samsvarandi verkefna á árinu 1981. Segja má því að sérstakt átak sé gert í þessum efnum á árinu 1982, þ. e. á alþjóðaári aldraðra. Auk þessa er í frumvarpinu, undir fjárlagalið 08-399-0158, gert ráð fyrir að 70 000 kr. verði varið til þess að vinna að ýmsum verkefnum á ári aldraðra hér á landi.

- 391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag er 32 518 500 kr. og nemur hækkun frá fjárlögum 11 089 800 kr. Laun hækka um 10 328 800 kr. eða 53,6%, og er það umfram almennar launahækkunar. Skýringin er sú að nú er áætlað fyrir fjórum fleiri læknisstöðum og sex fleiri stöðum hjúkrunarfræðinga en í fjárlögum fyrir árið 1981. Frumvarp þetta miðast því við eftirtaldir stöður: 80 læknastöður, 65 stöður hjúkrunarfræðinga, 12,5 stöður ljósmæðra og eina stöðu tannlæknis. Að frátalinni stöðufjölgun hækka laun í samræmi við almennar launahækkunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 229 000 kr. sem er í samræmi við verðlagsbreytingar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar samtals um 532 000 kr.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Fjárveiting til þessa liðar verður 11 292 900 kr. eða sem nemur 2 361 700 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað frá fjárlögum 1981 og ber þar fyrst að nefna hækkanir á framlögum til einstakra liða: Norræn samvinna í lyfjasöllumálum 10 200 kr., Evrópska lyfjaskráin 12 200 kr., kostnaður samkvæmt farsótt- og sóttvarnalögum 235 600 kr., matvælarannsóknir 20 000 kr., Manneldisráð 38 600 kr., kynsjúkdómavarnir 25 300 kr., kostnaður vegna laga nr. 25/1975 66 900 kr., Minningarsjóður Landspítalans 196 000 kr., rhesusvarnir 55 600 kr., blóðrannsóknir ungbarna 71 800 kr., kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun 22 400 kr., ljósmæðralaun 491 400 kr., skólar heilbrigðisstétta 501 100 kr., lyfsölusjóður 40 000 kr., útbreiðsla atvinnusjúkdóma 23 100 kr., rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa 16 500 kr., lyfjaverðlagsnefnd 55 300 kr., lyfjanefnd 173 500 kr., eiturefnanefnd 43 900 kr. og daggjaldanefnd 37 300 kr. Auk þess koma þrjú nýir liðir nú til útgjalda en þeir eru: MS-félag Íslands 20 000 kr., erfðafræðinefnd H. Í. 180 000 kr. og alþjóðaári aldraðra 70 000 kr. Að lokum falla niður frá fjárlögum starfs-laun Ófeigs J. Ófeigssonar 45 000 kr. en aðrir liðir eru óbreyttir.
- 471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Fjárveiting til sjóðsins verður 2 392 000 kr. og er það 560 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981, en hún kemur öll til hækkunar á viðfangsefninu, gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.
- 501 **Ljósmæðraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans verður 894 900 kr. eða sem nemur 121 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Launaliðurinn sýnir 101 000 kr. hækkun eða aðeins 13,9% en það stafar af því að mjög stór hluti (80%) af launakostnaðinum hefur verið nemalaun, en á árinu 1982 er ekki gert ráð fyrir inntöku nýrra nema. Aðrir útgjaldaliðir hækka í samræmi við verðlagsbreytingar, eða um 18 000 kr. en sértekjur lækka um 2 000 kr.
- 502 **Proskapjálfskóli Íslands.** Framlag til Proskapjálfskóla Íslands hækkar um 402 900 kr. frá fjárlögum 1981 og verður 1 110 700 kr. Laun hækka um 327 700 kr. eða 57,8% og stafar það að hluta af því að tekin hefur verið inn 70% staða

fulltrúa en að öðru leyti vegna launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 94 200 kr. eða 120,1%, en það er u. þ. b. 62 900 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar og er þá tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings 1980. Viðhald lækkar um 19 000 kr., en gjaldfærður stofnkostnaður er óbreyttur og nemur alls 23 000 kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög		Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	10 392	15 563	5 171	49,8
Tolla- og skattheimta	48 745	68 817	20 072	41,2
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirl.	69 280	104 797	35 517	51,3
Annað	456 320	510 372	44 052	11,8
Samtals	584 737	699 549	114 812	19,6
Þar af markaðir tekjustofnar	6 000	9 500	3 500	58,3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka fjármálaráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til reksturs skrifstofu hins almenna ráðuneytis verður 8 163 100 kr. og hækkar um 2 679 700 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 2 069 100 kr., þar af eru 120 000 kr. vegna ráðningar lögfræðings í launadeild ráðuneytisins, 129 200 þús. kr. vegna stöðu fulltrúa á aðalskrifstofu, en staða þessi var heimiluð af Ráðningarnefnd á árinu 1981. Niður falla laun aðstoðarmanns ráðherra en fyrir þeim er nú áætlað á liðnum 00-301, Ríkisstjórn. Að öðru leyti er um almennar launahækkunir að ræða. Önnur rekstrargjöld og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 640 600 kr., og verða 2 030 600 kr., sem er í samræmi við forsendur frumvarpsins. Viðhald sem var 30 000 kr. í fjárlögum 1981 fellur nú niður.
- 105 Ríkisbókhald. Framlag hækkar um 2 037 800 kr. og verður 5 847 900 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 442 200 kr., sem er u. þ. b. 305 000 kr. umfram almennar launabreytingar, og er skýring þessarar hækkunar sú að gert er ráð fyrir fjárveitingu til tveggja nýrra deildarstjórastaða. Hækkun annarra rekstrarliða er samtals að fjárhæð 595 600 kr., og er hækkunin í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins.
- 202—211 Skattstofur. Hækkun fjárveitinga til reksturs skattstofanna nemur samtals 8 657 300 kr. og verður fjárveiting 28 094 300 kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 7 712 200 kr., þar af eru 52 600 kr. vegna fjölgunar um 0,5 stöðugildi ritara á Skattstofu Norðurlands vestra, Siglu-firði. Að öðru leyti skýrist hækkunin af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 869 200 kr., og verða 3 000 600 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 59 000 kr. og verður 253 500 kr. Þar af eru 121 500 kr. til viðhalds á skattstofunni á Ísafirði, en áformað er að 90 000 kr. verði varið til viðhalds á húseigninni Skólagata 10, Ísafirði og 31 500 kr. í viðhald á embættisbústað skattstjórans þar á staðnum. Að öðru leyti er hækkun viðhaldsliðar í samræmi við almennar verðlagsbreyt-

ingar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 101 500 kr. og verður 267 400 kr., þar af eru 60 000 kr. áætlaðar til skattstofu Austurlands vegna kaupa á skrifstofuhúsgögnum. Þá hækka sértekjur um 84 600 kr. og verða 253 300 kr.

Sumarið 1981 var í samvinnu fjármálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar unnið að athugun á mannaflapörf hveurrar skattstofu fyrir sig. Gengið var út frá eftirfarandi: a) Ekki yrði um að ræða fjölgun stöðugilda í skattkerfinu frá því sem nú er og var þá m. a. höfð í huga aukin tölvuvæðing. b) Stöðugildum yrði skipt niður á hverja skattstofu m.t.t. fjölda framteljenda í hverju skattumdæmi. c) Hverju framtali var gefið ákveðið vægi eftir því hvers eðlis framtalið var, t. d. einstaklingsframtal, einstaklingar í rekstri, félagaframtöl o. s. frv. Niðurstaða fyrrnefndrar athugunar var á þá leið að talsverður tilflutningur stöðugilda þarf að eiga sér stað milli skattstofanna innbyrðis ef jafna á álag þeirra á milli. Nú eru hins vegar fyrirhugað að leggja fram frumvarp um staðgreiðslu skatta á Alþingi. Ljóst er að verði sett lög um staðgreiðslu skatta kallar það á breytingu á starfsemi skattstofanna og mannaflapörf þeirra.

- 214 Ríkisskattanevnd og skattsektanevnd. Fjárveiting hækkar alls um 523 300 kr. og verður 1 731 200 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 455 000 kr. og er þá gert ráð fyrir sex stöðugildum eins og í fjárlögum 1981, en lög nr. 7/1980 kveða svo á að sex menn skuli eiga sæti í ríkisskattanevnd og tveir nefndarmanna hafi störfín að aðalstarfi. Önnur gjöld hækka samtals um 68 300 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.
- 261 Tollstjórnin í Reykjavík. Í fjárlögum 1981 voru rekstrarliðir Tollstjórnans í Reykjavík sýndir viðfangsefnaskiptir. Skiptingin var á þann veg að rekstur tollstöðvarhússins var sýndur sem sérstakt viðfangsefni. Nú er rekstur þess hins vegar færður í B-hluta frumvarpsins, fjárlaganúmer 29-934. Að frádregnum rekstri tollstöðvarhússins í fjárlögum 1981 breytast rekstrarliðir Tollstjórnans í Reykjavík sem hér segir: Framlag verður 10 534 800 kr. sem er hækkun um 3 334 200 kr. Hækkun skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar um 2 599 800 kr. og verður 8 338 400 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 710 400 kr. og verða 2 130 400 kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 14 000 kr. og verða 66 000 kr. Sértekjur við stofnunina falla niður en þær námu 1 739 800 kr. í fjárlögum 1981, þar af 1 729 800 vegna reksturs tollstöðvarhússins.
- 263 Tollgæslan. Framlag hækkar um 3 408 200 kr. og verður 12 519 100 kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhaldsliður hækka samtals um 3 369 800 kr., og verða 12 720 500 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 267 000 kr. og verður 377 000 kr., þar af eru 350 000 kr. sem verja á til kaupa á lokuðu sjónvarpskerfi í Sundahöfn. Sértekjur hækka um 228 600 kr. og verða 578 400 kr.
- 381 Uppbætur á lífeyri. Liður þessi hækkar um 35 288 300 kr. og verður 102 723 300 kr. Hækkun fjárveitingar er u. þ. b. 6 300 000 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar og er skýringin sú að við ákvörðun framlags var höfð hliðsjón af raunverulegum útgreiðslum á lífeyri fyrstu sex mánuði ársins 1981.

- 402 **Fasteignamat ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 1 084 900 kr. og verður 4 596 800 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka samtals um 1 444 000 kr. sem er í samræmi við almennar launahækkunarir. Önnur rekstrar-gjöld hækka um 947 500 kr. sem er u. þ. b. 320 000 kr. umfram almennar verð-lagsforsendur og er skýring þessarar hækkunar sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Viðhald og gjaldfærður stofn-kostnaður hækka samtals um 50 000 kr. og verða 200 000 kr. Sértekjur stofn-unarinnar hækka um 1 356 600 kr. og verða 2 756 600 kr. Hér er um að ræða hækkun sértekna um 96,9% frá fjárlögum 1981 og hefur þá verið höfð hliðsjón af reikningsútkomu sértekna árið 1980.
- 981 **Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða sem er vegna byggingar skrifstofuhúsnæðis í Hafnarfirði. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var heimildarákvæði um lántöku vegna byggingar húsnæðis fyrir Skattstofu Reykjaness. Fjárveiting til byggingar hússins er að fjárhæð 3 600 000 kr.
- 989 **Vegna launa og verðlagsmála.** Til þess að mæta launabreytingum á árinu 1982 í samræmi við frumvarpsforsendur eru nú veittar 270 000 000 kr. á þessum lið. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1981 var 259 700 000 kr. Í fjárlögum 1981 voru veittar 18 000 000 kr. til þess að mæta óvissupáttum. Að þessu sinni eru áætlaðar undir þessum lið 140 000 000 kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum.
- 999 **Ýmislegt.** Fjárveiting hækkar um 14 216 600 kr. og verður 53 957 500 kr. sem er hækkun um 35,7% frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 214 500 kr. og verða 817 500 kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2 544 000 kr. og verða 11 214 000 kr., gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 000 000 kr. en ekki var áætlað fyrir stofn-kostnaði í fjárlögum 1981. Framlag til fyrirtækja í B-hluta hækkar um 230 000 kr. og verður 2 050 000 kr., þá fellur niður framlag til fyrirtækja og atvinnu-vega en fjárveiting var 800 000 kr. 1981. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 11 028 100 kr. og verður 38 876 000 kr. Verður nú nánar vikið að ein-stökum viðfangsefnum: Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld hækka um 1 389 300 kr., til kaupa á dagblöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar-innar hækkar um 850 000 kr., ýmis sameiginlegur kostnaður hækkar um 120 000 kr. Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 1 744 000 kr., kostnaður við kjarasamninga hækkar um 154 200 kr., þá hækkar liðurinn dómkröfur og málskostnaður um 400 000 kr. og þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 76 000 kr. Framlag til lífeyrissjóðs sjómanna hækkar um 50 000 kr. og til lífeyrissjóðs bænda hækkar um 2 016 000 kr. Liðurinn óviss útgjöld hækkar um 7 012 100 kr. og verður 28 000 000 kr., þar af er áformað að verja 1 500 000 kr. til viðgerðar og lagfæringa á húseigninni Laugavegur 166. Fjár-veiting vegna húseignarinnar Borgartún 6 hækkar um 230 000 kr. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp og er það liðurinn húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra og nemur fjárveiting til þessa verkefnis 1 000 000 kr. Liður þessi er eins og nafnið bendir til ætlaður til að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð í opin-berum stofnunum. Fjárveiting til eins viðfangsefnis lækkar frá fjárlögum 1981 og er það liðurinn millipinganefndir sem lækkar um 25 000 kr. Þá fellur út liðurinn Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána, en áætlað er fyrir þessum kostnaði undir fjárlagalið 15-991, Ýmis lán ríkissjóðs. Framlag vegna þessa nam 800 000 kr. á fjárlögum 1981.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1981	1982	þús. kr.	%
Yfirstjórn	1 778	2 687	909	51,1
Vegamál	388 000	566 330	178 330	46,0
Önnur samgöngumál	159 236	210 573	51 337	32,2
Samtals	549 014	779 590	230 576	42,0
Þar af markaðir tekjustofnar	248 790	369 830	121 040	48,7

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins hækka sem hér segir: Bifreiðaskattur hækkar um 32 000 þús. kr. og verður 97 200 þús. kr., gúmmígjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 900 þús. kr. Innflutningsgjald af bensini hækkar um 84 700 þús. kr. og verður 252 700 þús. kr. Vitagjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 180 þús. kr., skipaskoðunargjald hækkar um 240 þús. kr. og verður 450 þús. kr. Flugvallargjald hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. Þá hækkar sérleyfisgjald um 100 þús. kr. og verður 400 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Framlag verður 2 686 800 kr. og er það 908 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Útgjaldahækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 716 500 kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkarnir. Tekin er inn hálf staða ritara, 46 400 kr., sem er nýtt. Auk þess eru reiknuð heils árs laun viðskiptafræðings sem ráðinn var um mitt ár 1981, en það skýrir um 65 400 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 192 000 kr. sem er í samræmi við forsendur um almenna verðlagsbreytingu.
- 211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 178 330 000 kr., eða 45,9% frá fjárlögum 1981 og nemur gjaldatala því alls 566 330 000 kr. Markaðar tekjur til vegagerðar, þ. e. bensíngjald, gúmmígjald og bifreiðaskattur nema 350 800 000 kr., og er það í samræmi við tekjuáætlun frumvarpsins. Ráðgerð er lántaka til vegagerðar alls 200 000 000 kr., eins og fram kemur í yfirliti um lántökur. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur því 15 530 000 kr., en þar af renna 330 000 kr. til að styrkja vetrarsamgöngur. Heildarframlag til vegagerðar jafngildir 2,1% vergrar þjóðarframleiðslu. Stefna Alþingis gerir ráð fyrir að auka framlag að magni til um sem nemur 0,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Gera verður ráð fyrir, ef útgjöld til vegamála verða aukin, að Alþingi samþykki samsvarandi tekjuaukningu.
- 321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipautgerðar ríkisins nemur 5 890 100 kr., eða 33,9%, og verður alls 23 250 000 kr. Rekstur stofnunarinnar er áætlaður á verðlagi ársins 1982. Launaliður hækkar um 4 349 000 kr., eða 23,6%, sem er verulega undir almennri launaþróun, enda þótt gert sé ráð fyrir rekstri þriggja skipa, Esju, Heklu og eins leiguskipis, allt árið 1982. Lækkun launa skýrist af fækkun í íslenskri áhöfn á leiguskipinu vegna breyttra leiguskilmála. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 994 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Viðhald lækkar um 290 700 kr. og nemur alls 1 831 300 kr. Um rekstur skipautgerðar er ekki fjallað frekar enda munu málefni fyrirtækisins koma til umfjöllunar hjá fjárveitinganefnd fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982. Til fjárfestingar hjá fyrirtækinu er fyrirhuguð 40 000 000

kr. lántaka til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins, sbr. greinargerð um lánahreyfingar. Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1981, en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda.

- 331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Framlag til aðalskrifstofu Vita- og hafnarmála verður 3 556 800 kr. sem felur í sér 530 600 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Hækkun einstakra gjaldaliða er eftirfarandi: Laun hækka um 1 572 400 kr., eða 50,7%, og er það umfram launahækkanir. Þetta skýrist af aukinni vinnu verk- og tæknifræðinga við verk sem stofnunin selur út. Önnur rekstrargjöld hækka um 288 200 kr. og viðhald um 10 000 kr. Báðir þessir liðir hækka í samræmi við verðlagsbreytingar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 kr., nemur alls 40 000 kr. og rennur til endurnýjunar skrifstofuvéla og búnaðar. Framlag til B-hluta, þ. e. áhaldahúss vitamálastjórnar, nemur 800 000 kr. og er það 350 000 kr. hærrí fjárhæð en í fjárlögum 1981. Fjárframlagið er ætlað til að bæta aðstöðu starfsmanna áhaldahússins og ljúka byggingu starfsmannahúss. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 700 000 kr. og nema alls 3 000 000 kr., og er þetta af ástæðum sem þegar er getið.
- 332 Vitamál.** Fjárveiting til vitamála nemur 9 808 900 kr. og er það 2 950 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Útgjaldabreytingin skýrist þannig í meginráttum: Laun og rekstrargjöld hækka um 2 330 500 kr. og er það hækkun í samræmi við verðlagsbreytingar. Viðhald hækkar um 320 000 kr. og nemur alls 1 200 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 000 kr., eða 50%, og verður alls 1 500 000 kr. sem renna til vitabygginga. Sértekjur hækka um 200 000 kr., en þær eru tvíþættar. Annars vegar hlutdeild Veðurstofu Íslands í launum vitavarda og hins vegar þjónusta við innsiglingaljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af. Með lögum nr. 56/1981 um vitamál eru ákvæði um Vitastofnun Íslands og verkefni þeirrar stofnunar. Samgönguráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar um skipulag og starfshætti stofnunarinnar. Reglugerð um vitagjöld sem innheimta skal samkvæmt lögum hefur enn ekki verið sett.
- 333 Hafnarmál.** Fjárveiting til hafnarmála verður 65 351 700 kr. Er það heildarhækkun sem nemur 14 660 100 kr. og skiptist þannig á einstaka liði:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun kr.	%
Til hafnarrannsóknna og mælinga ..	400 000	600 000	200 000	50,0
Hafnarmannv. og lendingarbætur	31 915 000	40 850 000	8 935 000	28,0
Ferjubryggjur og sjóvarnargarðar	1 140 000	1 470 000	330 000	28,9
Landshafnir	3 045 080	3 186 700	141 620	4,7
Hafnabótasjóður	3 191 500	4 245 000	1 053 500	33,0
Hafnarframkv. vegna skipaðnaðar	11 000 000	15 000 000	4 000 000	36,4
Samtals	50 691 580	65 351 700	14 660 120	28,9

Framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækka um 8 935 000 kr., eða 28,0%, og er það í samræmi við hækkun framlaga til stærri framkvæmdaflokka. Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 1 053 500 kr., eða 33,0%, og hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Liðurinn landshafnir hækkar um 141 620 kr., en hann nær bæði til endurgreiðslu lána og framkvæmda við landshafnir. Framlag til hafnarframkvæmda vegna skipaðnaðar nemur 15 000 000 kr. og hækkar um 4 000 000 kr. frá fjárlögum 1981. Á sama hátt og 1981 er aflað lánsfjár vegna þessa framkvæmdaflokks.

- 471 **Flugmálastjórn.** Fjárveiting til stofnunarinnar verður 65 289 600 kr. sem er hækkun framlags um 18 121 000 kr., eða 38,4%, frá fjárlögum ársins 1981. Fjárveitingin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 8 320 500 kr., og verða 26 092 400 kr., sem er 564 700 kr. umfram almennar launahækkunarir. Hér er um 4 ný stöðugildi að ræða en 3 stöður eru fluttar af öðrum dagvinnulaunum, þannig að aukning fastráðinna starfsmanna er alls 7. Önnur rekstrargjöld verða 10 991 200 kr., sem er hækkun um 3 463 000 kr., eða hækkun um 452 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald verður 1 800 000 kr. og hækkar um 421 500 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 31 076 000 kr., og hækkar hann um 8 226 000 kr., sem er hækkun umfram almennar forsendur um fjárveitingar til framkvæmdaframlaga. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis geri tillögu um skiptingu fjáris milli einstakra framkvæmda. Framlag til einstaklinga og samtaka, sem var 40 000 kr., fellur niður. Sértekjur eru áætlaðar 4 670 000 kr. sem er hækkun um 2 270 000 kr., eða 94,5% og hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980.
- 485 **Ýmis framlög.** Fjárveiting til þessa liðar hækkar um 279 000 kr. frá fjárlögum 1981 og verður 1 015 000 kr., en hún skiptist þannig á eftirfarandi viðfangsefni: Flugbjörgunarsveitir 70 000 kr. og er það hækkun um 20 000 kr., Slysavarnafélag Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 875 000 kr., eða 249 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981 og velferðarráð sjómanna 70 000 kr., sem felur í sér 10 000 kr. hækkun.
- 651 **Ferðamál.** Framlag vegna launa nemur alls 852 300 kr. en það er hækkun um 365 000 kr., eða 74,9%, frá fjárlögum 1981. Launahækkunin skýrist af því að tekin eru inn laun starfsmanns sem vinnur að markaðs- og landkynningarmálum, 150 000 kr. en að öðru leyti skýrist hækkun launa af almennri taxtabreytingu. Önnur rekstrargjöld eru 820 000 kr. og hækka um 240 000 kr. í samræmi við verðlagsbreytingar. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur 1 327 700 kr. Framlög til launa, rekstrargjalda og stofnkostnaðar eru í samræmi við það fé sem stofnuninni er ætlað af áætluðu skilafé Frihafnarinnar í Keflavík. Mikil óvissa ríkir varðandi umferð um Keflavíkurflugvöll á árinu 1982, en í þessari áætlun er við það miðað að til stofnunarinnar renni 30% af skilafénu, alls 3 000 000 kr. Auk þess renna 330 000 kr. til Ferðamálasjóðs og hefur þá framlagið verið lækkað um 70 000 kr. frá því sem kveðið er á um í lögum um Ferðamálasjóð. Þá eru stofnuninni áætlaðar 80 000 kr. í sértekjur.
